Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Fundargerðabók Félags vefnaðarvörukaupmanna 9. janúar 1932 til 28. janúar 1948, almennir fundir

Kaupmannasamtök Íslands – Fundargerðir – Félag vefnaðarvörukaupmanna – Almennir fundir

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

borgarskjalasafn.is

Einkaskjalasafn nr. 316
Flokkur A - Fundargerðir
Askja A-13

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Félag vefnaðarvörukaupmanna
í Reykjavík

Almennir fundir. I

9. jan. 1932 – 28. jan. 1948

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands. Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# L Ö G

Félags vefnaðarvörukaupmanna ~~í Reykjavík~~.

(9. jan. 1932 og 20.nóv. 1942).

---------

1. gr.

Nafn félagsins er "Félag vefnaðarvörukaupmanna ~~í Reykjavík~~", og heimilisfang þess er Reykjavík.

2. gr.

Stefna félagsins er, að efla samvinnu meðal vefnaðarvörukaupmanna og stuðla að því að verslun í landinu sé rekin á heilbrigðum grundvelli.

3. gr.

Starfssvið félagsins verður fyrst um sinn meðal annars að koma á fundarsamþykktum um eftirfarandi atriði: Verðlag, Lokun sölubúða, Auglýsingar, Afslátt, Útsölur, Lánveitingar, og að gæta hagsmuna stéttarinnar yfirleitt. Fundarsamþykktir eru því aðeins lögmætar, að þær fái 3/4 hluta greiddra atkvæða.

4. gr.

Félagar geta allir orðið, sem hafa verzlunarleyfi og opna sölubúð og verzla með vefnaðarvörur.

Til þess að geta orðið félagi, þarf þó 3/4 greiddra atkvæða. Stjórn félagsins getur einnig gert mann að félaga utan fundar ef 4/5 stjórnarinnar eru honum meðmæltir. Ef félagi hættir að verzla með vefnaðarvörur í 1 ár er hann sjálfkrafa úr félaginu.

Félagi getur sagt sig úr félaginu með 3 mánaða uppsagnarfresti fyrir aðalfund. Þó getur félagi sagt sig úr félaginu fyrirvaralaust eftir að hafa talað við stjórnina, ef gerðar hafa verið samþykktir, sem hann ekki sér sér fært að halda. Verði einhver félagsmaður uppvís um að brjóta lög félagsins eða að vinna á móti hagsmunum félagsmanna, er hann réttrækur úr félaginu, þó þarf til þess samþykki 3/4 fundarmanna. Öllum félagsmönnum er skylt að gefa stjórninni þær upplýsingar, sem hún kann að óska um einstaka viðskiftamenn, þegar um verndun sameiginlegra hagsmuna er að ræða.

5. gr.

Árstillag skal fyrst um sinn vera kr. 50.oo, er greiðist fyrirfram.

6. gr.

Stjórn skipa 5 menn, formaður og fjórir meðstjórnendur. Tveir menn skulu kosnir í varastjórn.

Formaður og varastjórnendur skulu kosnir til eins árs í senn, en meðstjórnendur til tveggja ára, þó þannig, að tveir af þeim víki úr stjórn eftir hlutkesti á næsta aðalfundi. Formaður skal kosinn sérstaklega. Stjórnin getur skipað félagsmenn í nefndir sér til aðstoðar.

7. gr.

Aðalfundur skal haldinn í nóvembermánuði ár hvert. Skal boða til hans í ábyrgðarbréfi með 1 viku fyrirvara. Aðalfundur er lögmætur, ef löglega er til hans boðað. Breytingar á lögum félagsins má því aðeins gera, að þess hafi verið getið í fundarboðinu.

Á aðalfundi skal skýrt frá starfi og hag félagsins, kosin stjórn og 2 endurskoðendur. Lagabreytingar má aðeins gera á aðalfundi og þurfa að öðlast 3/4 hluti greiddra atkvæða viðstaddra félagsmanna.

8. gr.

Ef félagið verður leyst upp skal sjóður þess, ef nokkur er, renna til Styrktar- og sjúkrasjóðs verzlunarmanna. Til þess að leysa félagið upp þarf samþykki aðalfundar og 3/4 atkvæða viðstaddra fundarmanna.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Að tilhlutun Verzlunarráðs Íslands, boðaði hr. kaupm. Haraldur Árnason nokkra vefnaðarvörukaupmenn hjer í bæ á fund 29/12-1931, til þess að athuga hvort gjörlegt þætti að stofna fjelag sín á milli.

Á fundi þessum voru þeir kaupm. Jón Björnsson, Haraldur Árnason, Ragnar Blöndal, Sig. B. Sigurðsson og Árni Árnason kosnir í nefnd til þess að undirbúa stofnun fjelagsins, og koma með frumvarp til laga fyrir það.

Hinn 9. jan. 1932 kl. 5, boðaði nefndin vefnaðarvörukaupmönnum bæjarins á fund í Kaupþingssalnum, á fundinum mættu 20 kaupmenn. Haraldur Árnason var kosinn fundarstjóri og tók hann Árna Árnason sjer til fundarritara. Las fundarstjóri upp frumvarp til laga fyrir fjelagið og voru lögin samþykt með öllum greiddum atkvæðum nema 7. gr. og kom fram svohljóðandi breytingartillaga frá Axel Ketilssyni:
Í staðinn fyrir „og er löglegur hversu fáir sem sækja hann“ skuli koma: „og er löglegur ef 1/3 hluti fjelagsmanna mæta auk þeirra stjórnarmeðlima sem í bænum eru og mætt geta. Verði aðalfundur ekki lögmætur skal boðað til nýs aðalfundar innan

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hálfsmánaðar og er hann þá lögmætur hversu fáir sem mæta.

Lög fjelagsins eins og þau voru samþykt á fundinum:

1. gr.

Nafn fjelagsins er „Fjelag Vefnaðarvörukaupmanna í Reykjavík“ og heimilisfang þess er Reykjavík.

2. gr.

Stefna fjelagsins er, að efla samvinnu meðal vefnaðarvörukaupmanna, og stuðla að því að verzlun í landinu sje rekin á heilbrigðum grundvelli.

3. gr.

Starfssvið fjelagsins verður fyrst um sinn meðal annars, að koma á fundarsamþyktum um eftirfarandi atriði: Verðlag, Lokun sölubúða, Auglýsingar, Afslátt, Útsölur, Lánveitingar, og að gæta hagsmuna stjettarinnar yfirleitt. Fundarsamþyktir eru því aðeins lögmætar, að þar fái

3/4 hluta greiddra atkvæða.

4. gr.

Fjelagar geta allir orðið sem hafa verzlunarleyfi og opna sölubúð og verzla með vefnaðarvörur.
Til þess að geta orðið fjelagi þarf þó 3/4 greiddra atkvæða. Stjórn fjelagsins getur einnig gert mann að fjelaga utan fundar ef 4/5 stjórnarinnar eru honum meðmæltir.
Ef fjelagi hættir að verzla með vefnaðarvörur í 1 ár er hann sjálfkrafa úr fjelaginu.
Fjelagi getur sagt sig úr fjelaginu með 3 mánaða uppsagnarfresti fyrir aðalfund.
Þó getur fjelagi sagt sig úr fjelaginu fyrirvaralaust eftir að hafa talað við stjórnina, ef gerðar hafa verið samþyktir, sem hann ekki sjer sjer fært að halda.
Verði einhver fjelagsmaður uppvís um að brjóta lög fjelagsins eða að vinna á móti hagsmunum fjelagsmanna, er hann rjettrækur úr fjelaginu, þó þarf til þess samþykki 3/4 fundarmanna.
Öllum fjelagsmönnum er skylt að gefa stjórninni þær upplýsingar sem

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hún kann að óska um einstaka viðskiftamenn þegar um verndun sameiginlegra hagsmuna er að ræða.

5. gr.

Árstillag skal fyrst um sinn vera Kr. 25.00 er greiðist fyrirfram. Inntökugjald er Kr. 10.00.

6. gr.

Stjórn skipa 5 menn, formaður og fjórir meðstjórnendur. Tveir menn skulu kosnir í varastjórn.
Formaður og varastjórnendur skulu kosnir til eins árs í senn, en meðstjórnendur til tveggja ára, þó þannig, að tveir af þeim víki úr stjórn eftir hlutkesti á næsta aðalfundi. Formaður skal kosinn sjerstaklega. Stjórnin getur skipað fjelagsmenn í nefndir sjer til aðstoðar.

7. gr.

Aðalfundur skal haldinn í nóvember ár hvert, og er löglegur, ef 1/3 hluti fjelagsmanna mæta, auk þeirra stjórnarmeðlima sem í bænum eru og mætt geta. Verði aðalfundur ekki löglegur skal boðað til nýs aðalfundar innan hálfsmánaðar og er hann þá löglegur hversu fáir sem mæta.
Á aðalfundi skal skýrt frá starfi og hag fjelagsins, kosin stjórn og 2 endurskoðendur.
Lagabreytingar má aðeins gera á aðalfundi og þurfa að öðlast 3/4 hluti greiddra atkvæða viðstaddra fundarmanna.
Til aðalfundar skal boða með 1 viku fyrirvara með brjefspjaldi.

8. gr.

Ef fjelagið verður leyst upp skal sjóður þess, ef nokkur er renna til Styrktar og sjúkrasjóts verzlunarmanna.
Til þess að leysa fjelagið upp þarf samþykki aðalfundar og 3/4 atkvæða viðstaddra fundarmanna.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eftir að lögin höfðu verið samþykt var gengið til stjórnarkosningar og kosnir endurskoðendur. Haraldur Árnason baðst undan að verða kosinn í stjórn og var það tekið til greina. Fyrst var kosinn formaður og hlaut Jón Björnsson kosningu með 17 atkvæðum. Því næst voru kosnir meðstjórnendur og fóru kosningar þannig, að Ragnar Blöndal var kosinn með 17 atkvæðum, Árni Árnason með 14, Axel Ketilsson með 9 og Sigríður Björnsdóttir með 8 atkvæðum. Þorst. Þorsteinsson fjekk 7 og Sig. B. Sigurðsson 7 atkv. Kom fram tillaga um að þeir Þorst. Þorsteinsson og Sig. B. Sigurðsson væru löglega kosnir í varastjórn, þar sem þeir höfðu fengið næst flest atkv. við stjórnarkosningu, og var hún samþykt með öllum greiddum atkvæðum. Þá voru kosnir endurskoðendur, og hlutu þeir kosningu, Ásgeir Gunnlaugsson með 15 og Jón Helgason með 10 atkvæðum.

Annað gerðist ekki á fundinum
Fundi slitið kl. 6½.

Jón Björnsson  Axel Ketilsson  Ragnar Blöndal
Sigríður Björnsdóttir
Árni Árnason
Sesselja Sigvaldadóttir

pr. pr. Verslun Ingibjargar Johnson
Gunnar Gunnarsson
L. H. Müller
Sigurður Guðmundsson
Marteinn Einarsson & Co.
pr. pr. Fatabúðin
Jón Helgason
VERSLUNIN EDINBORG
Sig. B. Sigurðsson
Ásg. G. Gunnlaugsson
Sokkabúðin
Sig. Þ. Guðmundsson
B. Marteinsson
Braunsverzlun
ppa. RICH. N. BRAUN
Karl Petersen
Andersen & Lauth
H. Andersen
Haraldur Árnason
Gudlj. Bergþórsd.
Verslunin Goðafoss
S. L. Zoëga
Georg Finnsson
pr. pr. Manchester
Hallur P. Gunnarsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1932 þann 22. febr. kom saman á fund stjórn, Fjel. Vefnaðarvörukaupmanna í R.vík, hjá formanni Jóni Björnssyni. Í fjarveru Axels Ketilss. og Árna Árnasonar. ~~voru mættir~~ var mættur Þorst. Þorsteinsson, en boðaður Sig. Sigurðsson kom ekki.

Fyrir fundinum lá að taka til athugunar brjef dags. 17/2.32 frá Verslunarmanna fjel. R.vík, viðvíkandi, stofnunar og starfrækslu ellitryggingar og örorkustyrktarsjóðs.

Fundurinn ákvað að fela formanni Jóni Björnssyni, að mæta fyrir hönd fjelagsins og taka þátt í þeim undirbúningi sem gerður verður.-

~~Fleir~~ Annað var ekki lagt fyrir og var því fundi slitið.

Reykjavík þ. 22/2. 1932.

Sigríður Björnsdóttir
Þorsteinsson

Jón Björnsson
Ragnar Blöndal

Þriðjudaginn 29. mars 1932 var fundur haldinn að Hotel Borg kl. 16. Til umræðu voru: Innflutningshöftin.

Fundurinn fól stjórninni að skrifa innflutningsnefndinni og gjöra sitt ítrasta til að bætt yrði úr þeim vandræðum sem af innflutningshöftunum leiddi.

Ragnar Blöndal mynntist á, að nauðsynlegt væri að fylgjast vel með gjörðum Alþingis í tollmálum sjerstaklega hvað vefnaðarvöru snerti og lagði til að kosin yrði 3ja manna nefnd, sem komið gæti fram fyrir fjelagsins hönd. Í nefndina voru kosnir: Jón Björnsson Ragnar Blöndal og Haraldur Árnason.

Fleira gerðist ekki á fundinum.
Fundi slitið kl. 17½.

[illegible]

Fundur var haldinn að Hotel Borg miðvikudaginn 25. maí kl. 16¼. Umræðuefni: lokun sölubúða yfir sumarmánuðina.
Svohl. tillaga kom fram: að leitað yrði undirtekta vefnaðarvörukaupm. um hvort þeir vilji hafa fastan matmálstíma á tímabilinu 1. júlí til 1. sept. þannig, að öllum búðum verði á þessu tímabili lokað frá kl. 12½ til kl. 14. var stjórninni falið að senda lista til vefnaðarvörukaupm. til að fá vissu um, hvort þeir almennt væru samþ. þessu, og bera síðan undir fjelagsfund. Ennfremur var stjórninni falið að spyrjast fyrir hjá innflutningsnefnd um hvernig verða muni með innflutning á haust og vetrarvörum og fá ákveðið svar þar um fyrir 15. júní.
Annað gerðist ekki á fundinum.

[illegible]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samkv. lögum fjelagsins var
aðalfundur haldinn miðvikudaginn 9. nov
1932. kl. 16, að Hotel Borg.

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf.
Formaður fjelagsins Jón Björnsson skýrði
frá störfum fjelagsins og gjaldkerinn
lagði fram endurskoðaða reikninga sem
voru samþ. í einu hljóði.

Þá var gengið til stjórnarkosn-
inga. Kjósa átti formann og tvo aðra
stjórnarmeðlimi í stað þeirra Axels
Ketilssonar og Arna Arnasonar, sem ganga
úr stjórn eftir hlutkesti. Formaður fjelagsins
neitaði að taka á móti endurkosningu.
Formaður var kosinn Ragnar Blöndal með
6 atkv. varð þá að kjósa mann í hans stað
í stjórnina og hlaut Jón Björnsson kosningu
með 12 atkv. og voru þeir endurkosnir í
stjórnina Arni Arnason með 10 atkv. og Axel
Ketilsson með 9 atkv. Varamenn voru kosnir
þeir Sigurður B. Sigurðsson og Jón Helgason.
Endurskoðendur voru kosnir þeir L. H.
Müller og Ásg. G. Gunnlaugsson.
Annað gerðist ekki á fundinum.
Fundi slitið kl. 17½.

[signature]

1933

Hinn 8. maí var fundur haldinn
í fjelagi vefnaðarv. kaupm. að Hotel Borg
kl. 16.

Til umræðu var málaleitun frá
Kvennadeild versl. m. fj. Mercur, um lokun
sölubúða í sumar, og brjef frá borgarstjóra
um sama efni.

Stjórn fjelags vefnaðarv. kaupm. lagði
fram svohljóðandi tillögu til umræðu:

I Allan júnímánuð skal sölubúðum
lokað kl. 4. e.h. á laugardögum.

II 1. desember skulu sölubúðir vera lokaðar
allan daginn.

III Síðasta laugardag fyrir Þorláksmessu
og 21. des. skal heimilt að halda
sölubúðum opnum til kl. 10. e.h.
Falli Þorláksmessa á sunnudag, verða
búðir þar af leiðandi opnar til kl. 12 e.h.
22. des., færist opnunarheimildin á 20. des.
til kl. 10. e.h. í stað 21. des., eða ávalt
þannig að einn dagur sje á milli þess
sem opið er til kl. 10. e.h. og kl. 12. e.h.

Haraldur Arnason kaupm. kom fram með
viðbótartillögu um, að 17. júní sje lokað
kl. 12. e.h.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Voru tillögur þessar samþ. með öllum greiddum atkvæðum.

Þorst. Þorsteinn kaupm. benti á, að tími sá er valin væri til fundarhalds væri óþægilegur. Stjórnin lofaði að taka þetta til athugunar.

Næst var tekið til athugunar tollafrumvarp ríkisstjórnarinnar. Formaður benti á, að með þessu áframhaldi myndi verða ómögulegt að reka verslun áfram og lagði fram eftirf. tillögu:

Fundur haldinn í fjelagi vefnaðarvörukaupm. í Reykjavík mánudaginn 8. maí, lýsir eindregið óánægju sinni yfir og mótmælir framkominni tillögum fjármálaráðherra, um hina miklu hækkun á tekju og eignaskatti.

Fundurinn lítur þannig á, að eftir undanfarin erfið ár, hvað alla verslun og framkvæmdir snertir, margvíslegar verslunarhömlur og aðra óáran og fyrirsjáanlegt áframhald í sömu átt, að þá sje verslunarstjettin illfær um að taka á sig enn nýjar svo stórfeldar skattaálögur.

Tillaga þessi var samþ. með öllum greiddum atkvæðum.

[signature]

Ennfremur mintist formaður á skattafrumvarp fjármálaráðherra og kom með eftirf. tillögu:

Fundurinn samþ. að fela stjórninni að koma á framfæri við hlutaðeigandi þingnefnd, og reyna að sjá til að eftirf. breytingar verði gerðar á Verðtollsfrumvarpi því er nú liggur fyrir Alþingi:

I Tollurinn skoðast ekki sem viðbótartollur, heldur komi vörur þær sem upp eru taldar í tollflokk með minstum hundraðsgjaldi.

II Undanskilin skulu loðskinn og loðskinnarenningar í kraga og þess háttar.

Þessi tillaga var einnig samþ. með öllum greiddum atkvæðum.

Samþ. var að senda fjelagi matvörukaupm. afrit ~~og~~ af þessum tillögum til athugunar.

Annað gerðist ekki á fundinum

Fundi slitið kl. $17^{15}$.

[signature] [signature]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Aðalfundur fjelagsins var haldinn að Hotel Borg fimtudaginn 9. nov. 1933 kl. 16.

Á dagskrá var: venjuleg aðalfundarstörf. Form. skýrði frá störfum fjelagsins og bað gjaldkera að lesa upp reikning fjelagsins, sem lagður var fram endurskoðaður og athugasemdalaus; var hann samþ. með öllum greiddum atkv.

Því næst var gengið til kosninga og var R. Blöndal endurkosinn með 10 atkv. Jón Björnsson og Árni Árnason fengu 3 atkv. hver. Úr stjórn gengu í þetta sinn Jón Björnsson og Sigr. Björnsdóttir en voru báðir endurkosnir J. B. með 16 atkv. og S. B. með 13. Í varastjórn voru kosnir Jón Helgason með 12 og Sig. B. Sigurðsson með 11 atkv. Endurskoðendur voru kosnir L. H. Müller og Sig. G. Gunnlaugsson.

R. Blöndal mintist á að tilmæli hefðu fram komið frá Matvörukaupm. fjelaginu um sameiginlega upplýsingastarfsemi og var stjórninni falið að athuga málið

Formaður mintist á hin nýju lög um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum og tilkynti að komið hefði bréf frá ríkisstjórninni og leitað álits fjelagsins. Ritari benti á að mál þetta hefði komið til tals á stjórnarfundum og vegna þess að stjórnin væri ekki á eitt sátt í þessu máli væri ákjósanlegt að kjósa nefnd til að athuga og leggja tillögur fyrir stjórnina, sem svo kallaði saman almennan fjelagsfund til athugunar því sem fram hefði komið í málinu. Í nefndina voru kosnir Jón Björnsson, Hab. Árnason, R. Blöndal, L. H. Müller og Sig. B. Sigurðsson. Jón Björnsson var kjörinn form. nefndarinnar.

Þorst. Þorsteinsson mintist á hina nýju tollalöggjöf og skoraði á stjórnina að athuga hana.

Hreyft var að nauðsynlegt væri að sækja um aukin innflutningsleyfi, og lofaði form. að skrifa innflutningsnefndinni um það

Á fundinum mættu 18 fjelagsmenn.

Fundi slitið kl. $17^{45}$

Ragnar Blöndal [illegible]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1934 þann 29. janúar var haldinn fundur í fjelaginu.
Dagskrá:
I Erindi frá fjelagi Matvörukaupmanna og bakarameistarafjelaginu þar sem fjelagi voru er gerður kostur á að vera þátttakandi í samningum og afnotum sameiginlegrar upplýsingaskrár um vanskilamenn.
Samþykkt var að taka þessu boði og var stjórninni falið að ganga frá samningum þar að lútandi.
II Innflutningsleyfi fyrir fyrri helming yfirstandandi árs.
Innflutnings og gjaldeyrisnefnd hafði látið á sjer skilja í viðtali við stjórnina að fyrir helming þ. á. fengust aðeins 15% innflutningsleyfi af meðaltalsinnflutningi áranna 1929-1930 og 1931.
Fundarmenn töldu ógerlegt að komast af með svo íinrláan skamt og samþykktu einróma að sætta sig ekki við það. - Var stjórninni falið að gera Innflutnings og gjaldeyrisnefnd enn á ný ítarlega grein fyrir innflutningsþörf vefnaðarvörukaupmanna og krefjast þess að þeir fengju 25% innflutningsleyfi fyrir fyrri helming þ. á.

Ragnar Blöndal

Axel Ketilsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur var haldin að Hótel Borg Sunnudaginn 10. des 1933 kl 14.
Nefnd sú er kosin var 9. nov. skýrir frá starfi sínu og leggur til að útsölur skuli aðeins leifilegt að halda á tímabilinu frá 10. jan. til 10. mars og að sumarlagi frá 20. júlí til 5. sept. og vitnaði í lög og venjur í nágrannalöndunum.
Þorst. Þorsteinsson var ekki tillögunni samþykkur, en fanst rjettast að kaupm. væri heimilt að halda útsölur hvenær sem væri. Halldór Gunnarsson kom fram með breitingartillögu þess efnis að í staðin fyrir 5. sept. skyldi koma 10. sept. Var breitingartill. borin fram en feld með 8 atkv. gegn 6. Síðan var tillagan nefndarinnar borin fram og samþ. með öllum greiddum atkv.

Annað gerðist ekki á fundinum

Þann 10. júlí 1934 var fundur haldin í Oddfellow-húsinu kl. 16.
Formaður skýrði frá því að hann hafi átt tal við innflutningsnefnd um innflutning fyrir haustið, og að nefndin hafi tekið illa málaleitun hans vegna þess hvað innflutningur til landsins hafi orðið mikill samanborið við síðasta árs innflutning og geti því nefndin gefið ádrátt um meira en 10% innflutning samanborið við 20% í vor.
Bar því formaður fram neðanskráða tillögu:

Alm. fundur haldin í F. V. R. þann 10. júlí 1934 leyfir sjer að skora á Gjaldeyrisnefnd, að veita vefnaðarvöruverzlunum minst sömu hundraðstölu (20%) og undanfarið, þar sem að það hefir sýnt sig að vera sá minsti innflutningur sem komist verður af með, osv.

Og var tillagan samþykt með öllum greiddum atkv. og var einr. samþ. að senda Gjaldeyrisnefnd tillöguna og birta hana í dagblöðunum ef með þyrfti.

Annað gerðist ekki á fundinum

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Aðalfundur fjelagsins var haldinn í Oddfellowhúsinu föstudaginn 9. nóv. 1934 kl. 16.

Formaður skýrði frá starfi fjelagsins á liðnu ári og gat þess að með tilraun fjelagsstjórnarinnar hafi farið í að reyna að likka til með innflutning og þess háttar en árangurinn þekktu fjelagsmenn. Því næst lagði gjaldkeri fram endurskoðaðann reikn. fjelagsins, og var hann samþ. með öllum greiddum atkv. Þá var gengið til kosninga. Formaður R. Blöndal var endurkosinn með 16 atkv. Úr stjórninni gengu að þessu sinni þeir Axel Ketilsson og Árni Árnason og voru þeir endurkosnir með 14 og 17 atkv. Í varastjórn voru kosnir Þorst. Þorsteinsson og L. H. Müller. Endurskoðendur voru kosnir Sig. S. Gunnlaugsson og Jón Helgason.

Formaður skýrði frá hinu nýja skipulagi verzlunarráðsins og áleit mjög æskilegt að fjelagið gerðist meðlimur og voru fjelagsmenn á eitt sáttir með það og var Jóni Björnssyni og R. Blöndal falið að mæta þar fyrir fjelagsins hönd.

L. H. Müller ~~frar~~ fór fram á að fjelagið gæfi úr fjelagssjóði til Skíðaskálans Kr. 200/- Kom Sig. Guðmundsson fram með svohljóðandi tillögu:

„Jeg legg til að Skíðafjelagi Reykjavíkur verði veitt úr sjóði fjelagsins K. 200/-“

Form. bar fram viðbótartillögu þess efnis að framvegis yrðu ekki veittar úr fjelagssjóði neinar fjárupphæðir til íþróttafjelaga, og var tillagan þannig samþ. með 15 gegn 5 atkv.

Á fundinum mættu 20 fjelagar. Fundi slitið kl. 17½

Ragnar Blöndal.

[illegible]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Miðvikudaginn 10 júlí 1935 kl 15 var fundur haldinn að Hótel Borg. Umræðuefni „Innflutningshöftin."

Formaður skýrði frá starfi sínu og stjórnarinnar um útvegun innflutningsleyfa, Hann gat þess að loksins í gær hefðu fengist ákveðin svör frá Gjaldeyris og innflutningsnefnd, og þau væru í þá átt að engin innflutningsleyfi yrðu veitt fyrst um sinn, og hvað innflutning frá Italíu snerti væri ekkert ákveðið enn. Gat hann þess um í þessu sambandi, að eftir að fengnar væru þessar upplýsingar, væri ekki í önnur hús að venda enn til Spánar. Einnig gat formaður þess að eftir eftir fengnum upplýsingum væri búið að veita innflutningsleyfi fyrir kr 32. milj af þeim 35 milj króna sem ákveðnar hefðu verið sem hámark innflutningsins fyrir þetta ár.

Formaður bað fjelagsmenn að athuga þetta mál mjög vel, og koma með tillögur sem að gagni mætti koma, ennfremur var þess getið að stórkaupmaður Björn Ólafsson, sem á sæti í Gjaldeyris og innflutningsnefnd mundi mæta á fundinum, og óskaði formaður þess að fjelagsmenn kæmu fram með fyrirspurnir sem þeir æsktu að fá svarað þessu máli viðvíkjandi er hann kæmi.

Þá mætti á fundinum Björn Ólafsson stórkaupmaður, og eftir að formaður hefði boðið hann velkominn á fundinn, tók hann til máls. Hann gat þess að hann hefði gert alt sem í hans valdi stóð til þess að liðka til með innflutning fyrir kaupmenn, en það hefði engan árangur borið, og síðasta tilraun hans hafi verið sú að reyna að fá nefndina til að ganga inná að veitt yrðu innflutningsleyfi 3% frjálst og 7% frá Þýskalandi, en þetta hefði einnig mistekist. Hann gat þess einnig að búið væri að veita innflutningsleyfi, á vefnaðarvöru, fyrir kr 2.681000.-, þar af til Reykjavíkur kr 1.38000.00, og sundurliðaði að öðru leyti innflutninginn þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Til verslana í Rvk | kr | 1.522.000.00 |
| " Klæðskera " | " | 60.000.00 |
| " Sjóklæða og vinnufatag | " | 270.000.00 |
| " Húsgagnasmiða | " | 3000.00 |
| " Listi og sjúkrahúsa | " | 9100.00 |
| " Samband ísl samvinnufj | " | 242000.00 |
| " Kaupfjelag Eyfirðinga | " | 37000.00 |
| og til annara kaupfjelaga | " | 54000.00 |

Hvað viðvíki Italíu leyfum þá hjelt hann því fram, að menn mættu ekki vera of svartsýnir, því að það væri þó ekki búið að veita innflutningsleyfi fyrir meiru en kr 1.400000.-, og væri því óráðstafað kr 600000.-, þar sem Ísland hefði skuldbundið sig til þess að kaupa vörur frá Italíu fyrir 2 milj. krónur.

Hann gat þess ennfremur að hann byggist við að óhætt væri að reikna með einhverjum leyfum frá Italíu seinni part árs. Fyrirspurn kom fram frá Þóri Björnssyni um það, hvort nokkuð vefnaðarvöruleyfi hafi verið veitt

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1935

Laugardaginn 30. nóv. var aðalfundur fjelagsins haldinn að Hótel Borg kl 16.

Formaður setti fundinn, gjaldkeri las upp endurskoðaða reikninga fjelagsins og voru þeir samþyktir í einu hljóði.

Því næst skýrði formaður frá störfum fjelagsins á liðnu ári, hann gat þess að aðal starf fjelagsins hefði snúist um það að reyna að liðka til um innflutning fyrir fjelagsmenn, en árangurinn af þessu starfi hefði ~~orðið~~ mun minni en æskilegt hefði verið.

Hann gat þess ennfremur, að auk þess að hafa átt tal við Gjaldeyris og innflutningsnefnd mörgum sinnum hefði hann ásamt stjórn fjelagsins átt tal við fjármálaráðherra þó nokkrum sinnum um innflutnings örðugleikana en árangur lítill eða enginn.

Ennfremur gat hann þess að á árinu hefði aðeins verið haldinn 1 fjelagafundur, en aftur á móti hefði stjórn fjelagsins haldið 20-25 fundi, til þess að ræða um áhuga mál fjelagsins

Áður enn gengið var til kosninga tilkynnti formaður að að þessu sinni gengu úr stjórn frk Sigríður Björnsdóttir og Jón Björnsson, og ljet þess ennfremur getið að hann tæki ekki á móti endurkosningu.

Því næst hófst kosningin, Jón Björnsson var kosinn formaður fjelagsins með 15 atkvæðum.

Meðstjórnendur voru kosin þau Ragnar Blöndal með 13 atkvæðum og frk Sigríður Björnsdóttir með 11 atkvæðum

Í varastjórn voru þeir kosnir Þorsteinn Þorsteinsson með 9 atkvæðum en Jón Helgason með 6 atkvæðum.

Endurskoðendur voru kosnir þeir Halldór Gunnarsson og Ásgeir G. Gunnlaugsson.

Í fjelagsráð Verslunarráðsins voru þeir endurkosnir Jón Björnsson og Ragnar Blöndal, en til vara Árni Árnason.

Haraldur Árnason þakkaði fyrir hönd fjelagsins stjórninni fyrir vel unnið starf.

Ragnar Blöndal gat þess að nýtt verslunarmannafjelag væri stofnað hjer í bænum, og fjelag þetta væri í sambandi við „Alþýðusamband Íslands," hann ljest ekki við að heppilegt væri fyrir kaupmenn yfirleitt að starfsmenn þeirra væru í stjettafjelagi sem væri aðili í Alþýðusambandinu, og skoraði því á kaupmenn að sjá til þess að starfsfólk þeirra gengu í Verslunarmannafjelag Reykjavíkur, sem nú væri verið að breyta þannig að það fjelag gæti komið verslunarmönnum að fullu gagni og þá sem samningsaðili gagnvart kaupmönnum.

Ennfremur skýrði hann frá að hann hefði heyrt að Heildsalar hjer í bæ gerðu þó nokkuð af því að selja út vörur til einstaklinga, og tók stjórn fjelagsins að sjer að athuga þetta mál nokkuð nánar, og gera ráðstafanir til þess að slíkt hjeldi ekki áfram.

Þorsteinn Þorsteinsson, sem ekki hafði heyrt talað um hið nýstofnaða Verslunarmannafjelag, óskaði eftir nánari upplýsingar um það, ennfremur að stjórn fjelagsins gerði það sem í hennar valdi stæði til þess að lokað yrði fyrir sölu Heildsala til einstaklinga

Haraldur Árnason skýrði frá því, að hið nýja Verslunarmanna-

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fjelag væri nú þegar stofnað með þó nokkuð mörgum fjelögum, en sem aðallega ynnu hjá ríkisstofnunum og hjá einkasölunum, og að fjelag þetta hefði gert tilraun til að fá verslunarfólk almennt í fjelagsskap þennann, en orðið lítið ágengt. Aftur á móti sagði hann að sjer væri kunnugt um að fjöldi nýrra meðlima hefðu sótt um upptöku í Verslunarmannafjelag Reykjavíkur, og endurtók áskorun Ragnars Blöndals til kaupmanna um það að fá starfsfólk sitt til þess að ganga í Verslunarmannafjelag Reykjavíkur.

Út af fyrirspurn sem fram kom um það hvernig á því stæði að verslun sem hingað til hefði ekki verslað með kvennkápur væri nú farinn að auglýsa „nýjasta móð frá Berlín og London", skýrði Axel Ketilsson frá því að nefnd sú sem kosin var á stjórnarfundi 8. nóv. til þess að tala við innflutningsnefnd hefði einmitt hreyft þessu ákveðna atriði, og fengið þær upplýsingar hjá formanni Gjaldeyrisnefndar að þetta innflutningsleyfi hafi verið veitt fyrir sýnishornum, og þar sem verslunarfyrirtækið hefði umboð fyrir fjölda erlendra verslunarhúsa, hefði ekkert Gjaldeyrisleyfi verið veitt, en verið greitt með umboðslaunum er verslunarfyrirtækið átti til góða erlendis.

Á fundinum mættu 17 fjelagar.

Önnur mál komu ekki fram á þessum fundi og var honum slitið kl. 17.45 —

Ragnar Blöndal. Sigr. [illegible] Björnsdóttir
[illegible] [illegible]
Axel Ketilsson

Almennur fundur var haldinn að Hótel Borg mánudaginn 10. febr. kl. 16.

Formaður fjelagsins gerði grein fyrir hvað gerst hefði í innflutningsmálunum. Hann gat þess að fjölda margir fundir hefðu verið haldnir í nefnd þeirri sem valin var af Verslunarráðinu til þess ásamt mönnum frá S. Í. S. að gera tillögur til Gjaldeyrisnefndar.

Hann gat þess að nefnd þessi hefði skilað sameiginlegu áliti, en svar Gjaldeyrisnefndar væri ekki enn komið.

Ásgeir Gunnlaugsson gerði fyrirspurn til stjórnarinnar hvort rjett væri að innflutningsnefnd hefði veitt ~~óeðlilega~~ mikil leyfi til einstakra firma en þau hefðu getað notað á þeim tíma sem leyfin væru veitt, en að firmu þessi hefði svo fengið leyfi sín endurnýjuð eftir geðþótta.

Formaður svaraði þessari fyrirspurn þannig: Að sjer væri kunnugt um að Italíu leyfi sem veitt hefðu verið fyrri part árs hefðu verið endurnýjuð, en sjer væri ekki kunnugt um að nein ný vefnaðavöru leyfi hefðu verið veitt seinni part árs.

Ragnar Blöndal bað Ásgeir Gunnlaugsson að gefa upplýsingar um, hvaða verslanir það væru sem hann sjerstaklega ætti við, og gat Ásgeir þess að meðal þeirra væri Jacobsens verslun. Ragnar Blöndal sagði þetta ósatt vera, og gat þess að vörur þar sem verslun

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hans hefði fengið nokkuð fyrir áramót væru frá Spáni og benti á að samkvæmt verslunarsamningi milli Íslands og Spánar hefðu kaupmenn getað flutt inn vefnaðarvörur frá Spáni eftir geðþótta

Formaður gat þess að komið hefði til mála að innflutningsnefnd einskorðaði innflutning á vefnaðarvörum við ákveðnar vörutegundir, og benti hann á að ef slíkt yrði framkvæmt mundi það koma mjög hart niður á einstaka verslunum, bar hann því fram eftirfarandi tillögu sem senda skyldi Gjaldeyrisnefnd nú þegar:

„Fundur fjelags vefnaðarvörukaupmanna, sem haldinn var í dag 10. feb. leyfir sjer eindregið að mæla á móti því að Gjaldeyris- og innflutningsnefnd einskorði innflutning á vefnaðarvörum við ákveðnar tegundir, eða banni innflutning á vissum tegundum, þar sem verslanir í þessari vörugrein leggja mismunandi áherslu á verslun með hinar ýmsu vörutegundir innan vöruflokksins í heild, og hafa venjulega gert það um langt skeið."

og var tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum

Þar sem ekki önnur mál lágu fyrir fundinum var honum slitið kl $17^{30}$

Jón Björnsson Ragnar Blöndal Axel Ketilsson

Sigr. Björnsdóttir Árni Árnason

Föstudaginn 18. sept var almennur fundur haldinn að Hótel Borg.

Í fjarveru formanns skýrði Ragnar Blöndal frá því hvað stjórn fjelagsins hefði gert í innflutningsmálinu, og gat þess að hann ásamt Á. Á. hefði náð tali af Jóni Baldvinssyni og rætt við hann um leyfisveitingu fyrir vefnaðarvöru, og hefði J. B. eins og áður tekið málaleitan þessari mjög vel, en þar við sæti. Kom hann því fram með tillögu um að nefnd yrði kosin til þess ásamt stjórn fjelagsins að vinna að innflutningsmálinu, og kom með tillögu um að í nefndina yrðu kosnir þeir Ingvar Sigurðsson, Ásgeir Gunnlaugsson og Sig. Guðmundsson og Haraldur Árnason og voru þeir samþykktir, en þar sem önnur mál lágu ekki fyrir fundinum var honum slitið

Því næst hjelt stjórn fjelagsins fund með áður nefndum 4 mönnum, voru menn ásáttir um að nauðsynlegt væri að tala við menn úr Gjaldeyrisnefnd, og menn sem áhrif gætu haft á nefndina, og skiftu menn því þannig með sjer verkum að Haraldur Árnason og Ásgeir Gunnlaugsson skyldu tala við Kjartan Ólafsson Gjaldeyrisnefndarmann Axel Ketilsson, Sigurður Guðmundsson og Ingvar Sigurðsson við Magnús Sigurðsson bankastjóra og Ragnar Blöndal og Árni Árnason við Helga Guðmundsson bankastjóra, og skyldi svo nefndin ásamt stjórninni mætast aftur næstkomandi mánudag

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Frk Sigríður Björnsdóttir baðst undan að þurfa að taka þátt í þessum viðræðum, og var það tekið til greina.

Annað gerðist ekki á fundinum

Ragnar Blöndal Axel Ketilsson
Sigr. Björnsdóttir Árni Árnason

Mánudaginn 21. sept. hjelt stjórn fjelagsins ásamt nefnd þeirri er kosin var á almennum fundi 18. þ. m. fund með sjer að Hótel Borg.

Ragnar Blöndal skýrði frá að hann ásamt Árna Árnasyni hefði náð tali af Helga Guðmundssyni bankastjóra, hefði hann tekið mjög vel í málaleitan þeirra, og talið sjálfsagt að veita innflutningsleyfi á vefnaðarvöru frá Italíu og jafnvel einhver frjáls leyfi og sagðist mundi vinna að því eftir bestu getu.

Magnús Sigurðsson bankastjóri gat ekki tekið á móti þeim 3 mönnum sem við hann áttu að tala, en Ingvar Sigurðsson náði tali af honum en fjekk engin ákveðin svör.

Haraldur Árnason og Ásgeir Gunnlaugsson hittu ekki Kjartan Ólafsson Gjaldeyrisnefndarmann. Var stjórn fjelagsins falið að skrifa Gjaldeyrisnefnd og fara fram á 10-12% innflutningsleyfi frá Italíu og 4-5% annarsstaðar að.

Annað gerðist ekki á fundinum

Ragnar Blöndal Axel Ketilsson
Sigr. Björnsdóttir Árni Árnason

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Laugardaginn 3. okt. kl 13. var fundur aftur settur og voru nefndarmennirnir 4 mættir.

Gerði Ragnar Blöndal grein fyrir samtali því sem stjórn fjelagsins hefði átt við formann Gjaldeyrisnefndar.

Haraldur Árnason sagðist vera á móti því að nokkuð samningur yrði gerður um lírukaup, áður enn ákveðið yrði á hvaða gengi líran yrði skráð, sagði hann að áhættan væri svo mikil, þar sem enginn gæti sjeð fyrir hvað líran fjelli, og vildi að áhættan yrði takmörkuð við 25-30%.

Var fundi því næst frestað til kl 16, mætti þá á fundinum formaður Gjaldeyrisnefndar. Sagði hann að útlitið hefði dálítið breyst síðan í morgun þar sem ákveðið hafði verið að fjelag vefnaðavörukaupmanna þyrftu ekki að hafa með úthlutun á lírum að gera út á land. Hafði Gjaldeyrisnefnd ákveðið að úthluta til kaupmanna 7% frá Italíu, þó með þeim skilyrðum, að samningar tækist strax með vefnaðarvörukaupmönnum og S. Í. F. Öll leyfi yrðu send S. Í. F. og afhent kaupmönnum eftir að samningar hafa verið undirskrifaðir. Viðvíkjandi fyrirspurnum þeim sem komnar hefðu verið fram á fundi stjórnarinnar, með formanni Gjaldeyrisnefndar í morgunn svaraði hann: „Að hann byggist ekki við að lírurnar þyrftu að greiðast strax, og að um frjálsan innflutning hafi ekki verið hægt að taka ákvörðun um, og 2% þætti sjerstakt of mikið, en tók því líklega að hægt mundi vera að fá 1%.

Um hvað gert yrði við lírurnar ef vefnaðarvörukaupmenn ekki tæku þær, gat hann ekki svarað ákveðið, og heldur ekki um aðrar fyrirspurnir. Hann gat þess enfremur að sömu reglur mundu gilda gagnvart S. Í. F. og öðrum innflytjendum. Var svo ákveðið að fjelagsmenn mættu aftur næsta dag kl 14, og kallaður yrði saman almennur fundur kl 16. Formaður Jón Björnsson er erlendis.

Annað gerðist ekki á fundinum.

Ragnar Blöndal     Axel Ketilsson
Sigr. Björnsdottir     [signature]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sunnudaginn 4 Okt kl 14 hjelt stjórnin fund með nefnd þeirri er kosin hafði verið henni til aðstoða.

Ragnar Blöndal gat þess að hann hafði náð tali af fjármálaráðherra, og hafi fjármálaráðherra fallist á eftirfarandi:

Að verði verðfall lirunar meira enn 33 1/3 % miðað við gengi 35/40 á tímabilinu 1. Jan 1937 skuli innflytjendur bætt það gengistjón sem stafar að verðfalli lirunar fram yfir 33 1/3 %. Gat hann þess að stjórn fjelagsins sæi sjer ekki fært að gera meira í þessu efni. Var nú almennur fundur settur, og rakti Ragnar Blöndal í stórum dráttum það sem gert hefði verið, og voru allir sammála um, að ekki væri hægt að fara lengra í þessum efnum, og var samþykt að undirskrifa nú þegar samning við S. Í. F.

1. Að um leið og Ítalíu leyfin yrðu veitt, verði veitt 1% frjálst.
2. Að leyfisveitingin frá Ítalíu miðist við 7%, en sýni það sig að til verði einhver óráðstöfuð upphæð sem gæti komið í hlut Reykjavíkur, verði fjelagsmönnum gefinn kostur á auknu leyfi.
3. Að engum innflytjanda hvar sem er á landinu, verði veitt nokkurt leyfi fyrir vefnaðarvöru og fatnaði fyr enn næsta almenn úthlutun fer fram.

Haraldur Árnason þakkaði stjórninni fyrir vel unnið starf, og var svo fundi slitið.

Ragnar Blöndal    [illegible] Ketilsson(?)
Sigr. Björnsdóttir    [illegible]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Aðalfundur fjelagsins var haldinn að Hótel Borg
þriðjudaginn 8 des. 1936 kl 15.
Formaður setti fundinn og bað Axel
Ketilsson um að vera fundarstjóra.
Gjaldkeri las upp endurskoðaða reikninga fjelagsins
og voru þeir samþyktir með öllum greiddum atkvæðum
Því næst skýrði formaður frá störfum fjelags-
stjórnarinnar sem eins og að undanförnu mest
megnis hefði snúist um veitingu innflutningsleyfa.
Þar sem haldnir hefðu verið margir fundir þessu
viðvíkjandi og fjelagsmenn því haft tækifæri til að
fylgjast með þessum málum, sá formaður ekki ástæðu
til að fara nánar út í það mál.
Formaður skýrði frá því að á árinu hefði
verið haldnir 3 almennir fundir og 20 stjórnarfundir
Því næst var gengið til kosninga.
Jón Björnsson var endurkosinn formaður með öllum
greiddum atkvæðum, úr stjórn gengu, Árni Árnason
og Axel Ketilsson og voru þeir endurkosnir með 13
og 12 atkvæðum.
Í varastjórn voru kosnir Þorsteinn Þorsteinsson
og Jón Helgason, endurskoðendur voru kosnir Halldór
Gunnarsson og Ásgeir G. Gunnlaugsson. Í fulltrúa
ráð Verslunarráð Íslands voru þeir endurkosnir,
Jón Björnsson og Ragnar Blöndal og til vara Árni
Árnason.
Árni Árnason benti á að oft gæti verið nauð-
kvæðum bundið að kalla saman almennan fjelags-
fund með stuttum fyrirvara, en oft væri nauðsyn-
legt fyrir stjórn fjelagsins að geta ráðfært sig við
sem flesta fjelagsmenn, og kom fram með tillögu
um að nefnd sú er kosinn var í vetur stjórninni
til aðstoðar yrði endurkosin, og var tillagan sam-
þykkt að öllum greiddum atkvæðum.
Í nefndinni sitja Sigurður Z. Guðmundsson,
Ásgeir G. Gunnlaugsson, Haraldur Árnason og
~~Þorsteinn Þorsteinsson~~ Ingvar Sigurðsson.
L. H. Möller og Þorsteinn Þorsteinsson þökkuðu
stjórn fjelagsins fyrir vel unnið starf.
Annað gerðist ekki á fundinum, fundi slitið
kl 16[30]. Á fundinum mættu 15 fjelagar

Jón Björnsson
[signature]
Sigríður Björnsdóttir
Axel Ketilsson
Ragnar Blöndal

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Almennur fundur var haldinn að Hótel Borg miðvikudaginn 7 april kl 15.

Umræðu efni uppástungar að væntanlegum samningi milli fjelagsins og Verslunarmannafjelags Reykjavíkur um kjör starfsfólks og um breytingu á lokun sölubúða o. fl.

Fundarstjóri setti fundinn, og áður enn umræður um dagsskrá hófust minntist hann þess að einn af meðlimum fjelagsins frk Þuríður Sigurjónsdóttir hefði látist og bað fundarmenn um að standa upp og votta hinum látna fjelaga virðingu fjelagsins, og var það gert.

Þá hófst dagsskráin. Fundarstjóri las upp tillögu Verslunarmannafjelags Reykjavíkur.

1. Verslunarmannafjelag Reykjavíkur sje samnings aðili um málefni þau er sjerstaklega snerta starfsfólk meðlima fjelagsins er verslunar störf vinnur.

2. Skriflegir samningar um kaup og önnur kjör sjeu gerðir við alt starfsfólk er vinnur í verslunum og á skrifstofum meðlima fjelagsins, og verði sameiginlega unnið að grundvallar formi því er gilda skal.

3. Starfsfólk hjá meðlimum fjelagsins er verslunarstörf vinnur sje helst meðlimur í Verslunarmannafjelagi Reykjavíkur.

Stjórnin mælti með þessum tillögum og voru þær samþyktar með öllum greiddum atkvæðum.

Stjórn fjelagsins kom fram með eftirfarandi tillögu um lokun sölubúða. Að á mánudögum, þriðjudögum, miðvikudögum og fimtudögum skuli búðir vera opnar frá 9-6, en föstudaga 9-8, og laugardaga 9-6 nema sumarmánuðina júní - sept 9-1. Og enfremur að í des. hafa vefnaðavörukaupmenn leyfi til að hafa einn dag fyrir jól auk Þorlaksmessu opið til kl 12 á miðnætti og sjeu 3 virkir dagar milli Þorláksmessu og þessa dags. Ef að Þorláksmessa ber upp á sunnudag þannigað opið sje á laugardag til kl 12, þá verði fyrri dagurinn þriðjudagur, og var þessi tillaga samþykt með 17 atkvæðum gegn 1.

Þá minntist fundarstjóri á að stjórn fjelagsins hefði hugsað sjer að koma fram með tillögu um að verslunum yrði lokað um matmálstíma í 1½ kl, en þar sem að skoðanir um þetta mál væru nokkuð skiftar kom Ragnar Blöndal fram með tillögu um að mál þetta yrði tekið út af dagsskrá, og var það samþykt með 9 atkvæðum gegn 6.

Eftirfarandi tillaga kom fram frá Jóni Helgasyni

Fundurinn samþykkir að fela stjórn fjelagsins að leita nú þegar samkomulags

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

við Rafmagnsveitu Reykjavíkur um ódýrara rafmagn til verslana og þá sjerstaklega sýningarglugga og götuljósa enn alment verður til ljósa strax og Sogstöðin taki til starfa.

Var tillagan samþykt með öllum greiddum atkvæðum. Formaður gat þess að hann hefði átt tal við Björn Ólafsson stórkaupmann og formann Gjaldeyrisnefndar Skúla Guðmundsson og hefði Björn Ólafsson getið þess að Landsbankinn væri að reyna að fá yfirdrátt á Ítalíu, og áður enn það væri í lagi væri ekki hægt að taka ákvörðun um veitingu innflutningsleyfa.

Skúli Guðmundsson gat ekki gefið nein ákveðin svör viðvíkjandi innflutningsleyfum en bjóst við að innan skamms myndi verða tekin ákvörðun um það innan nefndarinnar.

Annað gerðist ekki á fundinum.

Fundi slitið kl $16^{50}$. 18 fjelagsmenn voru mættir

Jón Björnsson
Sigr. Björnsdóttir
Ragnar Blöndal
[illegible]
Atli Ketilsson

Almennur fundur fjelagsins var haldinn að Hótel Borg kl 15. Mánudaginn 18. okt.

Í fjarveru formanns skýrði varaformaður frá því sem stjórn fjelagsins hefði gjört til þess að útvega fjelagsmönnum innflutningsleyfi, og skýrði frá því að nú lægi hjer fyrir árangurinn af þessu starfi, og hann væri sá að ákveðið svar frá Gjaldeyrisnefnd þess efnis að nefndin segi sjer ekki fært að veita fjelagsmönnum meiri innflutningsleyfi á þessu ári, en aftur á móti hefði fengist loforð nefndarinnar um það að væntanleg leyfi fyrir fyrstu 6 mánuði næsta árs yrði úthlutað fyrir 15. Nóv. n.k.

Gat varaformaður þess að alt hugsanlegt hefði verið gert, til þess að reyna að fá einhverja úrlausn, en árangurslaust.

Ingvar Sigurðsson spurðist fyrir um hvort stjórnin gæti gefið upplýsingar um hve mikið leyfi saumastofur hafi fengið og eins hvað mikið hefði farið til iðnaðarins. Varaformaður svaraði því til að stjórnin hefði ekki skýrslur fyrir hendi þessu viðvíkjandi, en sjálfsagt væri að útvega þær fyrir næsta fund.

Annað gerðist ekki á fundinum.

Ragnar Blöndal
Sigr. Björnsdóttir
[illegible]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hinn 2. des. 1937 kl. 16 var aðalfundur félagsins haldinn að Hótel Borg.

Í fjarveru fundarstjóra, Axels Ketilssonar, bað formaður ritara að taka að sér fundarstjórn.

Formaður, Jón Björnsson, skýrði frá störfum félagsins og gat þess, að þau hefðu aðallega snúist um það, að reyna að útvega félagsmönnum aukin innflutningsleyfi en því miður hefði árangurinn orðið mjög lítill. Hann baðst undan endurkosningu í stjórn félagsins.

Varaformaður, Ragnar A. Blöndal, lýsti því yfir, að hann gæti ekki tekið á móti kosningu sem formaður, ef einhver hefði hugsað sér það.

Gjaldkeri las upp endurskoðaða reikninga félagsins og voru þeir samþykktir í einu hljóði.

Var því næst gengið til kosninga.

Formaður var kosinn Árni Árnason með 10 atkvæðum. Axel Ketilsson fékk 2, Ragnar A. Blöndal 2 atkvæði.

Úr stjórn gengu að þessu sinni Ragnar A. Blöndal og Sigríður Björnsdóttir og voru þau endurkosin með 12 atkvæðum hvort. – Í stað Árna Árnasonar var kosinn Jón Helgason með 13 atkv.

Í varastjórn voru kosnir Ásgeir G. Gunnlaugsson, með 12 atkvæðum og Halldór Gunnarsson, með 7 atkv.

Endurskoðendur voru kosnir Sigurður B. Sigurðsson og L. H. Müller.

Kosnir voru í Félagsráð Verslunarráðsins Jón Björnsson og Ragnar A. Blöndal og til vara Árni Árnason.

Í Félagsráð voru kosnir Ingvar Sigurðsson, Haraldur Árnason, Sigurður B. Sigurðsson og Sigurður Z. Guðmundsson.

Ragnar A. Blöndal þakkaði fráfarandi formanni, Jóni Björnssyni, sem setið hefir í stjórn félagsins frá því það var stofnað, góða samvinnu og óskaði þess, að félagið mætti reikna með starfskröftum hans framvegis, sem hingað til, þótt hann ekki sæti í stjórn félagsins í bili. –

Annað gerðist ekki á fundinum.

14 félagsmenn voru mættir.

Árni Árnason Jón Helgason

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Almennur fundur félagsins var haldinn að Hótel Borg miðvikudaginn 21. sept. 1938 kl. 16. – Fundarstjóri var Axel Ketilsson.

Formaður, Árni Árnason, skýrði frá bréfaskiftum stjórnar félagsins við Gjaldeyrisnefnd og samtölum við nefndina, út af innflutningnum 1938, og tilkynnti algjöra og endanlega neitun nefndarinnar á innflutningi vefnaðarvöru síðari hluta yfirstandandi árs. – Tekur fram að stjórnin áliti þrautreynt í þessu máli en biður um álit og tillögur fundarmanna í því. – Bendir á, að stjórnin áliti ekki heppilegt að reyna að knýja fram neitt smá-(jóla)-leyfi, því það mundi spilla fyrir væntanlegu leyfi næsta ár, en hún mundi gera allt, sem í hennar valdi stendur, til þess að leyfi fyrir fyrri helming næsta árs verði veitt sem fyrst.

Haraldur Árnason las upp sundurliðun innflutnings vefnaðarvöru á þessu ári, samkvæmt upplýsingum frá Gjaldeyrisnefnd. – Samkvæmt því hefir verið veitt:

| | |
|---|---|
| Kaupm. í Rvík | 551.000 |
| – utan – | 399.000 |
| S.Í.S. | 312.000 |
| Öðrum neytendafél. | 159.000 |
| Til iðnaðar | 1.200.000 |
| eða samtals Kr. | 2.621.000 |

(Heildarupphæð sú, er Gjaldeyrisnefnd gaf upp, er 2.696.000 kr., svo hér vantar skýringu á 75.000 kr.)

Í september hefir, eftir sömu heimildum, verið úthlutað til iðnaðar – og aðeins til iðnaðar, – kr. 340.000.–, er sundurliðast þannig:

| | |
|---|---|
| Saumastofur | 66.000.– |
| Klæðskerar | 48.000.– |
| Hattabúðir og prjónastof. | 24.000.– |
| Húsgagnasmiðir | 15.000.– |
| Sjúkrahús og skipafélög | 24.000.– |
| Vinnufatagerð, Álafoss, Gefjun o.fl. | 163.000.– |
| eða samtals kr. | 340.000.– |

Fundarmenn létu óánægju í ljós, með að fá engan innflutning fyrir allan síðari hluta ársins, og talaði Ásgeir Gunnlaugsson helst um þau vandræði, að gera ekkert frekara í málinu. – Árni Árnason, Axel Ketilsson og Haraldur Árnason fullvissuðu Ásgeir og aðra fundarmenn um, að ekkert frekara fengist að gert nú, og meira áynnist gagnvart Gjaldeyrisnefnd með lipurð en stóryrðum. Kom engin tillaga fram í málinu.

Lagt fram bréf frá Verzlunarmanna–

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

félagi Reykjavíkur, sem beitir sér fyrir því, að verslunum verði lokað á föstudögum kl. 19, í stað kl. 20, eins og verið hefur undanfarið ár og leitar samþykkis félagsins, fyrir þess leyti. — Fundarmenn voru þessari breytingu fylgjandi og samþykktu tillögu um, að stjórnin ræddi þessa breytingu við önnur kaupmannafélög í bænum, og gerði samþykkt, aðeins í samráði við hin félögin. —

Fundi slitið.

Árni Árnason Jón Helgason

1938

Mánudaginn 28. nóvember, kl. 15, var AÐALFUNDUR félagsins haldinn að Hótel Borg.

Vegna fjarveru fundarstjóra, Axels Ketilssonar, er var veikur, bað formaður, Árni Árnason, Ragnar A. Blöndal, að taka að sér fundarstjórn. Ritari var Jón Helgason.

Formaður, Árni Árnason, skýrði frá störfum stjórnarinnar síðastliðið ár. Hefðu þau fyrst og fremst snúist um Gjaldeyrisnefnd. Þá nokkuð nú í haust um árás á vefnaðarvörukaupmenn, er birst hefði í Tímanum og Alþýðublaðinu og loks síðustu dagana um hina nýskipuðu verðlagsnefnd.

Gjaldkeri, frk. Sigríður Björnsdóttir, las upp endurskoðaða reikninga félagsins síðastliðið starfsár og voru þeir samþykktir í einu hljóði. —

Því næst var gengið til kosninga.

Formaður var kosinn Árni Árnason, endurkosinn, með 11 atkv. — Ragnar Blöndal fékk 6, Jón Björnsson 1 atkv.

Úr stjórn gengu Jón Helgason og Axel Ketilsson. Voru báðir endurkosnir og fengu 14 og 11 atkvæði.

Í varastjórn voru kosnir Jón Björnsson og Halldór R. Gunnarsson með 8 atkv. hvor. Fékk L. H. Müller einnig 8 atkv. Var dregið um, hver skyldi ganga frá og kom upp nafn þess síðastnefnda. — Áður voru í varastjórn: Halldór R. Gunnarsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og Ásgeir G. Gunnlaugsson.–

Formaður lýsir viðskiftum stjórnar félagsins við Gjaldeyrisnefnd. Þrátt fyrir gefin loforð um svör við innflutningsbeiðni félagsins hefði nefndin enn ekki einusinni getað ákveðið, hvenær hún gæti tekið afstöðu til beiðnarinnar. Hið síðasta væri þó persónulegt álit formanns Gjaldeyrisnefndar, að félagið fengi svar fyrir 15. des. nk.

Frú Ragnheiður Bjarnadóttir spurðist fyrir um, hvernig mundi háttað, að margir menn gengju nú um og byðu vörur til sölu og þættust vera heildsalar en væru það ekki.– Formaður sagði, að ef hægt væri að gefa upp nöfn þessara manna, væri sjálfsagt að athuga þetta.

Ingvar Sigurðsson kvað algjör vandræði að menn hefðu ekki fengist nein leyfi eða loforð og dæg dauði fyrir stéttina, ef svona gengi.

Formaður sagði að allir vissu, að formaður Gjaldeyrisnefndar væri okkur ekki hliðhollur og mundi auðvitað ekki hafa mikinn hug á að flýta okkar málum.–

Ingvar Sigurðsson vildi að stjórn félagsins hefði tal af <u>allri</u> Gjaldeyrisnefnd í einu, til þess að fá úr því skorið, hvort við ættum nokkuð að fá eða ekki og helst skriflegt. Formaður Gjaldeyrisnefndar væri einn ekki ábyrgur.–

Jón Björnsson taldi sennilegt að tala þyrfti við bankana um þetta. Það væru þeir, sem réðu.

Ragnar Blöndal benti á, að Gjaldeyrisnefnd hefði enn enga heildaráætlun gert um innflutning á næsta ári og því ótímabært að tala við alla nefndina eða bankana.– Gjaldeyrisnefnd ætlaði einmitt í dag að byrja að ræða innflutning næsta árs.–

Ingvar Sigurðsson sagði, að ekkert nema harðfylgi dygði við Gjaldeyrisnefnd. „Okkar stjórn verður að hafa pressu á nefndina eins og t.d. byggingamenn, sérstaklega ef formaður nefndarinnar er okkur ekki hliðhollur".

– – – – –

Ragnar Blöndal skýrir frá starfssviði Verðlagsnefndar og lýsir skýrslu þeirri, sem hún hefur sent vefnaðarvörukaupmönnum til útfyllingar, en sem hann telur að erfitt muni að fylla út. Hann las upp bréf Verðlagsnefndar til félagsins og svarbréf stjórnarinnar. Ennfremur las hann bréf Lárusar Jóhannessonar, hrm., með áliti hans á starfsreglum Verðlagsnefndar og afstöðu nefndarinnar til vefnaðarvörukaupmanna. R. Blöndal sagði loks, að stjórn félagsins hefði ákveðið, að leita álits tveggja

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

annara lögfræðinga um þetta mál.—

Jón Björnsson stakk upp á, að Verðlagsnefnd yrði aðeins svarað með bréfi en skýrslurnar ekki útfylltar.

Ragnar Blöndal kom með tillögu um, að formaður Verðlagsnefndar yrði kallaður á fund með stjórn félagsins, til þess að upplýsa, hvernig hann ætlaðist til, að skýrslur nefndarinnar yrðu útfylltar. Að því loknu yrði félagsmönnum svo skýrt frá niðurstöðu.—

Ingvar Sigurðsson þakkaði stjórn félagsins fyrir ágætt bréf til Verðlagsnefndar. Bendir á, að þetta sé pólitísk nefnd og mjög sé varhugavert að gefa henni upp tölur.—

Ragnar Blöndal las upp þá grein laganna um Verðlagsnefnd, sem bindur nefndarmenn þagnarskyldu en fara verði þó varlega, þrátt fyrir þessa tryggingu, sem lögin setji, því eins mætti búast við, að eitthvað yrði birt opinberlega úr þessum skýrslum og þá pólitískt. Annars skuli menn athuga skýrslurnar, hver fyrir sig.—

Ingvar Sigurðsson vill fara fram á frest til útfyllingar skýrslnanna, (fram yfir 6. des, hinn tiltekna tíma) því tíminn sé allt of stuttur.

Þorsteinn Þorsteinsson telur best að stjórnin hafi tal af formanni Verðlagsnefndar, eins og stungið var upp á.—Var það samþykkt.—

Frk. Kristjana Blöndal spurði, hvað liði breyting á búðarlokun (á föstud. kl. 19 í stað kl. 20). Sagði óþolandi að hafa opið til kl. 20 á föstudögum, og æskilegt að þessi breyting kæmist á skv. ósk Verslunarmannafélags Reykjavíkur, áður en kæmi til afskifta „Verslunarmannafélagsins", sem nýlega hefði vakið máls á þessu.

Formaður skýrði frá bréfi stjórnarinnar um þetta mál, til Verslunarráðsins. Lofaði, að stjórnin skyldi fylgja því eftir.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. tæpl. 17.

Á fundinum mættu 18 félagsmenn.

[illegible] Þ. Helgason

Ragnar Blöndal Sigríður Björnsdóttir

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þriðjudaginn 7. mars 1939, kl. 15, var haldinn ALMENNUR FUNDUR að Hótel Borg.

1. Umræðuefni var lokun sölubúða á föstudögum.—

Formaður skýrði fundarmönnum frá umræðum þeim, sem fram hafa farið á milli stjórna kaupmannafélaganna annarsvegar, og stjórnar Verslunarmannafélags Reykjavíkur, hinsvegar, um þetta mál.— Hann las útdrátt úr bréfi V.R. dags 6.3., en síðan var borin upp tillaga úr bréfi þeirra, svohljóðandi:

„Fundur í Félagi vefnaðarvörukaupmanna í Reykjavík, haldinn 7. mars 1939, samþykkir, að verða við tilmælum Verslunarmannafélags Reykjavíkur og skorar á Bæjarstjórn Reykjavíkur, að breyta gildandi reglugerð um lokunartíma sölubúða, þannig: Loka skal búðum á föstudögum frá 15. sept. til 15. maí, kl. 6 e. hádegi. Að öðru leyti skal reglugerðin vera óbreytt.“—

Tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

2. Þá las formaður útdrátt úr bréfi Verslunarmannafélags Reykjavíkur, dags. 24. jan. sl., um húsbyggingu V.R., sem rætt var á stjórnarfundi félagsins 16. febr. sl. og bað um álit félagsmanna. Gerði hann það að tillögu sinni, að nefnd yrði kosin til þess að athuga málið í samráði við stjórn félagsins og stakk upp á eftirfarandi 3 meðlimum félagsins í þessa nefnd:

Þorsteinn Þorsteinsson<br>
Halldór R. Gunnarsson<br>
Matthildur Björnsdóttir } Voru þau samþykkt.

(Þess skal getið, að auk Þorst. og Halld. stakk form. upp á Kristj. L. Gestssyni, er baðst undan kosningu og stakk upp á Matthildi Björnsd. í sinn stað.)

3. Frú Ragnheiður Bjarnadóttir bar upp svofellda tillögu:

„Stjórninni falið að reyna að hafa áhrif á, að tollar á vefnaðarvörum verði ekki hækkaðir, eins og lagafrumvarp fjárhagsnefndar Alþingis ber með sér.“

Samþykkt í einu hljóði.

Þvínæst var fundi slitið.

[illegible] Jón Helgason<br>
Axel Ketilsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Föstudaginn 31. mars 1939 var haldinn ALMENNUR FUNDUR að Hótel Borg.

1. Varaformaður ber upp tillögu um að Félag vefnaðarvörukaupmanna gangi í Félagasamband smásöluverslana og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

2. Lög Félagasambands smásöluverslana sömuleiðis samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.—

3. Samþykkt að stjórninni verði falið, að tilnefna einn aðalfulltrúa, með formanni, ásamt 2 varafulltrúa í F.S.S.

4. Lesið upp bréf, sem stjórn félagsins hafði skrifað miðstjórn Sjálfstæðisflokksins og ennfremur bréf og símskeyti, sem farið hafa á milli stjórna félaganna í F.S.S. og Ólafs Thors, formanns Sjálfstæðisflokksins.—

Axel Ketilsson     Páll Helgason

Þriðjudaginn 18. apríl 1939, kl. 15, var haldinn almennur fundur að Hótel Borg.

Áður gengið væri til dagskrár minntist fundarstjóri, Ragnar Blöndal, látins félaga, frk. Sigríðar Björnsdóttur, með nokkrum orðum.— Hún lést sl. laugardag, 15. apríl, eftir um 1½ mánaðar sjúkdómslegu. Hún hafði átt sæti í stjórn félagsins frá stofnun þess og til dauðadags.— Minntust fundarmenn hinnar látnu, með því að rísa úr sætum sínum.—

— — —

Formaður tók nú til máls og benti á að þau tvö mál, sem til umræðu væru: Afnám afsláttar og Verðlagsnefnd, væru svo tengd hvort öðru, að best væri að ræða þau saman. Lýsti hann nú nokkuð aðdraganda að og afskiftum stjórnar félagsins af breytingu þeirri, er Verðlagsnefnd nýlega ákvað á hámarksálagningu á vefnaðarvörum, (lækkun úr 50% í 47% af hér-keyptum vörum en úr 74% í 64% á vörum keyptum beint), sem þau hefði komið vegna gengisbreytingarinnar nú nýlega.— Gæti stjórn félagsins að einhverju leyti þakkað sér, að ekki hefði verið ákveðin enn meiri lækkun

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

álagningarinnar.— Sagði formaður, að stjórn félagsins liti svo á, að þar sem álagning kaupmanna á vefnaðarvörur væri nú svo miklum takmörkunum háð, þá væri tímabært og mjög æskilegt að félagsmenn samþykktu afnám afsláttar í smásölu. Kom fram svohljóðandi tillaga frá stjórninni:

„Með tilliti til þeirra reglna, sem Verðlagsnefnd hefir ákveðið, samþykkir fundur í Félagi vefnaðarvörukaupmanna í Reykjavík, haldinn 18. apríl 1939, að félagsmenn afnemi afslátt í smásölu frá 1. maí 1939, og felur stjórn félagsins að auglýsa þetta í nafni þess."

Þessari tillögu voru fundarmenn þegar allir samþykkir, nema tveir: Ásgeir Gunnlaugsson er lýsti sig andvígan henni og Ingvar Sigurðsson, er gat ekki fellt sig við hana afdráttarlaust. Hans vegna kom fram sú skýring, að þrátt fyrir samþykkt tillögunnar, hefði félagsmenn leyfi til þess að lækka verð á vörum, sem of dýrar reyndust með upphaflega ákveðnu verði, enda kæmi það fram sem nýtt ákveðið verð á vörunni en ekki afsláttur. Ennfremur að menn hefðu að sjálfsögðu heimild til þess að gefa afslátt vegna galla á vöru.—

Var tillagan síðan borin undir atkvæði og samþykkt með 21 atkvæði gegn 1.—

Ingvar Sigurðsson spurðist fyrir um það, hvort ekki mundi nú þykja tiltækilegt að fara fram á frjálsan innflutning frá Spáni.— Formaður lofaði að fylgjast vel með öllu því, er gerðist í því máli.—

Halldór R. Gunnarsson, sem verið hefir í varastjórn, tekur nú sæti Sigríðar heitinnar Björnsdóttur, sem gjaldkeri félagsins í stjórninni.—

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

[illegible] Páll Helgason

Ragnar Blöndal [illegible]Ketilsson

Halldór R. Gunnarsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mánudaginn 20. nóvember 1939, kl. 15, var haldinn AÐALFUNDUR að Hótel Borg. Voru mættir 15 félagsmenn.—

Fundarstjóri, Ragnar Blöndal, setti fundinn.

Gjaldkeri, Halldór R. Gunnarsson, las upp endurskoðaða reikninga félagsins fyrir síðastliðið starfsár.

Formaður, Árni Árnason skýrði frá störfum stjórnarinnar síðastliðið ár. Ræddi hann helstu viðfangsefni hennar, svo sem Verðlagsnefnd, innflutningsleyfi 1939, lokunartími sölubúða á föstudögum, Félagasamband smásöluverslana, afskifti lögreglustjóra af útsölum og verslunarleyfum kaupmanna, afnám afsláttar og lánsverslun, smávara á frílista, frjáls innflutningur vegna styrjaldarinnar, tollafrumvarpið nýja og innflutningsleyfi 1940.— Formaður benti á að störf stjórnarinnar gætu nokkuð markast af því, að síðastliðið starfsár hefðu verið haldnir 39 stjórnarfundir, á móti 19 árið 1938 og 17 árið 1937.—

Haraldur Árnason sagði, að Verslunarráð Íslands hefði haft tollafrumvarpið til gaumgæfilegrar athugunar og notið þar aðstoðar hagfræðinga. Athugasemdir Verslunarráðsins hefðu síðan verið sendar Alþingi.—

Ragnar Blöndal ítrekaði þau ummæli formanns úr skýrslu hans, að tollbreytingin þýddi 40-50% hækkun á vefnaðarvöru yfirleitt. Einstaka liðir væri lækkaðir, svo sem hrásilki, sem aldrei væri flutt inn. Hið eina, sem Milliþinganefnd í Tolla- og Skattamálum væri algjörlega sammála um, væri að tollar skyldu hér eftir reiknaðir af cifverði vöru en ekki verksmiðjuverði eða kaup-verði, eins og hingað til.—

Reikningar félagsins voru bornir undir atkvæði og voru samþykktir með öllum atkvæðum.—

Þá fór fram formanns-kosning. Var Árni Árnason endurkosinn formaður með 14 atkvæðum. Axel Ketilsson fékk 1.—

Úr stjórninni gengu Ragnar Blöndal og Halldór R. Gunnarsson. Voru báðir endurkosnir, með 14 atkvæðum hvor.—

2 varamenn í stjórn voru kosnir L. H. Müller, með 11 atkvæðum og Sigurður B. Sigurðsson með 9 atkv.

Endurskoðendur voru kosnir Jón Björnsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og Þorsteinn Þorsteinsson, með lófaklappi, skv. uppástungu fundarstjóra, en þeir fengu næst-flest atkvæði við kosningu varamanna í stjórn.—

Í Félagsráð Verslunarráðsins voru endurkosnir Jón Björnsson ~~[illegible]~~ og Ragnar Blöndal, með lófaklappi.—

Í Félagasamband smásöluverslana er formaður sjálfkjörinn en auk hans var endurkosinn, sem fulltrúi þar, Jón Helgason.

2 varamenn í Félagasamband smásöluverslana voru kosnir Axel Ketilsson og Ragnar Blöndal.

Fleira gerðist ekki.— Fundi slitið.—

Árni Árnason  Jón Helgason

Ragnar Blöndal  Axel Ketilsson

Hallsteinn R. Gunnarsson

Laugardaginn 10. febrúar 1940, kl. 15, var haldinn ALMENNUR FUNDUR að Hótel Borg.

Ragnar Blöndal setti fundinn; formaður, Árni Árnason, skýrði frá því, að til þessa fundar væri boðað samkvæmt ósk Verslunarráðs Íslands. Var Björn Ólafsson mættur á fundinum, fyrir þess hönd, og gaf formaður honum orðið.—

Skýrði Björn Ólafsson frá því, að niðurstaðan í samningsumleitunum Breta og Íslendinga um viðskiptamálin, væri sú, að skipuð hefði verið nefnd til þess að hafa þau mál með höndum og ættu menn beggja þjóða sæti í henni.—

Mæltist Björn til þess, að fundarmenn tæki afstöðu til þessara mála.

Þorsteinn Þorsteinsson gerði nokkrar fyrirspurnir, en Björn Ólafsson sagðist ekki geta veitt frekari upplýsingar en hann hefði þegar gefið, á þessu stigi málsins.—

— — — —

Þorsteinn Þorsteinsson spurði, hvað liði veitingu innflutningsleyfa.

Formaður skýrði frá því, að stjórn félagsins hefði átt tal við Gjaldeyrisnefnd og fjármálaráðherra.— Í næstu viku mætti búast við svari Gjaldeyrisnefndar.—

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þá spurði Þorsteinn Þorsteinsson ennfremur, hvort ekki mætti búast við, að Verðlagsnefnd leyfði hækkun álagningar, þar sem allt færi nú hækkandi, svo sem kaup.—

Ragnar Blöndal sagði að hjá Verðlagsnefnd hefði nú í 2 mánuði verið til umræðu lækkun álagningarinnar, svo varla mætti búast við hækkun. Og hámarksverð á sykri, sem ennþá hefði verið undanþegnir ákvæðum Verðlagsnefndar, yrði sennilega ákveðið í dag.—

Fundi slitið.—

Þór Helgason

[illegible]

Halldór R. Gunnarsson

Ragnar Blöndal.

Axel Ketilsson

Miðvikudaginn 25. september 1940, kl. 15, var haldinn ALMENNUR FUNDUR að Hótel Borg.—

Formaður, Árni Árnason, setti fundinn og bað Axel Ketilsson að vera fundarstjóra.—

Formaður gat þess, að félag vefnaðarvörukaupmanna væri líklega fyrsta félagið, sem hreyft hefði umræðum um dýrtíðaruppbót starfsmanna (á stjórnarfundi í nóv. 1939) og fyrsta félag kaupmanna, til þess að fá undirskriftir félagsmanna um það að greiða starfsfólki dýrtíðaruppbót. En jafnframt væri það eina kaupmannafélag í Reykjavík, sem enn hefði ekki gert samning við Verslunarmannafélag Reykjavíkur, um dýrtíðaruppbótina. Formaður gat þess, að tilmæli hefði komið frá Verslunfél. Rv. um það að félagið undirritaði samning við það um dýrtíðaruppbót starfsmanna og las samning þann, sem Verslunarmannafélagið hefði þegar gert við hin kaupmannafélögin.— Gerði formaður ráð fyrir því, að þeir félagsmenn, sem í janúar undirrituðu samþykkt um að greiða starfsfólki sínu uppbót, hefðu gert það og fór þess á leit við fundarmenn, að þeir veittu stjórn félagsins heimild til

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þess, að undirrita samning við Verslunar-
mannafélag Reykjavíkur, um dýrtíðar-
uppbótina, fyrir félagsins hönd. Gat
formaður þess, að það væri nú talið fullvíst,
að næsta Alþingi mundi samþykkja lög
um dýrtíðaruppbót verslunarfólks, á
sama grundvelli og samþykkt hefði
verið til handa opinberum starfsmönnum.–

Bað fundarstjóri menn að ræða
tilmæli formanns um umboð stjórn
félagsins til handa. Tók enginn sérstak-
lega til orða, heldur varð kaffirabb um
málið og voru allir á einu máli
um það, að sjálfsagt væri, að stjórnin
undirritaði samninginn fyrir hönd
félagsins.–

Þorsteinn Þorsteinsson sagði að sjálf-
sagt væri að samþykkja dýrtíðaruppbótina,
þótt hann efaðist um, hversu vel kaupmenn
stæðu að vígi, með þeim innflutningi, sem
nú væri leyfður. Því leyfin væru nú raun-
verulega talsvert minni en áður, þar sem
þau væru nú tekin af hinum háu flutnings-
gjöldum.

Ingvar Sigurðsson vildi reyna að
knýja ríkisstjórnina til þess að gefa innflutning
á vefnaðarvöru frjálsan frá Englandi,
því mjög væri nú óvíst, hve lengi
yrði hægt að fá vörur þaðan, ef loftárásir
á England héldu stöðugt áfram, og
alveg víst að þær færi síhækkandi í verði.

Formaður sagði, að stjórn félagsins
hefði margsinnis bent á þessar staðreyndir
við viðkomandi yfirvöld en það væri
eins og að berja höfðinu við steininn.
Formaður gat þess einnig, að hann hefði
nokkrum sinnum átt tal við fjár-
málaráðherra út af viðbótarinn-
flutningi nú og hefði hann í dag
talið líklegt, að hann fengist á
næstunni. Umboðið var síðan borið undir
atkvæði og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.–

[illegible] Páll Helgason

Axel Ketilsson

Haldór R. Gunnarsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fimmtudaginn 28. nóvember 1940, kl. 15, var haldinn AÐALFUNDUR á félagsheimili Verslunarmannafélags Reykjavíkur, í Vonarstræti. Mættir voru 19 félagsmenn.—

Formaður, Árni Árnason, setti fundinn og tilnefndi Ragnar Blöndal fundarstjóra.— Fundarstjóri gaf því næst formanni, Árna Árnasyni, orðið.—

Formaður gaf skýrslu um störf stjórnar félagsins á síðastliðnu starfsári. Sagði hann að þau hefðu aðallega fyrst og fremst snúist um Gjaldeyrisnefnd. Þá hefði stjórn félagsins gert kröfur til Verslunarráðs og ríkisstjórnar í sambandi við frílistann, sem út var gefinn síðastliðið sumar, þótt lítið hefði áunnist.— Um Verðlagsnefnd gat formaður þess, að hún hefði haft fullan hug á því að ákveða hámarksverð á bókum, bæði í heildsölu og smásölu. Fyrir atbeina dr. Odds Guðjónssonar hefði hámarksverðið þó verið einskorðað við heildsölu. Tók formaður það fram, sérstaklega, að dr. Oddur hefði í þessu máli, eins og reyndar mörgum öðrum, verið félaginu sérstaklega hjálplegur. Og væri hann jafnan boðinn og búinn til þess að veita aðstoð sína, er til hans væri leitað.—

Þá sagði formaður að afskipti Verðlagsnefndar væri ekki búin enn, því í október og nóvember hefði formaður hennar tekið hámarksálagninguna á vefnaðarvörur á dagskrá að nýju og vildi lækka hana enn.— Mætti búast við því, að Verðlagsnefnd tæki þetta mál upp eftir áramótin. En að sinni hefði stjórn félagsins fengið því áorkað, að Verðlagsnefnd biði nú eftir rekstursreikningum yfirstandandi árs.—

Önnur helstu mál, sem stjórnin hefði haft til meðferðar, sagði formaður, voru dýrtíðaruppbót starfsfólks, Ameríkupósturinn, seinagangur á tollafgreiðslu og brot gegn reglugerð um útsölur.

Þá las Halldór R. Gunnarsson, gjaldkeri, upp endurskoðaða reikninga félagsins, og voru þeir samþykktir.—

Nú fóru fram kosningar.

Árni Árnason var endurkosinn formaður — með lófaklappi.— Fór svo um allar kosningar, er fram fóru á fundinum, að þær urðu samþykktar með lófaklappi.—

Úr stjórn áttu að ganga Axel Ketilsson og Jón Helgason. Voru báðir endurkosnir.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í varastjórn voru endurkosnir L. H. Müller og Sig. Ó. Sigurðsson.

Endurskoðendur voru og endurkosnir. Þeir Jón Björnsson og Þorsteinn Þorsteinsson. –

Í Félagsráði Verslunarráðs Íslands hafa átt sæti Jón Björnsson og Ragnar Blöndal. Hinn síðarnefndi á nú sæti í stjórn Verslunarráðsins, sem varamaður. Stakk fundarstjóri upp á Jóni Björnssyni og Árna Árnasyni, sem fulltrúum í félagsráðið, og var það samþykkt. –

Sem fulltrúi með formanni, (sem er sjálfkjörinn) í Félagasamband smásöluverslana var Jón Helgason endurkosinn, en varamenn endurkosnir þeir Axel Ketilsson og Ragnar Blöndal.

Ragnar Blöndal gerði grein fyrir þátttöku félags vefnaðarvörukaupmanna í F.S.S. En helsta verkefni Sambandsins á yfirstandandi ári, voru viðtækar breytingartillögur, er það hefði gert við lög Verslunarráðsins og endurskoðun á skipulagi þess. – Hefði Ársfundur V.Í. skipað nefnd, til þess að endurskoða lög Verslunarráðsins á grundvelli þessara tillagna, og ætti hún að ljúka störfum fyrir áramót.

Formaður kom með þá tillögu, fyrir hönd stjórnarinnar, að aðalfundur samþykkti að gefa Húsbyggingarsjóði Verslunarmannafélags Reykjavíkur peningagjöf, í tilefni af 50 ára afmæli félagsins í janúar nk., og samþykkti fundurinn að Húsbyggingarsjóðnum yrðu gefnar 1000 krónur. –

Haraldur Árnason lýsti ánægju sinni yfir því að félag vefnaðarvörukaupmanna yrði fyrst ~~til þess~~, allra félaga til þess að afhenda Húsbyggingarsjóði V.R. rausnarlega gjöf, en Verslunarmannafélagið væri nú alls góðs maklegt, er það hefði komið upp svo myndarlegum samkomustað verslunarmanna, sem raun bæri vitni. Haraldur þakkaði stjórn félagsins starfið undanfarið ár.

Formaður þakkaði.

Fundi slitið kl. 16.

Árni Árnason Jón Helgason

Ragnar Blöndal Halldór R. Gunnarsson

Axel Ketilsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Laugardaginn 25. janúar 1941, kl. 15, var haldinn ALMENNUR FUNDUR í V.-R.-húsinu.

Formaður setti fundinn og stakk upp á Ragnari Blöndal sem fundarstjóra.—

Fundarstjóri gaf formanni orðið.

Formaður skýrði frá því, að Verslunarmannafélag Reykjavíkur óskaði þess, að gera samning við Félag vefnaðarvörukaupmanna um dýrtíðaruppbót starfsmanna, eins og önnur kaupmannafélög, á þeim grundvelli, að félagsmenn greiddu starfsmönnum sínum fulla dýrtíðaruppbót frá síðastliðnum áramótum, skv. útreikningum Kauplagsnefndar. Og skyldi uppbótin greiðast mánaðarlega, samkvæmt vísitölu Kauplagsnefndar næsta mánuð á undan.—

Las formaður upp uppkast að samningi, sem hann sagði að formenn hinna ýmsu kaupmannafélaga hefðu samþykkt fyrir sitt leyti og leitaði nú samþykkis félagsmanna til þess að stjórnin mætti undirrita samninginn fyrir félagsins hönd, eins og gert væri í hinum félögunum.—

Fundarstjóri gat þess að stjórn Fél. vefn. hefði komið því ákvæði í samninginn, að hann gilti um óákveðinn tíma og væri uppsegjanlegur með 3ja mánaða uppsagnarfresti, í stað þess að binda hann við eitt ár.

Haraldur Árnason áleit að í framtíðinni yrði heppilegra, að hin ýmsu kaupmannafélög ræddu breytingar á samningi sem þessum, sameiginlega, og kæmist að sameiginlegu áliti, áður en til samninga væri gengið við Verslunarmannafélag Reykjavíkur.—

Formaður gat þess, að sama álit hefði komið fram innan stjórnarinnar og teldi hún jafnvel eðlilegast að Verslunarráðið hefði milligöngu um slíka samninga framvegis.—

Um samninginn sjálfan kvaddi enginn sér hljóðs — en ýmsir fundarmenn létu í ljós það álit, að uppbótin væri sjálfsögð réttlætiskrafa. Var samningurinn borinn undir atkvæði og samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.—

Á fundinum mættu ca. 20 félagsmenn.

Fundi slitið.—

Páll Helgason

[signature]

Þriðjudaginn 25. nóvember 1941, kl. 15, var haldinn AÐALFUNDUR í V.R.-húsinu í Vonarstræti. Mættir voru 17 félagsmenn.—

Formaður, Árni Árnason, setti fundinn og stakk upp á Ragnari Blöndal sem fundarstjóra.

Ragnar Blöndal minntist Axels Ketilssonar, er átti sæti í stjórn félagsins frá stofnun þess, þar til hann lézt 16. maí s.l. Risu fundarmenn úr sætum í minningu hins látna.—

Formaður lýsti störfum félagsstjórnar síðastliðið starfsár. Stjórnarfundir voru 16 haldnir en almennur fundur einn.

Rakti formaður fyrst afskifti stjórnarinnar af Gjaldeyrisnefnd og sagði að yfirstandandi ár hefði hún veitt vefnaðarvörukaupmönnum 80% leyfi (af meðalinnflutn. 1929-1931) auk 5% fyrirfram-leyfis, er veitt var í árslok 1940. Auk þess hefði Gjn. nú þegar samþykkt innflutning 1942, er nema skyldi 65% af veitingu ársins 1941. Jafnvel hefði því heyrst fleygt, að innflutningur frá Bretlandi yrði gefinn frjáls.

Þá minntist formaður á Verðlagsnefnd og lækkun þá á álagningu, er hún hefði samþykkt á árinu. Taldi formaður að félagsmenn mættu vel una við þá útkomu, eftir atvikum, úr því ekki varð komist hjá breytingu, því um tíma hefði verið líkur á talsvert meiri lækkun en samþykkt var að lokum.—

Um tollafgreiðsluna gat formaður þess að stjórnin hefði kvartað undan seinni afgreiðslu við tollstjóra. Hefði hann tekið mjög vel í að lagfæra það, sem ábótavant var og raunverulega hefði tollafgreiðslan gengið greiðara fyrst í stað, eftir viðtalið við tollstjóra þótt nú sækti í gamla horfið aftur.—

Formaður sagði, að stjórninni hefði borist kvartanir um, að heildsalar seldu „prívat“ mönnum af lagerum sínum.— Um þetta mál hefði stjórnin ritað Fél. ísl. stórkaupmanna og óskað eftir leiðréttingu en svar væri ókomið.—

Loks talaði formaður um breytingar þær á lögum Verslunarráðsins, er fengust vegna atbeina Félagasambands smásöluverslana. Enda þótt lagabreytingarnar gengju talsvert skemmra en smásalar hefðu kosið, væri hér stigið stórt spor í rétta átt, enda hefði nú skapast miklu nánari samvinna Verslunarráðsins við smásala en verið hefði. Í sambandi við

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þessi mál taldi formaður sér skylt að minnast Dr. Odds Guðjónssonar fyrir mikil störf og hjálpsemi á allan hátt.–

Þá las gjaldkeri upp ~~samþykkta~~ endurskoðaða reikninga félagsins og voru þeir samþykktir. Rekstrartap hafði orðið á árinu, kr. 509.67, er aðallega stafaði af 1000 kr. gjöf félagsins til Húsbyggingarsjóðs Verzlunarmannafélags Reykjavíkur í janúar sl.–

— — — —

Þá fóru fram kosningar.

Árni Árnason var endurkosinn formaður með 15 atkvæðum. Ragnar Blöndal fékk 1 atkvæði.

Úr stjórn gengu Ragnar Blöndal og Halldór R. Gunnarsson og ennfremur Sig. B. Sigurðsson, er sat þar sem varamaður síðan Axel Ketilsson dó.–

Voru þeir allir endurkosnir. Fékk Ragnar 15 atkvæði, Halldór 15 og Sigurður 12.

Stakk fundarstjóri nú upp á þeim tveim mönnum í varastjórn, er næst flest atkvæði fengu og var það samþykkt. Voru það þeir Haraldur Árnason (2) og Jón Björnsson (2).–

Stungið var upp á Þorsteini Þorsteinssyni og Ingvari Sigurðssyni sem endurskoðendum og voru þeir samþykktir.

Í Fulltrúanefnd Verzlunarráðsins er formaður sjálfkjörinn. Í stað Ragnars Blöndal, er á sæti í stjórn Verzlunarráðsins var stungið upp á Ingvari Sigurðssyni, sem aðalmanni í fulltrúanefndina, er var samþykkt. En Sigurður B. Sigurðsson og Jón Helgason voru endurkosnir varamenn í fulltrúanefndina.–

Í Félagasamband smásöluverzlana er formaður sjálfkjörinn. Með honum, sem aðalmaður, var endurkosinn Jón Helgason, en varamenn Ragnar Blöndal og Sig. B. Sigurðsson.–

— —

Að loknum kosningum voru gerðar nokkrar fyrirspurnir viðvíkjandi framlengingu leyfa 1941 til næsta árs, sölu til setuliðsmanna o.fl. Svaraði stjórnin.–

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Jón Helgason

Árni Árnason

S. B. Sigurðsson

Ragnar Blöndal

Halldór R. Gunnarsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Föstudaginn 4. september 1942, kl. 15, var haldinn ALMENNUR FUNDUR á Félagsheimili Verzlunarmannafélags Reykjavíkur í Vonarstræti.

Á dagskrá var eitt mál: Dýrtíðaruppbót starfsmanna.—

Formaður setti fundinn en tilnefndi Ingvar Sigurðsson sem fundarstjóra.

Árni Árnason formaður gerði grein fyrir viðræðum þeim, sem fram hafa farið um auka-dýrtíðaruppbót starfsmanna, af hálfu hinna ýmsu sérgreinarfélaga kaupmanna annarsvegar og Verzlunarmannafélags Reykjavíkur hinsvegar. En niðurstaðan varð samningur þessara aðilja, dagsettur 1. sept. 1942. Gat formaður þess að hann hefði þegar undirritað hann en áður leitað álits allra þeirra félagsmanna, er hann hefði náð til og þeir samþykkt samninginn. Var samningurinn nú borinn undir atkvæði og samþykktur samhljóða.—

Á fundinum mættu 10 félagsmenn.

Fundi slitið.

Árni Árnason

Jón Helgason

Hallдór R. Gunnarsson

Föstudaginn 20. nóvember 1942, kl. 15, var haldinn AÐALFUNDUR í V.-R.-húsinu í Vonarstræti. Mættir voru 18 félagsmenn.—

Formaður, Árni Árnason, setti fundinn og stakk upp á Ragnari Blöndal sem fundarstjóra.

Formaður gaf yfirlit um störf stjórnarinnar síðastliðið starfsár. Haldnir voru 17 stjórnarfundir og 1 almennur fundur. Formaður sagði að fyrri hluta árs hefði enn verið nokkur tregða á innflutningsleyfum en síðari hluta ársins hefði innflutningur frá Englandi verið svo til frjáls. Hinsvegar hefði þá verið orðið erfitt um kaup á mörgum vörum, vegna takmarka á afgreiðslugetu Englendinga, svo leyfin hefðu komið of seint.— Formaður sagði, að í upphafi ársins hefði lokkun á álagningu, sem fyrirhuguð var af Verðlagsnefnd, verið afstýrt, þótt nú mætti sennilega búast við nýjum áhlaupum úr þeirri átt.— Kvörtun hefði félagsstjórninni borist út af því, að póstluisið reiknar hærra gengi á erl. mynt en bankarnir og hefði póstmálastjóra tvisvegis verið skrifað út af því. Loks barst svar hans er var neikvætt og bar póstmálastjóri því við, að ekki væru réttar nokkrar kvörtur

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á ódrusendingar í pósti frá útlöndum, yrði sú leið misnotuð og yfirfyllt. — Í sumar var samþykkt grunnkaupshækkun hjá starfsmönnum félagsmanna, á almennum fundi, að undangengnum viðræðum formanns við formenn annara sérgreinafélaga og stjórn Verslunarmannafélags Reykjavíkur. Var þar byggt á sama grundvelli og hjá opinberum starfsmönnum.

Nýlega höfðu kaupmenn á Akureyri tilkynnt lokun sölubúða kl. 16 á laugardögum, vetrarmánuðina, en verslunarmenn í Hafnarfirði farið þess sama á leit við kaupmenn þar. Þeir sögðust myndu fara eftir kaupmönnum Reykjavíkur og var málið því tekið til umræðu af sérgreinafélögunum við stjórn Verslunarmannafélags Reykjavíkur. — Niðurstaðan varð einróma sú, að lokunartími skyldi hér óbreyttur. —

Nú las gjaldkeri, Halldór R. Gunnarsson, upp endurskoðaða reikninga félagsins og voru þeir samþykktir í einu hljóði. —

Þá fóru fram kosningar. — Voru allir þeir, er úr embættum skyldu ganga, endurkosnir með hinu ~~lofilega~~ lófaklappi, þannig:

Formaður: Árni Árnason
meðstjórnendur: Sigurður B. Sigurðsson
og Jón Helgason
Í varastjórn: Haraldur Árnason og
Jón Björnsson
Endurskoðendur: Þorsteinn Þorsteinsson og
Ingvar Sigurðsson
Í fulltrúanefnd Verslunarráðsins: form. sjálfkj.
annar aðalmaður: Ingvar Sigurðsson
varamenn: Sigurður B. Sigurðsson og
Jón Helgason
Í Félagasamband smásöluverslana: form. sjálfkj.
annar aðalmaður: Jón Helgason
varamenn: Ragnar Blöndal og
Sigurður B. Sigurðsson.

Stjórnin bar fram breytingartillögur á 5. og 7. grein laga félagsins, er, ásamt viðbótartillögu, er fram kom, voru samþykktar með öllum greiddum atkvæðum allra viðstaddra fundarmanna.

Skal 5. grein hljóða svo:

„Árstillag skal fyrst um sinn vera kr. 50.oo, er greiðist fyrirfram."

og 7. grein skal hljóða:

„Aðalfundur skal haldinn í nóvembermánuði ár hvert. — Skal boða til hans í ábyrgðarbréfi

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

með löglegum fyrirvara.— Aðalfundur er lögmætur, ef löglega er til hans boðað. Breytingar á lögum félagsins má því aðeins gera, að þess hafi verið getið í fundarboðinu."

Á aðalfundi skal skýrt frá starfi og hag félagsins, kosin stjórn og 2 endurskoðendur.— Lagabreytingar má aðeins gera á aðalfundi og þurfa að öðlast 3/4 hluti greiddra atkvæða viðstaddra félagsmanna."

Í sambandi við lagabreytingar þessar lýsti Þorsteinn Þorsteinsson yfir því, að hann teldi æskilegt að nokkuð yrði gert til þess að afla félaginu nýrra meðlima, þar sem vefnaðarvöruverslanir væru nú orðnar svo margar í bænum en félagið teldi aðeins 31 félagsmann.— Stakk hann upp á því að stjórn félagsins skrifaði vefnaðarvöru-kaupmönnum, er utan félagsins stæðu, og hvetti þá til þess að ganga í félagið.—

Formaður sagði að öllum eldri vefnaðarvörukaupmönnum hefði verið skrifað en fyrir sennilega ekki séð sér hag í því að ganga í það. Nú væru þó nokkrir nýir á leið í félagið. Taldi formaður vafasamt, hvort rétt væri að gera nokkra herferð, til þess að fjölga félagsmönnum og gaf í skyn, að sumir þeirra, er nú hefðu opnað vefnaðarvöruverslanir í götunum, myndu þar ekki langlífir.— Ragnar Blöndal studdi tillögu Þorsteins um að stjórnin tæki mál þetta til athugunar, og var það samþykkt.

Loks bar stjórnin fram tillögu um takmörkun útlána. Gat Ragnar Blöndal þess að áður hefði verið gerð samþykkt um nokkra takmörkun útlána og eins um afnám afsláttar og hefði hvorttveggja gefist vel.— Skriftir vöru í reikning væri mest vani og oftar skrifaðar litlar upphæðir en þær stærri staðgreiddar.— Samþykkt þessi myndi verða kaupmönnum mikill stuðningur gegn útlánum en héldi jafnframt opinni leið til frjálsra samninga við þá viðskiftamenn, sem félagsmenn ekki vildu loka lánum fyrir að svo stöddu.—

Tillagan hljóðar svo, og var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum:

„Vegna sívaxandi erfiðleika á innheimtu reikninga

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

verður hér eftir einungis selt gegn staðgreiðslu. Fastir viðskiftamenn geta þó haldið reikningsviðskiftum áfram, gegn því að greiða vörurnar á söluistað fyrir 10. dag næsta mánaðar eftir úttekt, sé ekki öðru vísi um samið."

Gert var ráð fyrir því að auglýsa þetta í dagblöðunum bæjarins og afhenda félagsmönnunum af auglýsingunni prentuð eintök, bæði til þess að hafa hangandi í búðum sínum og til þess að senda með reikningum.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

[signature] Pál Helgason

Ragnar Blöndal. S. B. Sigurðsson

Halldór R. Gunnarsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# L Ö G

## Félags vefnaðarvörukaupmanna í Reykjavík

(9.jan.1932 og 20.nóv.1942)

ooOOoo

### 1. grein

Nafn félagsins er "Félag vefnaðarvörukaupmanna í Reykjavík" og heimilisfang þess er Reykjavík.

### 2. grein

Stefna félagsins er, að efla samvinnu meðal vefnaðarvörukaupmanna og stuðla að því að verzlun í landinu sé rekin á heilbrigðum grundvelli.

### 3. grein

Starfssvið félagsins verður fyrst um sinn meðal annars að koma á fundarsamþykktum um eftirfarandi atriði: Verðlag, Lokun sölubúða, Auglýsingar, Afslátt, Útsölur, Lánveitingar, og að gæta hagsmuna stéttarinnar yfirleitt. Fundarsamþykktir eru því aðeins lögmætar, að þær fái 3/4 hluta greiddra atkvæða.

### 4. grein

Félagar geta allir orðið, sem hafa verzlunarleyfi og opna sölubúð og verzla með vefnaðarvörur.

Til þess að geta orðið félagi, þarf þó 3/4 greiddra atkvæða. Stjórn félagsins getur einnig gert mann að félaga utan fundar ef 4/5 stjórnarinnar eru honum meðmæltir. Ef félagi hættir að verzla með vefnaðarvörur í 1 ár er hann sjálfkrafa úr félaginu.

Félagi getur sagt sig úr félaginu með 3 mánaða uppsagnarfresti fyrir aðalfund. Þó getur félagi sagt sig úr félaginu fyrirvaralaust eftir að hafa talað við stjórnina, ef gerðar hafa verið samþykktir, sem hann ekki sér sér fært að halda. Verði einhver félagsmaður uppvís um að brjóta lög félagsins eða að vinna á móti hagsmunum félagsmanna, er hann réttrækur úr félaginu; þó þarf til þess samþykki 3/4 fundarmanna. Öllum félagsmönnum er skylt að gefa stjórninni þær upplýsingar, sem hún kann að óska um einstaka viðskiftamenn, þegar um verndun sameiginlegra hagsmuna er að ræða.

### 5. grein

Árstillag skal fyrst um sinn vera kr. 50.oo, er greiðist fyrirfram.

### 6. grein

Stjórn skipa 5 menn, formaður og fjórir meðstjórnendur. Tveir menn skulu kosnir í varastjórn.

Formaður og varastjórnendur skulu kosnir til eins árs í senn, en meðstjórnendur til tveggja ára, þó þannig, að tveir af þeim víki úr stjórn eftir hlutkesti á næsta aðalfundi. Formaður skal kosinn sérstaklega. Stjórnin getur skipað félagsmenn í nefndir sér til aðstoðar.

### 7. grein

Aðalfundur skal haldinn í nóvembermánuði ár hvert. Skal boða til hans í ábyrgðarbréfi með 1 viku fyrirvara. Aðalfundur er lögmætur, ef löglega er til hans boðað. Breytingar á lögum félagsins má því aðeins gera, að þess hafi verið getið í fundarboðinu.

Á aðalfundi skal skýrt frá starfi og hag félagsins, kosin stjórn og 2 endurskoðendur. Lagabreytingar má aðeins gera á aðalfundi og þurfa að öðlast 3/4 hluti greiddra atkvæða viðstaddra félagsmanna.

### 8. grein

Ef félagið verður leyst upp skal sjóður þess, ef nokkur er, renna til Styrktar- og sjúkrasjóðs verzlunarmanna. Til þess að leysa félagið upp þarf samþykki aðalfundar og 3/4 atkvæða viðstaddra fundarmanna.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Föstudaginn 4. júní 1943, kl. 15, var haldinn ALMENNUR FUNDUR í V.-R.-húsinu í Vonarstræti. — Mættir voru 15 félagsmenn.-

Formaður, Árni Árnason, setti fundinn og stakk upp á Ingvari Sigurðssyni sem fundarstjóra og var það samþykkt.-

Á dagskrá voru þessi mál:

Úthlutun innflutningsleyfa,
Verðlagsákvæði,
Lokunartími sölubúða,
Önnur mál.

Formaður skýrði frá því að hann og ritari hefðu nýlega farið á fund formanns Viðskiptaráðs og innt eftir svari við bréfi félagsins frá 15. mars, þar sem óskað var eftir að úthlutun innflutningsleyfa yrði hraðað, þar sem óheppilegt væri að draga mjög lengi að gera innkaup á vefnaðarvöru. Bréfið frá 15. mars hafði félagið ítrekað og var samtalið við formann Viðskiftaráðs nú svar við bréfum félagsins.— Gat form. Viðsk.-r. þess að skýrslusöfnun um innflutning vefnaðarvöru væri senn lokið og mundi vera hægt að vinna úr þeim og veita leyfi samkvæmt hinum nýja grundvelli um miðjan júní.— Hinsvegar gæti komið til mála að veita bráðabirgðaleyfi fyrir einhverjar tegundir vefnaðarvöru. Gat formaður félagsins að sér og ritara hefði þótt sjálfsagt að bíða heldur 3-4 vikur og fá reglulega úthlutun heldur en að þiggja bráðabirgðaskammt nokkurra tegunda.— Frá Engl. mundi verða veitt leyfi eftir því sem þaðan fengist vörur. Um skiftingu innflutnings á milli hinna ýmsu aðilja (kaupm., iðnaðar o.s.frv.) væri enn óákveðið.—

Um verðlagseftirlitið gat formaður þess að félagsmenn mundu hafa séð auglýsingu verðlagsstjóra út af hækkun farmgjalda frá Ameríku. En fyrir 20. júní væri hugmynd verðlagsnefndar að hafa endurskoðað öll eldri ákvæði um hámarksálagningu. Formaður sagði að stjórn félagsins vildi ekki sækja mál á væntanlegum breytingum við verðlagsnefnd að fyrra bragði, en loforð formanns nefndarinnar lægi fyrir um það, að stjórn félagsins fengi að fylgjast með, ef breytingar stæðu til hvað vefnaðarvöru snertir.—

Þá kom formaður að lokunartíma sölubúða, og sagði að sumir félagsmenn væru

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

óánægðir með að hafa opið til kl. 20 á föstudögum yfir sumarmánuðina – þætti nóg að hafa þá opið til kl. 19. – Bað hann Harald Árnason að segja um þetta nokkur orð en hann hefir óskað eftir því að málið yrði tekið upp. –

Haraldur Árnason lýsti mjög óánægju sinni með að hafa opið lengur en til kl. 19 á föstudögum. – Hann hefði þegar í fyrra eða jafnvel í hitteðfyrra verið því mótfallinn og lofað að vera með fyrst um sinn. Nú hefði hann þegar lokað kl. 19 undanfarna föstudaga og því vildi hann ekki breyta ótilneyddur. – Taldi hann engum hag að því að hafa opið svo lengi frameftir og starfsfólki til hins mesta óhagræðis. – Leit Haraldur svo á að engin nauðsyn væri á því að loka á sama tíma og til dæmis kjötverslanir, ef þeim þætti nauðsynlegt að hafa opið til kl. 20. –

Árni Árnason lýsti sig mótfallinn því að skerast úr leik og loka á öðrum tíma en aðrar greinar verslunarinnar. Verkamenn og handverksmenn fengju útborgað á föstudögum kl. 18 og myndi þeim þykja slæmt að hafa ekki tvo tíma til innkaupa, eins og verið hefði, er svo stuttur dagur væri að morgni. Og ef nú ætti enn að sleppa öðrum tíma verslunarmanna myndi slíkt skapa óánægju hjá öðrum stéttum. – Formaður sagðist því aðeins vera breytingu fylgjandi að það yrði með samkomulagi við önnur sérgreinarfélög. –

Ingvar Sigurðsson harmaði að Haraldur Árnason hefði tekið upp þann sið að loka fyrr á föstudögum en fyrirmæli stæðu til, án þess að þeim hefði formlega verið breytt á fundi eða samtök gerð um það og taldi alveg sjálfsagt að leita samkomulags um breytingu við önnur sérgreinarfélög. Margir vefnaðarvörukaupmenn stæðu utan við félagið og myndu þeir þá sennilega hafa opið áfram til kl. 20, ef ekki kæmi út reglugerð um breytinguna. –

Haraldur Árnason benti á að í sumum öðrum löndum væru búðir opnar mismunandi lengi og færi það eftir því, hvað selt væri. Hann þóttist þess fullviss að samkomulag fengist ekki við önnur sérgreinarfélög, það hefði fyrr verið reynt. –

Var nú borin fram tillaga frá stjórn

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

félagsins, svohljóðandi:

„Fundurinn samþykkir að fela stjórn félagsins að ræða við stjórnir annara sérgreinafélaga bæjarins um að breyta lokun búða á föstudögum, þannig að framvegis verði þá lokað kl. 19 í stað 20 (sumarmánuðina) og ef samkomulag næst milli sérgreinarfélaganna þá að fá reglugjört um lokun sölubúða breytt."

Var tillagan samþykkt með samhljóða atkvæðum allra fundarmanna.–

Fleira gjörðist ekki.– Fundi slitið.–

[signature] [signature]

S. B. Sigurðsson

Mánudaginn 4. október 1943, kl. 15, var haldinn ALMENNUR FUNDUR í V.-R.-húsinu í Vonarstræti. Mættir voru 18 félagsmenn.–

Formaður, Árni Árnason, stakk upp á Þorsteini Þorsteinssyni sem fundarstjóra, og var það samþykkt.

Á dagskrá var:

1. Breyting á lokunartíma sölubúða.
2. Önnur mál.

Formaður skýrði frá því að hann hefði nýlega setið fund með formönnum annara sérgreinafélaga bæjarins, er Verzlunarmannafélag Reykjavíkur hefði boðað til.– Var þar til umræðu tilmæli V.R. að samkomulag yrði um það, að búðum yrði lokað kl. 16 á laugardögum vetrarmánuðina, en kl. 19 á föstudögum sama tímabil. Sagðist formaður vera á móti þessu fyrir sitt leyti. Sagðist gera ráð fyrir að næsta skrefið yrði krafa um að loka kl. 13 á laugardögum allt árið. Óskaði eftir að heyra álit fundarmanna.–

Haraldur Árnason sagði að við þessa fyrirhuguðu breytingu mundi vinnutíminn raunverulega aðeins styttast um ½ tíma, því, ef lokað yrði kl. 16, félli

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kaffitímunum niður, svo ávinningur yrði harla lítill fyrir búðarfólk. — Hann sagðist hafa spurt sitt starfsfólk um skoðun þess á málinu og hefði það yfirleitt verið breytingunni andvígt. Haraldur taldi nauðsynlegt að taka tillit til viðskiftamanna. Verkamenn fengi yfirleitt frí á laugardögum kl. 13, til þess að geta verslað. — Hann vildi að félagið gengist fyrir því að lokað yrði á föstudögum kl. 19 yfir sumartímann, í stað kl. 20. —

Axel Axelsson sagði að verkamenn gætu verslað á sumrin, þótt lokað væri kl. 13 á laugardögum og áleit því ekkert til fyrirstöðu því, að það gengi eins, ef lokað yrði kl. 16 á laugardögum á vetrum. —

Guðrún Jónasson benti á að varla gæti komið til mála að einungis vefnaðarvöruverslanir færu að loka fyrr á laugardögum.

Árni Árnason sagði að á fundi þeim, sem hann hefði setið og sem hann gat um í upphafi, hafi verið formenn allra sérgreinarfélaganna og breytingar komi því aðeins til greina að allir yrðu með — að kjötverslunum þó ef til vill undanskildum. —

Haraldur Árnason taldi æskilegt að flestir létu nú í ljós álit sitt á málinu, áður en tillaga, sem nú var komin fram frá stjórninni, yrði borin upp. —

Guðrún Jónasson spurði hvort óskin um lokun á laugardögum kl. 16 félli niður, ef samþykkt yrði að loka kl. 19 á föstudögum yfir sumartímann.

Formaður, Á. Á., sagði að það væri tillaga stjórnarinnar. —

Var nú svofelld tillaga frá stjórninni borin upp og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum:

„Fundurinn veitir stjórn félagsins heimild til þess að ganga frá breytingunum á lokun sölubúða, ef ekki verður hjá því komist, og þá á þann hátt, sem hún telur heppilegast."

Fundarstjóri sagði menn hafa heyrt skýringar formanns á tillögunni og þann skilning, er hann legði í hana. —

Formaður minntist nú á bréf er Verslunarráðið hefði sent þátttakendum sínum varðandi breytingar á tollskránni. Taldi hann litlar breytingar þurfa að gera

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til samræmingar, eins og nú stæði til. Aðallega þyrfti að lækka tollana, ef mögulegt væri. Aðalruglinginn og ósamræmið hefðu „enskir samningarnir“ svokölluðu orsakað, en þeir væru nú úr sögunni. Nú væri hugmyndin, að hafa tal af fulltrúa Verslunarráðsins í tollskrárnefndinni um væntanlegar lagfæringar.—

Haraldur Árnason sagðist hafa átt tal við Birgi Kjaran, fulltrúa Verslunarráðsins í tollskrárnefndinni, og óskaði hann eftir að hafa samvinnu við stjórn félagsins í þessu máli og helst fá ýtarlegar tillögur frá henni í bréfsformi. Það væri ásetningur nefndarinnar að stytta tollskrána, ef mögulegt væri og helst að gera hana þannig úr garði að almenningur gæti skilið hana og umfram allt tollþjónarnir sjálfir.

Þorsteinn Þorsteinsson taldi máli þessu vel borgið í höndum stjórnarinnar og sagði fundi slitið.—

Páll Helgason

[signature]

S. B. Sigurðsson

Haraldur Árnason

Hallgrímur Fr. Gunnarsson

Mánudaginn 15. nóvember 1943, kl. 15, var haldinn AÐALFUNDUR í V.-R. húsinu í Vonarstræti. Mættir voru 12 félagsmenn.—

Formaður, Árni Árnason, setti fundinn og stakk upp á Ingvari Sigurðssyni sem fundarstjóra.—

Formaður gaf yfirlit um störf félagsins síðastliðið starfsár, en áður en hann hóf skýrslu sína bað hann fundarmenn að minnast látins félaga, Ragnars H. Blöndal, er var einn af stofnendum félagsins og frá stofnun þess og til dauðadags átti sæti í stjórn þess. — Ragnar dó 29. júní sl. — Risu fundarmenn úr sætum.—

Formaður sagði að á síðastliðnu starfsári hefðu verið haldnir 3 félagsfundir og 19 stjórnarfundir. Viðfangsefni hefðu einkum verið innflutningsleyfi, verðlagsmál, breytingar á tollskrá og breytingar á lokunartíma sölubúða.—

Um innflutning gat formaður þess, að síðasta úthlutun, sú er fram fór í júnímánuði og gilti til næstu áramóta, hefði verið byggð á hinu nýja 5-ára meðaltali. Komið hefði í ljós að þessi úthlutun hefði verið of lítil og hefði stjórn félagsins þegar farið fram á viðbót. Viðskiptaráð

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hefði ekki enn svarað þeirri málaleitun, nema hvað Dr. Oddur Guðjónsson hefði skýrt sér frá því, að um viðbótarúthlutun fyrir 1943 yrði ekki að ræða. Hinsvegar mætti vænta þess, að fyrsta úthlutun fyrir 1944 færi væntanlega fram í desember næstkomandi.—

Formaður sagði að stjórnin hefði mætt á fundum með Verðlagsstjóra, er lækkun álagningar var á döfinni í vor. Verðlagsstjóri hefði sagt sér, að hann hefði haft miklu meiri lækkun á prjónunum en raun varð á, og þótt álagning hafi verið lækkuð talsvert og vissulega um of, að okkar áliti, þá væri víst, að þeim rökum, sem stjórnin færði gegn lækkun, væri það að þakka, að ekki fór ver.—

Frá Verslunarráðinu barst bréf til þáttakenda þess um tillögur til breytinga á tollskránni. Mál þetta tók stjórn félagsins í sínar hendur og sendir Verslunarráðinu álit. Fór stjórnin einkum fram á að tollar yrðu samræmdir og tollskráin gerð einfaldari, svo auðveldara yrði að átta sig á henni.— Mál þetta lægi nú fyrir Alþingi, en formaður sagðist ekki vita, hvort tillögur Verslunarráðsins yrðu teknar til greina.

Loks gat formaður þess að fyrir atbeina Verslunarmannafélags Reykjavíkur hefðu formenn sérgreinarfélaganna mætt á fundi, sem ræddi breytingu á lokun sölubúða. Var breytingin felld með 5 atkvæðum gegn 3. Síðar hefði hann frétt að í uppsiglingu væru einhver tilmæli um styttingu búða-tímans og mundi Verslunarráðið hafa tekið í málið til athugunar. En stjórn félagsins hefði fengið samþykkta heimild til aðgerða í málinu, á fundi félagsins 4. október sl., og mundi haga sér samkvæmt henni.—

Ingvar Sigurðsson þakkaði formanni skýrsluna og alveg sérstaklega, að stjórninni hefði tekist að koma vitinu fyrir Verðlagsstjóra.—

Þá las gjaldkeri félagsins, Halldór R. Gunnarsson, upp reikninga félagsins, er þegar höfðu verið ~~samþykktir~~ endurskoðaðir og voru þeir samþykktir.—

Var þá gengið til kosninga og skyldi fyrst kjósa formann en Sigurður B. Sigurðsson stóð upp og sagðist hafa haft

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þá ánægju, að eiga sæti í stjórn með Árna Árnasyni síðustu árin. Taldi hann félaginu mikinn hag og sóma að forystu Árna og sagðist vona að félagið nyti hans sem lengst og mæltist eindregið til þess að hann yrði endurkjörinn í einu hljóði.—

Formaður var kosinn Árni Árnason. Fékk hann 11 atkv. Jón Helgason fékk 1

meðstjórnendur: Halldór R. Gunnarsson, 9 atkv.
Haraldur Árnason, 7 –
Magnús Þorgeirsson 2 atkv.
Ýmsir 1 atkv. hver. 1 seðill auður.

Í varastjórn: Ingvar Sigurðsson, 7 atkv.
Magnús Þorgeirsson, 6 –
Guðrún Jónasson 3 atkv.
Jón Björnsson 3 –
aðrir minna. 1 seðill auður.

Endurskoðendur: Þorsteinn Þorsteinsson og
Gunnar Hall,
skv. uppástungu, með lófaklappi

Í fulltrúanefnd Verzlunarráðsins: formaður sjálfkjörinn
annar aðalmaður Ingvar Sigurðsson
varamenn Sigurður B. Sigurðsson og
Jón Helgason

Í Félagasamband smásöluverslana: formaður sjálfkjörinn
annar aðalmaður: Jón Helgason

varamenn: Sigurður B. Sigurðsson og
Gunnar Hall
og fóru hinar síðustu kosningar fram með lófaklappi, þar sem atkvæða er ekki getið.—

Gunnar Hall gerði nú fyrirspurn út af leyfunum, sem heildsalar taka fyrir vefnaðarvörur.— Sagði hann að sér skildist að heildsalar fengju í sinn hlut 25% allra leyfa, en þeir heimtuðu jafnvel 70–75% leyfi fyrir vörur er þeir seldu. Taxtinn virtist þó mjög handahófslegur. Spurði Gunnar, hvort ekki mundi fást samkomulag um ákveðinn hundraðshluta, ef eftir því yrði gengið.—

Formaður, Árni Árnason, sagði það rétt vera, að um þetta gilti engin regla. Best væri að félagið sneri sér til Félags íslenskra stórkaupmanna og fundinn yrði ákveðinn grundvöllur.—

Guðrún Jónasson lýsti sig því fylgjandi og Ingvar Sigurðsson stakk upp á því, að stjórn félagsins væri falið að hafa tal af stjórn Fél. ísl. stórkaupmanna um málið.— Var það samþykkt.—

Guðrún Jónasson spurði hvort verðlagsákvæði á vefnaðarvöru myndu verða óbreytt, ef inn-

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

flutningur minnkaði verulega en allur kostnaður, t.d. kaupgjald, héldist óbreytt eða jafnvel hækkaði.— Sagði að það myndi reynast kaupmönnum erfitt.—

Formaður sagði að stjórnin hefði þegar talað um þetta við Verðlagsstjóra í vor, er álagningin var til umræðu, og hefði hann tjáð sig fúsan til þess að athuga hækkun álagningar, ef sannanleg breyting ætti sér stað.—

Urðu nú ýmsir til þess að leggja orð í belg um það, hverzu lág álagning væri á vefnaðarvöru. Vildi Kristinn Einarsson einkum álíta vefnaðarvörukaupmenn hafa farið illa út úr viðskiptum við Verðlagsstjóra og verr en aðra, en Ingvar Sigurðsson, sem er starfsmaður hjá Viðskiptaráði, og þar því nokkuð kunnugur, sagði að vefnaðarvörukaupmenn hefðu orðið fyrir sérstakri ásókn Verðlagsnefndar og þó farið þar miklu betur út úr viðskiptunum en nokkur líkindi hefði staðið til.

Fleira gerðist ekki.— Fundi slitið.—

Þorkelsson

[illegible]

Hallstein K. Gunnarsson

S.B. Sigurdsson

Föstudaginn 21. apríl 1944, kl. 15, var haldinn ALMENNUR FUNDUR í V.-R.-húsinu í Vonarstræti.— Mættir voru 21 félagsmaður.

Formaður setti fundinn og stakk upp á Þorsteini Þorsteinssyni sem fundarstjóra.—

Á dagskrá var eitt mál: Væntanlegar breytingar á innflutningsleyfum frá U.S.A. og reifaði formaður málið.— Gat hann þess að hann hefði í vetur starfað í 3ja manna nefnd, sem hefði unnið sleitulaust að því í 6 daga, að safna gögnum um þörf landsmanna á allri vefnaðarvöru. Varð hver liður að sundurliðast nákvæmlega og studdist nefndin við hagskýrslur o.fl. Sagði formaður að þessi skýrslusöfnun hefði verið endileysa en verið heimtuð af Bandaríkjastjórn og því orðið að framkvæmast.— Nú lægi árangur af starfi þessarar nefndar fyrir, því hér eftir ættu útflutningsleyfi U.S.A. á vefnaðarvöru til Íslands að miðast við magn, metravara við fermetra, en ekki krónur eins og hingað til, og væri byggt á skýrslu þremenninganna frá í vetur.— Formaður sagðist vona að aldrei yrði úr framkvæmdum sam-

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kvamt þessum nýju reglum, en ef svo yrði þyrfti ekki að athuga, hvað til bragðs skyldi taka.–

Haraldur Árnason sagði að mál þetta hefði lengi verið á dagskrá og hefði verið hamlað á móti breytingunni af öllum mætti, en komið fyrir ekki. Bandaríkin vildu fylgjast með því, hversu mikið hráefni færi til hvers lands og því væri þessi aðferð viðhöfð, þótt okkur þætti hún bagaleg.– Tilmæli hefði komið frá Bandaríkjastjórn um að innkaup yrði beint sem mest á fáar hendur, og myndi það þó erfitt með metravörn. Kvótinn væri í mörgum tilfellum rúmur og ennþá væri ekki farið að afgreiða eftir honum.–

Jón Björnsson spurði hvort gripið yrði til sameiginlegra innkaupa en formaður sagði að málið væri ennþá ekki komið svo langt.–

Formaður svaraði fyrirspurn Axels Axelssonar um gildandi innflutningsleyfi.

Guðrún Jónasson taldi æskilegt að félagsmenn fengi fjölritað eintak af vöruskrám þeim, sem til umræðu væru og helst þýddar á íslensku. Hún spurði, hvað yrði um gildandi leyfi, þegar kvóta-kerfið kæmist á.– Formaður sagði að svo mikið af vörum væri á leiðinni og biði afgreiðslu að nægja mundi fyrir þeim leyfum, sem út hefði verið gefin. Spurningin væri hvort útflutningsleyfi fengist áfram frá U.S.A. – Ef kvótasystemið kæmist á, yrði að athuga möguleika á sameiginlegum innkaupum, eða fá einhvern heildsala til þess að sjá um þau.–

Haraldur Árnason sagði að Dr. Oddur hefði tjáð sér að Viðskiptaráð reyndi af fremsta megni að koma í veg fyrir glundroða, sem hljótast kynni af remboursevörum í sambandi við fyrirkomulagsbreytinguna.–

Fundarstjóri bar upp sem tillögu uppástungu formanns, að stjórninni yrði falið að fylgjast vel með málinu og tilkynna félagsmönnum jafnóðum og eitthvað skeði. Var hún samþykkt í einu hljóði.–

Formaður sagði að fundarmenn myndu hafa séð samkomulag það, sem orðið hafði um breytingu á lokunartíma

sölubúða, en stjórninni var í ofanfalið að ganga til samkomulags við önnur sérgreinarfélög um fyrirhugaðar breytingar. Sagði formaður, að stjórn Verslunarmannafélags Reykjavíkur hefði sótt þetta mál nokkuð fast. Samkomulag hefði orðið um tillögu Verslunarráðs Íslands, að slepptum þó ~~matvöru~~ kjötkaupmönnunum.—

Haraldur Árnason sagði að tilmæli hefði komið frá Dr. Alexander Jóhannessyni til Verslunarráðs Íslands um að sölubúðir yrðu lokaðar allan daginn 17. júní nk. en sérstaklega væri eftir því óskað, að allar vefnaðarvöruverslanir hefðu fána á stöng þennan dag, og fallega greypa og hreina.

Samþykkt var með öllum greiddum atkvæðum, að lokað skyldi allan daginn 17. júní nk.—

Fundi slitið.

Þór Helgason

[signature]

Hallgr. A. Gunnarsson

Sig. B. Sigurdsson

Haraldur Árnason

Laugardaginn 29. apríl 1944, kl. 15, var haldinn ALMENNUR FUNDUR í V.R.-húsinu í Vonarstræti.— mættir voru 25 félagsmenn.—

Formaður setti fundinn og stakk upp á Ingvari Sigurðssyni sem fundarstjóra, er var samþykkt.—

Formaður tók til máls og kvað fund þenna framhald síðasta almenna fundar félagsins, hinn 21. apríl, út af væntanlegum breytingum innflutnings frá U.S.A. Skýrði formaður frá því, að hjá sendiherra Íslands í Washington, þar vestra, lægi nú umsóknir fyrir allt að því 6-falda þá upphæð, er innflutningsleyfi væri fyrir hér. Sendiherrann væri þegar hættur að reyna að greiða fyrir útflutningi og vissi ekki, hvað gera skyldi. Eins væri ástatt um Viðskiptaráð, það vissi ekki hvað til bragðs skyldi taka og hefði kallað formann Fél. stórkaupmanna, formann Félags vefnaðarvörukaupmanna og mann frá S.Í.S. á sinn fund. Vandinn væri að ná heim því vörumagni, sem U.S.A. leyfði útflutning á. Heildsalar hefðu undanfarið flutt inn um 80% frá U.S.A., S.Í.S. 16%, iðnaðurinn og nokkrir smákaupmenn 4%. Um skiptingu vörunnar hér væri

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

enginn ágreiningur og mundi hún fara fram eftir sömu reglum og áður.- 5 ára skýrslan, sem Viðskiptaráð aflaði sér um innflutninginn, væri auðvitað réttlátasti mælikvarðinn.-

Formaður sagði að vart væri hugsanlegt að félagið gengi inn í Innflytjendasambandið, sem til stæði að stofna, sem einn aðili.- Hagsmunir hinna 35 félagsmanna væru mismunandi og óvíst hvort margir óskuðu eftir að leggja fram fé og taka á sig skyldur Innflytjendasambandsins.- Annars væri ennþá allt óvíst um það, hvernig þetta Samband yrði stofnað. Líklegast gætu einstakir menn gengið í það, sem hefðu til þess réttindi, skv. ákvörðun Viðskiptaráðs, eða þá að menn mynduðu hópa, til þátttöku.- Aðalatriði fyrir félagsmenn Fél. vefnaðarvörukaupmanna væri það, að tryggja sér þann rétt, sem þeir hefðu öðlast og fá um hann skriflega yfirlýsingu Viðskiptaráðs.- Formaður sagði að þetta fyrirhugaða fyrirkomulag ætti aðeins að gilda á meðan viðskipti væri bundin við Ameríku. Tíminn væri naumur því störfum væri komin

í flutning vara frá U.S.A. og Viðskiptaráð heimtaði skjótan botn í málið.-

Þá tók Haraldur Árnason til máls og mjög í sama streng. Sagði hann að Viðskiptaráð færi enga herferð gegn kaupmönnum, en svo ekki þyrfti að grípa til landsverslunar væri mjög nauðsynlegt að kaupmenn kæmi sér saman um lausn málsins, hið bráðasta.- Haraldur taldi það ávinning fyrir kaupmenn að SÍS hefði nú í fyrsta sinni enga sérstöðu, heldur yrði að lúta sömu lögum og aðrir innflytjendur.-

Fyrirspurn var gerð um það til formanns hvað yrði um þær vörur frá USA, sem búið væri að opna rembourse fyrir en útflutningsleyfi væri enn ekki fengið fyrir. Sagði formaður að þær pantanir yrðu afturkallaðar en kostnaður við rembours-inn yrði endurgreiddur.-

Þorsteinn Þorsteinsson sagðist gera ráð fyrir að sleppa mætti umræðum um starf Innflytjendasambands, þar eð svo mjög fáir félagsmenn mundu koma til greina um þátttöku í því, en hinsvegar bæri að halda fullum rétti gagnvart innflutningunum í framtíðinni.-

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Formaður sagði að stjórn félagsins myndi tryggja rétt félagsins með því að fá skriflega yfirlýsingu frá Viðskiptaráði og jafnvel Viðskiptamálaráðherra um að þessi breyting á innflutningi á vefnaðarvörum væri aðeins til bráðabirgða eða á meðan þetta stranga kvótasystem gilti.

Þá voru komnar upp eftirfarandi tillögur:

1. Fundur Félags vefnaðarvöru-kaupmanna í Reykjavík heimilar hérmeð stjórn sinni að samþykkja þær óskir Viðskipta-ráðs að fela væntanlegu innflutningssambandi á vefnaðar-vörum innkaup á vefnaðar-vörum fyrst um sinn eftir þeim hlutföllum sem dóra skýrslan heimilar. –

2. Fundurinn skorar á stjórn sína að tryggja sem best rétt smásala og standa á verði um að þeir fái sem mesta þáttöku í væntan-legu innflutningssambandi.

Báðar tillögurnar voru samþykktar í einu hljóði.

Fleira gerðist ekki. – Fundi slitið. –

[signature] [signature]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Föstudaginn 5. maí 1944, kl. 15½, var haldinn ALMENNUR FUNDUR í V.R.-húsinu.

Samkvæmt ósk Viðskiptaráðs voru á þennan fund boðaðir þeir 20 félagsmenn, er rétt hafa til þess að taka þátt í stofnun innflytjendasambands vefnaðarvöru og auk þess 5 utanfélagsmenn, er sömu réttinda skulu njóta. – Á fundinum mættu 16 félagsmenn og 4 utanfélagsmenn.

Formaður setti fundinn og stakk upp á Ingvari Sigurðssyni, sem fundarstjóra.

Tók þá formaður til máls og lýsti þetta framhald síðasta almenns fundar félagsins. Skýrði hann síðan gang málsins. Viðskiptaráð hefði síðan um daginn ~~fækkað~~ lækkað lágmarkstölu þá, er var skilyrði fyrir þátttöku í innflytjendasambandinu og væri því nú 20 hluttæka félagsmenn að ræða en 5 utanfélagsmenn. Búið væri að ganga frá frumvarpi til laga, fyrir sambandið og leggja það fyrir Viðskiptaráð. Áður var gert ráð fyrir 5 mönnum í stjórn sambandsins en samkomulag hefði orðið um að þeir skyldu vera 7. Einn frá fél. vefnaðarvörukaupmanna, einn frá iðnrekendum, einn frá Sambandi íslenskra samvinnufélaga og fjórir frá fél. ísl. stórkaupmanna og væri þá miðað við innflutning þessara aðila. Formaður sagði að fundarmenn yrðu á þessum fundi að skoða, hvort þeir yrðu með eða ekki en stofnfundur yrði haldinn n.k. mánudag kl. 14 í Kaupþingssalnum. –

Haraldur Árnason tók þá einnig til máls og gaf frekari skýringar. –

Var haft nafnakall um það, hvort menn ætluðu að gerast þátttakendur í sambandinu eða ekki og sögðu 18 já og tveir fengu frest til næsta dags.

Þá var gengið til kosninga um fulltrúa félagsins í stjórn sambandsins. Haraldur Árnason var kjörinn með öllum greiddum atkvæðum (14) en varamaður Árni Árnason, sömuleiðis mótatkvæðalaust (16).

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

Jón Helgason

[signature]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fimmtudaginn 9. nóvember 1944, kl. 15, var haldinn AÐALFUNDUR í V.R.-húsinu.– Mættir voru 24 félagsmenn.

Formaður, Árni Árnason, setti fundinn og stakk upp á Þorsteini Þorsteinssyni sem fundarstjóra.

Formaður gaf skýrslu um starfsemi félagsins síðastliðið starfsár. Haldnir hefðu verið 3 almennir fundir og 18 stjórnarfundir. Félagsmönnum hefði fjölgað um 6 á árinu og voru nú 41.– Drap formaður síðan á helstu viðfangsefnin: I. Viðræður við nefnd heildsala útaf innflutningsleyfum. Hversu há upphæð heildsölum beri af útsöluverði varanna. — II. Umræður um breytingu á lokunartíma sölubúða, en samkomulag varð um það, að verslununum yrði lokað kl. 12 á hádegi á laugardögum, í stað kl. 13 og kl. 19 á föstudögum, í stað kl. 20, sumarmánuðina.— III. Stofnun Sambands vefnaðarvöruinnflytjenda með þátttöku heildsala, smásala og iðnrekenda. Í stjórn sambandsins átti félag vefnaðarvörukaupmanna (eða þátttakendur smásala) að tilnefna 1, og var það Haraldur Árnason. Hinsvegar hefðu heildsalar tilnefnt Sig. B. Sigurðsson sem einn sinna fulltrúa í stjórnina og væri hann formaður hennar.— IV. Breyting á verðlagsákvæðum. Verðlagsstjóri hefði nýlega sett allar vörur undir verðlagsákvæði. Af vörum þeim, sem vefnaðarvörukaupmenn versla með hefði að vísu fátt bætst við, því flest hefði verið undir verðlagsákvæði komið. Þó snerti þetta nú einnig alla smávöru og væri það slæmt, því sumt af henni þyrfti hærri álagningu en nú væri leyfð, eins og t.d. tölur og hnappar. Í þessu máli hefði Verðlagsstjóri gengið á bak orða sinna gagnvart félaginu, um að tilkynna því áður en breytingar ættu sér stað á þeim vörum, sem félagsmenn versla með.— V. Stjórn félagsins hefði farið fram á viðbótarúthlutun fyrir vörur þær, sem eru fluttust inn framhjá Sambandi vefnaðarvöruinnflytjenda en fengið neitun með þeim ummælum að í umferð væru ónotuð vefnaðarvöruleyfi fyrir 17 miljónir króna.—

Gjaldkeri las upp endurskoðaða reikninga félagsins, er voru samþykktir

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

með samhljóða atkvæðum. –

Þá var gengið til kosninga.

Formaður var kosinn Árni Árnason með 22 atkv.
2 seðlar auðir.

Meðstjórnendur: Sigurður B. Sigurðsson, 20 atkvæði
Jón Helgason, 20 atkvæði
Kristinn Einarsson 2 atkvæði
4 aðrir 1 atkv. hver. 1 seðill auður

Í varastjórn: Ingvar Sigurðsson, 19 atkvæði
Magnús Þorgeirsson, 18 atkvæði
Gunnar Hall 3 atkv.
Mekkinó Björnsson 2 –
4 aðrir 1 atkv. hver. 1 seð. auður

Endurskoðendur: Þorsteinn Þorsteinsson,
Gunnar Hall
skv. uppástungu, án
atkvæðagreiðslu

Í Fulltrúanefnd Verzlunarráðsins: formaður sjálfkjörinn
annar aðalmaður: Jón Helgason, 18 atkvæði
varamenn: Ingvar Sigurðsson, 16 –
Sig. B. Sigurðsson 9 –
aðrir færri atkvæði

Í Félagasamband smásöluverzlana: formaður sjálfkjörinn
annar aðalmaður: Gunnar Hall, 16 atkvæði
varamenn: Jón Helgason, 12 –
Sig. B. Sigurðsson, 9 –
aðrir færri atkvæði

Þá tók formaður aftur til máls og skýrði frá því, að Viðskiptaráð hyggðist gefa út ný innkaupaleyfi, strax og Innflytjendasambandið fengi fleiri vörur. En innkaupaleyfi þau, sem nýlega voru gefin út, ættu að standa heima fyrir vörum þeim, sem Sambandið ætti von á nú í nóvember.

Spunnust nú nokkrar umræður út af Innflytjendasambandinu, og veitingu innflutningsleyfa og komu ýmsir með fyrirspurnir en formaður og Sig. B. Sigurðsson svöruðu og veittu upplýsingar.

Fundi slitið.

Jón Helgason
[illegible]
Halldór R. Gunnarsson
Sig. B. Sigurdsson
Ingvar Sigurðsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þriðjudaginn 24. apríl 1945, kl. 15, var haldinn ALMENNUR FUNDUR þeirra félagsmanna og tveggja utanfélagsmanna, er þáttakendur eru í Sambandi vefnaðarvöruinnflytjenda, í V.R.-húsinu í Vonarstræti.

Á fundinum mættu 13.—

Formaður, Árni Árnason, setti fundinn, en stakk upp á Ingvari Sigurðssyni sem fundarstjóra.

Fulltrúi félagsins í stjórn Samb. vefn., Haraldur Árnason, gaf lauslega skýrslu um starfsemi Sambandsins og horfur og svaraði nokkrum fyrirspurnum, er fram komu.

Áður en tekið var fyrir aðalverkefni fundarins, kjör fulltrúa í stjórn S. Vefn. fyrir næsta ár, stóð upp formaður S. Vefn., Sig. B. Sigurðsson, og mælti eindregið með endurkjöri fulltrúans og varafulltrúans. Fór svo, að Haraldur Árnason var endurkjörinn fulltrúi en Árni Árnason varafulltrúi félagsins í stjórn S. Vefn. fyrir næsta ár, báðir með lófataki.—

Ingvar Sigurðsson þakkaði fulltrúunum vel unnið vanþakklátt starf.

Fundi slitið.

Páll Helgason

Árni Árnason

Þriðjudaginn 22. maí 1945, kl. 15, var haldinn ALMENNUR FUNDUR í V.R.-húsinu í Vonarstræti.— Á fundinum mættu 17 félagsmenn.

Formaður setti fundinn og stakk upp á Ingvari Sigurðssyni sem fundarstjóra.

Formaður lýsti ástæðu til fundarboðunarinnar: Landssöfnunin til hjálpar bágstöddu fólki í Danmörku og Noregi fór þess á leit við félagsmenn að þeir léti einhverjar vörur af hendi rakna og gæfu nefndinni auk þess upp þær vörur, sem þeir kynnu að vilja selja henni ódýrt.—

Haraldur Árnason lýsti málinu nánar, en hann hefir tekið að sér að sjá um kaup á vefnaðarvöru fyrir Landssöfnunina.

Fundi slitið.

Páll Helgason

Árni Árnason

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Laugardaginn 22. september 1945, kl. 15, var haldinn ALMENNUR FUNDUR í húsi Verslunarmannafélags Reykjavíkur.

Mættir voru 24 nætlimir.

Formaður stakk upp á Ingvari Sigurðssyni sem fundarstjóra og var það samþykkt. Fundarritara bað hann Magnús Þorgeirsson að vera.

Fundarefni: Lokunartími sölubúða.

Formaður skýrði frá því, að Verslunarráði Íslands hefði borist tilmæli frá starfsfólki fjölmargra verslana, um að það beitti sér fyrir því, að lokunartími sölubúða yrði framvegis kl. 16 á laugardögum yfir vetrarmánuðina. Sagði hann að fundir hefðu verið haldnir í hinum sérgreinarfélögunum og þau fyrir sitt leyti samþykkt þetta.

Tillaga kom fram um að stjórninni yrði falið að semja um þetta mál við viðkomandi aðilja á þeim grundvelli, sem fundinum hefði verið ~~(falið)~~ skýrt frá. Tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

[signature] Magnús Þorgeirsson

Þriðjudaginn 2. október 1945, kl. 15, var haldinn ALMENNUR FUNDUR í húsi Verslunarmannafélags Reykjavíkur. —

Mættir voru 22 félagsmenn. —

Formaður setti fundinn og stakk upp á Þorsteini Þorsteinssyni sem fundarstjóra.

Á dagskrá var „frumvarp til reglugerðar um launakjör verslunarfólks" og reifaði formaður málið. Frumvarp þetta hafði Verslunarmannafélag Reykjavíkur lagt fyrir Verslunarráð Íslands, en ráðið leitað til sérgreinarfélaganna um álit og tillögur. Sagði formaður, að stjórn félagsins teldi heppilegast að nefnd yrði kosin í málið. Sú nefnd ætti að hafa samstarf við stjórnina, er síðan kæmi niðurstöðunni á framfæri við Verslunarráðið.

Haraldur Árnason sagði nauðsynlegt að álit fleiri kæmi fram í þessu máli. Málið ætti að vera til athugunar hjá nefnd í hverju sérgreinarfélagi en síðan yrði sameiginlegar umræður um málið, með stjórn V.Í. —

Formaður bar fram tillögu um nefndarkjör og voru þessir kosnir í launa-nefndina: frú Guðrún Jónasson, Þorsteinn Þorsteinsson, Gunnar Hall,

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Magnús Þorgeirsson og Sigurður Jóhannsson, en til vara: Ásta Þorsteinsdóttir og Sig. Z. Guðmundsson. Ákveðið var að nefndin kjósi sér sjálf formann en Gunnar Hall kalli saman fyrsta fund.—

Fleira gerðist ekki.— Fundi slitið.

Árni Árnason    Jón Helgason

Miðvikudaginn 28. nóvember 1945, kl. 15, var haldinn AÐALFUNDUR í V.R.-húsinu í Vonarstræti. Mættir voru 17 félagsmenn.

Formaður, Árni Árnason, setti fundinn og stakk upp á Þorsteini Þorsteinssyni sem fundarstjóra og Magnúsi Þorgeirssyni sem fundarritara, er var samþykkt.—

Formaður gaf skýrslu um starfsemi félagsins síðastliðið ár.

Frá Gunnari Hall kom fyrirspurn um nýja innflutningskvóta-fyrirkomulagið. Varð Haraldur Árnason fyrir svörum og kvað hinn gamla kvóta haldast á meðan Samband vefnaðarvöruinnflytjenda starfaði, eða fram á mitt næsta ár.

Samkvæmt tillögu frá Gunnari Hall lofaði formaður að félagsmönnum yrðu sendar tillögur launakjara-nefndar.

Gjaldkeri las upp ~~samþykkta~~ endurskoðaða reikninga fyrir síðastliðið starfsár og voru þeir samþykktir.

Þá var gengið til kosninga.

Formaður var endurkjörinn Árni Árnason, með 14 atkv.
Gunnar Hall fékk 1 —
aðrir 2 —

Meðstjórnendur endurkjörnir: Haraldur Árnason 15 —
Halldór R. Gunnarsson 13 —
Gunnar Hall fékk 2.
Ýmsir 1 atkv. hver

(Fyrir voru í stjórninni: Sig. B. Sigurðsson og Jón Helgason)

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í varastjórn: Magnús Þorgeirsson (endurkj.) 15 atkv.
Ingvar Sigurðsson (endurkj.) 10 -
Arndís Björnsd. 4 -
Gunnar Hall 3 -
Kristinn Einarsson 2 -

Endurskoðendur: Þorsteinn Þorsteinsson og
Gunnar Hall, báðir endurkjörnir
með lófaklappi

Í Fulltrúanefnd Verslunarráðsins: formaður sjálfkjörinn
annar aðalmaður: Arndís Björnsd. 10 atkv.
varamenn: Gunnar Hall og 9 -
Ingvar Sigurðsson 9 -
Sig. B. Sig. fékk einig 9 atkv.
en dregið var út

Í Félagasamband smásöluverzlana: formaður sjálfkj.
annar aðalmaður Gunnar Hall } endurkj. með
varamenn: Jón Helgason og } lófataki
Sig. B. Sigurðsson }

Hjörtur Jónsson hóf máls á því, að félagið stæði fast á móti frekari styttingu búðartímans. Formaður og Haraldur Árnason tóku í sama streng.—

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Magnús Þorgeirsson

Þriðjudaginn 22. janúar 1946, kl. 15, var haldinn ALMENNUR FUNDUR í VR-húsinu.— Mættir voru 28 félagsmenn.—

Formaður stakk upp á Þorsteini Þorsteinssyni sem fundarstjóra.—

Fundarefni voru kaupsamningar þeir, er undirritaðir voru hinn 18. janúar sl. af sérgreinafélögum kaupsýslumanna og KRON annarsvegar en Verslunarmannafélagi Reykjavíkur hinsvegar.—

Formaður lýsti nokkuð aðdraganda þessara samninga en Gunnar Hall, er var formaður launanefndar Félags vefnaðarvörukaupmanna, skýrði þá frekar. Hver félagsmanna fékk afhent eintak af samningunum.—

Haraldur Árnason sagði að auðvitað mætti eitthvað smávegis setja út á orðalag á einstaka stað en ekki mætti heldur gera ráð fyrir að fyrstu samningar væru óaðfinnanlegir. Hann sagði samninginn vera óvenjulega stuttan og hreinan og þeim bæri þökk, er frá honum hefðu gengið.

Þá hóf Haraldur Árnason máls á því, að kaupsýslumenn ættu að vera fyrri til að bera fram smá-samræmingu á lokunartíma einstakra daga, því vitað væri

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að von væri einnig ósk um breyttan lokunartíma sölubúða, af hálfu Verslunarmannafélags Reykjavíkur. Vildi Haraldur láta sumarlokun standa frá 1. maí til septemberloka (í stað frá miðjum maí til miðs sept.). Hafa lokað allan daginn 17. júní (í stað frá hádegi). – Loka kl. 12 24. og 31. des. (í stað kl. 16), kl. 12 á laugardag fyrir Hvítasunnu (í stað kl. 16), og hafa opið til kl. 20 eða 22 laugardaginn næstan fyrir Þorláksmessu (í stað til kl. 24 þeim örfáum dögum fyrr).–

Urðu talsverðar umræður um málið og tóku ýmsir til máls, svo sem formaður Ingvar Sigurðsson, Axel Axelsson, Gunnar Hall, Hjörtur Jónsson, Guðrún Jónasson og sumir oft. Þótti Hirti Jónssyni einkum rangt að bjóða nokkra styttingu búðartímans, enda þótt mörg atriðin væru sjálfsögð, heldur bæri að hafa þau upp á að klappa, þegar næst yrði farið fram á styttingu og Gunnar Hall lagði til að lenging sumarlokunar-tímans yrði höfð í pokahorninu.

Svofelld tillaga kom fram og var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum:

„Fundurinn felur stjórn félagsins að hefja umræður við önnur sérgreinarfélög bæjarins um framkomnar samræmingar á lokunartíma sölubúða einstaka daga, og veitir henni umboð til þess að ganga frá endanlegum tillögum um væntanlegar breytingar."

Þá gerði Þorsteinn Þorsteinsson fyrirspurn um, hvort enn mætti vænta breytingar á álagningu en formaður svaraði, að svo væri ekki að svo stöddu.–

Loks brýndi frú Guðrún Jónasson það fyrir fundarmönnum, að framtíð frjálsrar verslunar hér á landi, væri mjög undir því komin, að Sjálfstæðisflokkurinn sigraði við bæjarstjórnarkosningarnar í Reykjavík á sunnudaginn næsta, 27. janúar.–

Fundi slitið.

Páll Helgason

Laugardaginn 16. nóvember 1946, kl. 9½, var haldinn fundur í V.-R.-húsinu, en þangað boðaði stjórn félagsins þá félagsmenn, er þátttakendur eru í Sambandi vefnaðarvöruinnflytjenda, auk þeirra utanfélagsmanna, er í því eru.—

Á fundinum voru mættir 17 af 22:

Formaður félagsins skýrði frá því, að nýlega hefðu verið seldar íslenskar sjávarafurðir til Ítalíu og hefði greiðsla farið fram í lírum. Bankarnir vildu ekki kaupa þessar lírur og nú óskaði Viðskiptaráð eftir því að kaupsýslumenn keyptu þær — til kaupa á ítölskum vörum. Heildsalar hefðu stofnað félagsskap til kaupa á nokkrum hluta upphæðarinnar, en þeir, ~~iðnrekendur og Samb. íslenskra samvinnufélaga~~, óskuðu nú eftir því, að vefnaðarvörukaupmenn gengju í Samband, um andvirði einnar milljónar króna í ~~lírum~~ ásamt ~~innstæðum~~ S.Í.S. og færu innkaup og skifti fram á svipuðum grundvelli og hjá Sambandi vefnaðarvöruinnflytjenda.

Var nú lesin upp samþykkt heildsala, til skýringar, en að því loknu lýstu allir viðstaddir yfir þátttöku sinni.

Fundi slitið.

Árni Árnason

Jón Helgason

Miðvikudaginn 20. nóvember 1946, kl. 15, var haldinn AÐALFUNDUR í V.-R.-húsinu í Vonarstræti. Mættir voru 20 félagsmenn, en 2 komu, er kosningunni var lokið, alls 22.–

Formaður setti fundinn og stakk upp á Hirti Jónssyni sem fundarstjóra.

Þá gaf formaður skýrslu um starfsemi félagsins síðastliðið starfsár. Sagði það hafa verið rólegt ár. Til umræðu hefði verið lokun sölubúða, breyting á álagningarákvæðum og frílisti vefnaðarvöru, þótt aldrei hefði komið til framkvæmda. Eftir upplýsingum dr. Odds Guðjónssonar, formanns Viðskiptaráðs, hefði á árinu 1946 verið veitt vefnaðarvöruleyfi fyrir 50 milljónir króna en framlengd leyfi fyrir 10 milljónir. Til 1. október hefði verið flutt inn fyrir 30 milljónir og væri því „fljótandi" í umferð fyrir Kr. 30.000.000.–

Næst fór fram stjórnarkosning og fleiri kosningar.

Formaður var endurkjörinn: Árni Árnason með 18 atkv.
Gunnar Hall fékk 1 –
Auður seðill 1

Meðstjórnendur endurkjörnir: Jón Helgason með 18 atkv.
Sigurður B. Sigurðsson – 15 –
Gunnar Hall fékk 2 –
Kristinn Sigurðsson – 2 –
Magnús Þorgeirsson – 2 –
Ingvar Sigurðsson – 1 –

(Fyrir voru í stjórn Haraldur Árnason, Halldór R. Gunnarsson)

Í varastjórn: Magnús Þorgeirsson og Ingvar Sigurðsson (endurkj. með lófataki)

Endurskoðendur: Þorsteinn Þorsteinsson og Gunnar Hall (endurkj. með lófataki)

Í Fulltrúanefnd Verzlunarráðsins: formaður sjálfkjörinn
annar aðalmaður: Arndís Björnsdóttir
varamenn: Gunnar Hall og Ingvar Sigurðsson
} endurkj. með lófataki

Í Félagasamband smásöluverzlana: formaður sjálfkjörinn
annar aðalmaður: Gunnar Hall
varamenn: Jón Helgason og Sigurður B. Sigurðsson
} endurkj. með lófataki

Gjaldkeri las upp endurskoðaða reikninga síðastliðins starfsárs og voru þeir samþykktir. Félagsmenn eru 42. Tekjur ársins voru 1287.73 en eign í árslok Kr. 4.888.32.–

Formaður gat þess að 9. janúar nk. yrði félagið 15 ára og spurði fundarmenn hvort þeir teldu æskilegt að minnast afmælisins með samkomu. Var það talið og tilnefnd þau frk. Ásta Þorsteinsd., Haraldur Árnason og Gunnar Hall en Hjörtur Jónsson til vara, til þess að sjá um væntanlegt hóf.–

Hjörtur Jónsson taldi nauðsynlegt að endurskoða lög félagsins. Aðalfundur væri boðaður í ábyrgðarbréfi en ekki aug-

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

lýstur í dagblöðunum. Væri það að vísu nóg fyrir félagsmenn, en auglýsingar vektu athygli hinna á félaginu, sem ekki væru í því, og yrðu til þess að fjölga félagsmönnum, en að því bæri að stefna, að allir vefnaðarvörukaupmenn væru í félaginu.—

Formaður sagði að fyrir 15 árum hefði öllum vefnaðarvörukaupmönnum verið boðin þáttaka, en síðan hefði smölun ekki átt sér stað.— Taldi sjálfsagt að senda nýtt út umburðarbréf og hvetja menn til almennari þáttöku í félaginu.—

Samþykkt var að laganefnd yrði skipuð 3 mönnum en ekki fimm og voru þessir kjörnir: Ragnar Þórðarson, Þorsteinn Þorsteinsson og Mekkinó Björnsson og tekið fram að Ragnar yrði formaður nefndarinnar.—

Nú hófust umræður um innflutning, landsverslun, Viðskiptaráð, úthlutun leyfa o.fl. og tóku ýmsir til máls.— Axel Axelsson spurðist fyrir um hvort landsverslun mundi vera í aðsigi. Mekkinó Björnsson vildi að stjórn félagsins fengi aðgang að skjölum Viðskiptaráðs um leyfisveitingar. Dagbjartur Sigurðsson taldi nauðsynlegt að fá til hlítar upplýst, hvar þau leyfi væru

niðurkomin, sem sagt væri að væru „fljótandi" — um 30 miljónir króna. Ragnar Þórðarson taldi það verkefni félagsins fyrst og fremst að fylgjast með úthlutun leyfa og gera tillögur þar um. Hjörtur Jónsson sagði, að nauðsynlegt væri að sem flestir vefnaðarvörukaupmenn væru í félaginu, svo tillögurétturinn fengist um úthlutun leyfa. Kristinn Einarsson og Gunnar Hall tóku í sama streng.— Taldi Gunnar það óhæfu, að kaupsýslumenn hefðu ekki beinan fulltrúa í Viðskiptaráði.— Formaður svaraði.—

Loks var með samhljóða atkvæðum samþykkt svofelld tillaga frá Ragnari Þórðarsyni:

„Fundurinn skorar á stjórn félagsins, að boða til fundar meðal vefnaðarvörukaupmanna sunnudaginn 8. desember, til þess að ræða innflutnings- og gjaldeyrismál.—

Þá var fundi slitið.

Jón Helgason

Axel Árnason

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sunnudaginn 8. desember 1946, kl. 14, var haldinn ALMENNUR FUNDUR uppi í Tjarnarkaffi. Á fundinum voru, auk félagsmanna, boðaðir þeir kaupmenn í Reykjavík, sem versla með vefnaðarvöru sem sérgrein og voru mættir á fundinum um 50 kaupmenn, er fundur hófst, en urðu 62, er flest var.

Formaður, Árni Árnason, setti fundinn og bauð gesti og félagsmenn velkomna. – Stakk hann upp á Hirti Jónssyni sem fundarstjóra en Þóri Helgasyni sem fundarritara.

Skrifstofustjóri Verslunarráðs Íslands, Helgi Bergsson flutti nú almennt yfirlit um gang verslunarmála og skipti erindi sínu í 3 kafla: Frílista, Verðlagsmál og Horfur. – Minntist Helgi tímabils höftatölureglunnar og lýsti gangi innflutningsmála síðan. Frílisti hefði borið á góma, og loks verið ákveðinn eða svo til um áramót 1945 og 1946 en þá hefði stöðvast sala hraðfrysts fiskjar til Bretlands og þar með var draumurinn búinn. Annars væru óskir um frílista ekki á sinn veg, því iðnaðarmenn hefðu þar nokkra sérstöðu. –

Um horfur í viðskiptamálunum mætti helst geta þess að framleiðsla til útflutnings bæri sig ekki. Útgerðarmenn litu hýru auga til verslunargróðans, þótt þeir viðurkenndu að þar væri ekki um auðugan garð að gresja. Raddir komu fram um þjóðnýtingu og líklegt væri að ískyggilegir tímar færu í hönd fyrir kaupsýslumenn og tók Helgi fram að hann óskaði þess, að þeir stæðu saman en segðu ekki sjálfum sér stríð á hendur.

Formaður tók þá til máls. Sagði hann að á aðalfundi félagsins 20. nóvember hefðu komið fram óánægjuraddir um það, að heildsalar hefðu of stóran kvóta en smásalar of lítinn. Sagðist hann nú aðeins geta staðfest þær upplýsingar, er hann hefði gefið á aðalfundinum. Stjórn félagsins hefði nýlega farið á fund Viðskiptaráðs og fengið sömu svör. Skýrslur þær, er safnað var 1943 og kvóti er miðaður við, sýndi að heildsalar hefðu flutt inn 70-80% af heildarmagni vefnaðarvöru. – En Viðskiptaráð stefndi að því að snúa þessu við, þannig að smásalar fái 75 en heildsalar 25%. Stjórn félagsins hefði ávallt haldið því ákveðið fram, að rétta leiðin væri sú, að smásalar fengju leyfin í sínar hendur. – Um væntanlegan innflutning væri enn allt í óvissu

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og hefði Viðskiptaráð nú aðeins verið fram-
lengt til tveggja mánaða, til bráðabirgða.—
Gunnar Hall tók nú til máls „fyrir
hönd þeirra óánægðu“ á aðalfundi. Sagði
hann að óskin um þennan almenna
fund hefði komið fram, vegna þess
hversu fáir vefnaðarvörukaupmenn væru
í félaginu.— Taldi hann kvótana vera
að færast til heildsala úr höndum smásala
og handahóf ríkja um leyfisveitingar.— En
sjálfsagt væri að smásalar fengju leyfin í
sínar hendur. Þeir fylgdust með, hvað
þyrfti að kaupa inn. Heildsalar ættu að
vera kommissionerar eins og aðrir fyrr.—
Sigurður B. Sigurðsson fann að því,
að hlaupið hafði verið í blöðin með hálf-
gerðan skæting í garð heildsala, frá stofn-
endum „Innkaupasambands vefnaðar-
vörukaupmanna“. Hann áleit heild-
salastéttina duglega um vöruútvegun
frá ýmsum löndum og hvatti menn
til þess að standa saman.
Ragnar Þórðarson taldi núverandi
ástand í verslunarmálum mjög erfitt
og væru allir sammála um það og væri
breyting því æskileg. Sjónarmið kaup-
manna og almennings væru nokkuð

misjöfn.— nú liti út fyrir að clearing-
samningar stæðu fyrir dyrum við
ýms lönd og því væru stór innflytjenda-
sambönd æskileg. Gerði þvínæst saman-
burð á kostum innkaupasambands og
landsverslunar, frá almennu sjónar-
miði og taldi ókosti landsverslunar miklu
fleiri. Hann taldi smásala eina sam-
verulega ábyrga um innflutning gagn-
vart almenningi.— Þá minntist hann á
Samband vefnaðarvöruinnflytjenda og
taldi það hafa gefist illa. Smákaup-
menn hefðu ekki haft aðstöðu til þess
að hafa neinn áhrif um innkaup
þess og sagðist þá heldur vilja lands-
verslun. Betra væri að kaupa ekki
heldur en að flytja inn rusl.— Út
af tilkynningu um stofnun Innkaupa-
sambands vefnaðarvörukaupmanna
tók Ragnar fram, að hún hefði verið rang-
færð af blöðunum. Tók hann þá að lýsa
stofnun þessa sambands en gripið var
fram í fyrir honum og hann beðinn að
halda sér að efninu.—
Tóku nú ýmsir til máls: Helgi
Bergsson, Sigurður Jónsson í Versl. Gróttu,
Hjörtur Jónsson, Árni Árnason, Ólafur

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sigurðsson, Arngrímur ritstjóri, Jón B. Helgason, Jón Waage. – Snerust umræður talsvert um aðstöðu smákaupmanna til heildsala og kvótaskiftingu. –

Hjörtur Jónsson hvatti þá fundarmenn, sem ekki voru í Félagi vefnaðarvörukaupmanna, til þess að sækja um upptöku í félagið. Gerðu það 17 viðstaddir fundarmenn. –

Á fundinum kom fram tillaga, sem eftir nokkrar breytingar að lokum var samþykkt svohljóðandi, með samhljóða atkvæðum:

„Almennur fundur vefnaðarvörukaupmanna, haldinn í Tjarnarcafé 8. des. 1946, ályktar að skora á Viðskiptaráð og ríkisstjórn að breyta fyrirkomulagi á úthlutun innflutnings- og gjaldeyrisleyfa fyrir vefnaðarvörum og fatnaði þannig, að leyfunum verði einungis úthlutað til sérverslana í vefnaðarvörum, enda hafa þær besta aðstöðu til þess að selja vörurnar, með hag almennings fyrir augum.

Þá skorar fundurinn á sömu aðila að endurskoða innflutningskvóta hinna einstöku fyrirtækja og að leggja upp nýtt kvótakerfi í samráði við Félag vefnaðarvörukaupmanna og sé þar fullt tillit tekið til gamalla fyrirtækja og eðlilegrar þróunar yngri verslana.

Jafnframt kýs fundurinn fimm menn í nefnd, sem sé falið að annast framgang máls þessa, og er formaður Félags vefnaðarvörukaupmanna sjálfkjörinn í nefndina og sé hann formaður hennar.

Skal nefndin, að fengnum fullnægjandi upplýsingum frá ríkisstjórn og Viðskiptaráði, leggja tillögur sínar fyrir fund í Félagi vefnaðarvörukaupmanna."

Loks fór fram kjör í nefnd þessa og voru kosin þau:

Ragnar Þórðarson, 48 atkv.
Gunnar Hall 47 –
Hjörtur Jónsson 25 –
Marta Einarsdóttir 24 –
Axel Axelsson fékk 17 –
Mekkinó Björnsson – 15 –
Ásta Þorsteinsd. – 11 –
Haraldur Árnason – 10 –

Þá var fundi slitið.

Jón Helgason

[illegible]

Mánudaginn 12. maí 1947, kl. 8.15 síðdegis, var haldinn ALMENNUR FUNDUR í V.R.-húsinu. –

Á fundinum mættu 29 félagsmenn, þegar flestir voru. –

Til umræðu voru þessi mál:

1. Útlán.
2. Lokun sölubúða um matmálstímann, sumarmánuðina júní, júlí og ágúst.
3. Verðlagsmál.

Formaður setti fundinn og stakk upp á Ingvari Sigurðssyni sem fundarstjóra. –

Formaður hóf máls á því, að æskilegt væri að gefa á nýjan leik út auglýsingu félagsins um takmarkaða lánsverslun. Taldi hann nauðsynlegt að vekja athygli á þessari félagssamþykkt, þótt hún raunar væri stöðugt í gildi, vegna nýrra félagsmanna. –

Gunnar Hall og Ragnar Þórðarson vildu leggja lánsverslun niður með öllu og var svofelld tillaga samþykkt (frá Ragnari Þórðarsyni); með 16 atkv. gegn 5:

„Fundur í Félagi vefnaðarvörukaupmanna hefur í dag samþykkt svofellda ályktun:

Vegna vaxandi kostnaðar við innheimtu reikninga verður hér eftir einungis selt gegn staðgreiðslu, þar sem með núverandi álagningarheimildum verður að skera niður allan kostnað verslananna."

En til viðbótar var samþykkt með öllum gr. atkv.:

„Fundurinn samþykkir að tillaga um að selja einungis gegn staðgreiðslu verði ekki birt fyrr en að lokinni annari umræðu á nýjum, almennum félagsfundi."

— ıı — ıı —

Formaður mælti þá með samþykkt um að loka verslunum um matmálstímann á meðan sumarleyfi standa yfir, eða mánuðina júní, júlí og ágúst. Í sama streng tóku m. annars Þorsteinn Þorsteinsson og Sigurður Jónsson, en móti lokununni Gunnar Hall, Ragnar Þórðarson, Jón B. Helgason og Arndís Björnsd. – Tillaga stjórnarinnar um hádegislokunina var felld með 14 atkv. gegn 9. –

— ıı — ıı —

Þá lýsti formaður horfum í innflutningsmálum og gangi gjaldeyrismála. Til 1. apríl sl. hefðu verið framlengd leyfi

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fyrir vefnaðarvörum fyrir 15 milljónir kr.
en ný leyfi fyrir 5 milljónir hefðu
verið gefin út. Klæðskerar hefðu fengið
nokkuð og iðnaður nokkuð. Á nýjum
leyfum mundi verða bið – ef til vill
fram yfir síld.–

Þá lýsti formaður aðgerðum verð-
lagsnefndar og hefði nefndinni verið
bent á öll rök gegn lækkun álagningar
minnkandi umsetningu, Danmerkur-
verslun o.s.frv. Haft var tal af ríkis-
stjórninni í heild. Hún hefði að vísu
haft fullan skilning á afstöðu kaup-
sýslumanna en fékk þó ekki aðgert gegn
ákvörðun verðlagsnefndar – og hin mikla
lækkun álagningar var samþykkt.–

Hófust nú talsverðar umræður
um málið. Þorsteinn Þorsteinsson sagði
kaupsýslumenn verða vara árásum.
Gunnar Hall vildi hafa margbrotnari
álagningarflokka og Ragnar Þórðarson
sömuleiðis. Taldi Ragnar kaupsýslumenn
ætti að sætta sig fúslega við niðurskurð
álagningarinnar og sýna með því þegn-
skap og gott fordæmi. Gunnar Hall mælti
með því að félagsmenn samþykktu mót-
mæli, samskonar og önnur sérgreinarfélög

voru nú þá til að samþykkja, fyrir
atbeina Félagasambands smásöluverzlana.
Ólafur Sigurðsson, taldi skorta rökstuðning
fyrir lækkun álagningarinnar en of seint
að rísa nú upp, er hún hafði verið
samþykkt. Ólafur spurðist einnig fyrir
um störf nefndarinnar frá 8. desember
(kvótanefndarinnar). – Formaður sagði
að vissulega væri alltof langt gengið um
niðurskurð álagningarinnar. Í Englandi
væri hún þó lægri en hér en í Danmörku upp
og ofan. Ingvar Sigurðsson og Ólafur
Sigurðsson vildu samþykkja sterk mót-
mæli gegn lækkun álagningarinnar.–
Svofelld tillaga (sú sama og önnur sér-
greinarfélög samþykkja) var sam-
þykkt með 9 atkvæðum gegn 1:

„Fundur í Félagi vefnaðarvöru-
kaupmanna, haldinn mánu-
daginn 12. maí 1947 mótmælir
kröftuglega, þeirri ákvörðun
Viðskiptaráðsins um almenna
lækkun allar álagningar, sem ráðið
birtir með tilkynningu nr. 12/1947.
Lítur fundurinn á þessa
lækkun sem hreint handahófs-
verk og skorar á ríkisstjórnina

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að láta fara fram þegar í stað hlutlausa athugun á álagningarþörf verzlunarinnar."

Tillaga frá Ragnari Þórðarsyni, um að fresta birtingu framangreindrar tillögu, þar til annar almennur fundur hefði fjallað um hana, var feld með 6 atkv. gegn 3.—

Formaður gerði grein fyrir störfum nefndar þeirrar, er skipuð var 8. des. (kvóta-nefndarinnar). Nefndin átti tal við formann Fél. ísl. stórkaupmanna og væntanlega mundu stórkaupmenn tilnefna nefnd af sinni hálfu til umræðna. Formaður sagði að nefndarmenn væru á einu máli um það, að smákaupmönnum einum bæri réttur til innflutningsleyfa.—

Fundi slitið.

Árni Árnason

Páll Helgason

Fundur var haldinn í Félagi vefnaðarvörukaupmanna í Reykjavík, fimtudaginn 17. júlí 1947, kl. 3 síðd., að félagsheimili V.R. við Vonarstræti.

Formaður félagsins Árni Árnason setti fundinn og stakk upp á Þorsteini Þorsteinssyni sem fundarstjóra. Var Þorsteinn samþyktur með lófaklappi, sem og Ólafur Sigurðsson sem fundarritari.

~~XXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXX~~

Svofeld dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Innflutnings- og gjaldeyrismál.
2. Útlán.
3. "Kvóta"-nefndin skilar áliti.
4. Önnur mál.

1. Innflutnings- og gjaldeyrismál:

Árni Árnason form. skýrði frá því, samkv. upplýs. Viðskiftaráðs, að framlengt hefði verið leyfum fyrir vefnaðarvörum fyrir ca. 15 miljónir króna, en ný leyfi verið veitt fyrir ca. kr. 10 milj.. Af þessum nýju leyfum hefðu ca. 6 milj. verið veittar til Ítalíuviðskifta og fyrir amerískum vörum til verðuppbótar hinum ítölsku. Fjórar milj. kr. hefðu verið varið til efniskaupa klæðskera, segldúks, hessians o.fl.. Almennra leyfisveitinga væri ekki að vænta, fyrr en árangur síldveiðanna væri kunnur.

Gunnar Hall: taldi engu yrði umþokað, meðan Viðskiftaráð starfaði, en kvatti til alvarlegra tilrauna til að koma kröfum félagsmanna á framfæri við Fjárhagsráð.

Sigurður Jónsson spurðist fyrir um, hvort fyrir lægju upplýsingar um á hvern hátt skifta ætti hinum væntanlegu amerísku vöru m.

Sigurður B. Sigurðsson, form. Innkaupasambands vefnaðarvöruinnflytjenda, hvað skiftingu slíkra vara fara eftir lista frá Viðskiftaráði. Hann kvatti og til þess að XXXXX eitthvað yrði gert nú, er Fjárhagsráð tekur til starfa.

Gunnar Hall endurtók fyrri áskorun sína.

Formaður skýrði frá viðræðum sínum við form. Fél. ísl. stórkaupmanna, og tilmælum um, að stórkaupmenn tilnefndu menn til viðræðna um skiftingu vefnaðarvöruquotanna. Félag stórkaupmanna hafði ekki sinnt þeim tilmælum.

Fundarstjóri dró að lokum saman ályktanir af ræðum manna,

2. Útlán:

Formaður skýrði frá því, að á síðasta fundi félagsins hefði verið samþykt tillaga þess efnis, að vefnaðarvörukaupmenn skyldu hætta öllum XXXXX útlánum, en viðaukatillaga sem einnig hefði verið samþykt, hefði kveðið svo á, að tillagan skyldi XXXXXXXXX þó hljóta samþykt á öðrum fundi, til þess að öðlast gildi.

Jón Björnsson taldi tilgangslaust að gera samþyktir, sem ekki væri hægt að framfylgja. Það hlyti að vera á valdi hverrar verslunar að ákveða hvaða viðskiftamönnum hún treysti.

Fundarstjóri taldi eðlilegast að taka málið út af dagskrá,

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þar sem upprunalega tillagan lægi ekki fyrir til samþyktar.

Gunnar Hall skýrði viðhorf sitt til tillögu síðasta fundar, en það væri, að ef hrófla ætti við því fyrirkomulagi sem nú ríkir, væri best að hætta útlánum með öllu.

Bar fundarstjóri síðan upp munnlega tillögu um að taka málið út af dagskrá. Var það samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

3."Kvóta"-nefndin skilar áliti:

Formaður "Kvóta"-nefndarinnar, Árni Árnason, gaf skýrslu um störf nefndarinnar og lýsti erfiðleikum er nefndin átti við að etja um öflun gagna hjá viðskiftaráði. Lagði hann síðan fram tillögur nefndarinnar, svohljóðandi:

Á almennum fundi vefnaðarvöru kaupmanna 8 desember 1946 kom fram almenn óánægja fundarmanna á framkvæmd innflutnings og gjaldeyrismálanna, sérstaklega með tilliti til þess, að eins og framkvæmd þessara mála er nú háttað, eru allir "kvótar" að færast úr höndum smásala yfir til stórkaupmanna.Fundarmenn voru sammála um óvéfengjanlegan rétt smásala umfram stórkaupmenn,að öll innflutnings og gjaldeyrisleyfi ættu að vera í þeirra höndum, og sérstaklega með tilliti til þess, að smásalar verða að teljast hinir raunverulegu umboðsmenn neytenda, skilja því best aþrfir þeirra, og hafa þarafleiðandi besta aðstöðu til að annast um innkaup vara á hentugastan hátt hverju sinni,enda bera þeir alla áhættu af sölumöguleikum innfluttra vara hvort þær eru innfluttar af þeim sjálfum eða stórkaupmönnum.Var því ákveðið að beita sér fyrir endurskoðun þessara mála og krefjast, að innflutnings og gjaldeyrisleyfi yrðu framvegis veitt smásölum en ekki stórkaupmönnum. Var kosin 5 manna nefnd til að athuga þessi mál, og ennfremur til að gera tillögur um uppbygginguu hins nýja "kvóta" kerfis,Vegna þess mikla umróta stjórnmálanna hér á landi allt frá byrjun ársins og fram að þessu, hefur enginn ábyrgur aðili verið til, sem hefur getað tekið neina afstöðu eða ákvörðun um innflutningsmálin.Viðskiptaráð hefur að nafninu til verið starfandi, en umboð þess sem æðstaaðila innflutningsmálanna lauk 30 nóvember f.á.,og hefur það síðan starfað með framlengingu fram að þessu, en án yfirstjórnar innflutningsmálanna.Nefndinnni hefur því aðeins verið mögulegt að reyna að fylgjast með gangi málanna á hverjum tíma, og bíða þess að fjárhagsráð yrði skipað, því í framtíðinni heyra þessi mál undir það.Nú hefur fjárhagsráð loks verið skipað fyrir nokkrum dögum, og verður því tafarlaust að ganga í það að hrinda þessu máli í framkvæmd. Viðvíkjandi hinu atriðinu um að gera tillögu um uppbygginguu nýs "kvóta" kerfis, þá munu nefndarmenn gera tillögu um, að það verði gert á eftirfarandi hátt:

Að tekið sé tillit til:

1. Gamla kvótans ( 1938- 1942)
2. Aldur fyrirtækja.
3. Umsetningu á síðastliðnum 4 árum (1943 - 1946).

Um þessi atriði er þetta að segja.

1. Fyrirtæki þau sem voru starfandi fyrir þann tíma eiga rétt á vissri vernd gagnvart nýrri fyrirtækjum.Fyrirtæki verða aldrei bygð upp eins og vera ber, ef ekki er fyrir hendi viss vaxandi verndun eftir því sem fyrirtækin eldast.Kvótinn 1938 - 1942 verður því að teljast eðlilegasti grundvöllur að miða við í þessu sambandi, enda skoðar ríkisvaldið hann nú sanngjarnastan rétt fyrirtækjanna til innflutnings.

2. Þetta atriði er hugsað sem möguleiki til þróunar.Aldur verslana mun skapa þeim rétt til kvóta aðildar. Við árlega eða tveggja ára endurskoðun kerfisins mun þetta verka til aukins kvóta smærri verslana er frá líður.

3. Tekið sé tillit til umsetningar verslana á síðastliðnum 4 árum (1943- 1946).Þetta atriði þarfnast ekki frekari skýringa.

Hjörtur Jónsson lagði til að tillagan um að innflutningsquotinn yrði fenginn í hendur smásölunum, yrði rædd og samþykt sér.

Ólafur Sigurðsson Spurðist fyrir um hvort nefndin hefði hugsað sér hlutföllin milli hinna einstöku liða, er ráða skyldu skiftingu quotans. Hann lagði og til, að félagsmönnum yrðu sendar tillögurnar með ýtarlegri greinargerð, og þeim gefinn kostur á að leggja eitthvað til málanna. og lagði í því sambandi fram svohljóðandi tillögu:

" Fundurinn samþykkir að senda félagsmönnum tillögurnar<br>" og leggja þær síðan fyrir annan fund til endanlegrar<br>" samþyktar.

Árni Árnason taldi að ef tillögurnar yrðu ekki afgreiddar nú, gætu þær komið of seint fram. Vildi samþykkja tillögurnar strax og vísa þeim þar með til stjórnarinnar.

Gunnar Hall tók í sama streng.

Ólafur Sigurðsson benti á að tillagan þyrfti ekki að tefja málið lengur en eina viku. Ef slík töf væri afdrifarík fyrir málið, væri ófyrirgefanlegt, að nefndin hefði ekki skilað störfum fyrr.

Hjörtur Jónsson skýrði viðhorf sín til tillagnanna og ástæðurnar fyrir því, hve fáorða þær væru. Vildi hann ekki leggja ýtarlegar tillögur, sem e.t.v. yrðu misnotaðar, fyrir fjárhagsráð, en kvatti fundarmenn til að koma með viðbótartillögur.

Tillaga Ólafs Sigurðssonar var feld yfirgnæfandi meirihl.

Tillögur nefndarinnar voru síðan samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

4. Ø n n u r m á l:

A. Form. tilkynti, að Snorranefndin mæltist til þess,að kaupmenn þeir, sem flaggstengur hefðu á húsum sínum, flögguðu á laugardag, strax og hin norsku skip legðust að bryggju. Ennfremur að þeir

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem því gætu við komið, skreyttu glugga sína í tilefni hátíðarinnar.

B. Verslunarráð óskaði eftir tilnefningu frá félaginu í nefnd til viðræðna við Verslunarmannafélag Reykjavíkur um frídag verslunarmanna. Arndís Björnsdóttir var kjörin með dynjandi lófaklappi.

C. Tilnefning á einum manni í blaðnefnd Verslunarráðsins: Gunnar Hall var kosinn með lófaklappi. Gunnar gerði síðan grein fyrir störfum nefndar þessarar.

D. Gunnar Hall gerði síðan fyrirspurn til formanns um hvað verðlagsmálunum liði.
Formaður skýrði frá því, að ríkisstjórnin hefði lofað Verslunarráði Íslands því, að taka málið til athugunar, strax og Fjárhagsráð hefði tekið til starfa.

Fleiri mál lágu ekki fyrir fundinum og var honum því slitið kl. 16,45.
Alls sóttu fundinn 25 manns.

Árni Árnason

Miðvikudaginn 27. ágúst 1947, kl. 15, var haldinn ALMENNUR FUNDUR í V.R.-húsinu í Vonarstræti.

Árni Árnason, formaður, setti fundinn og stakk upp á Þorsteini Þorsteinssyni sem fundarstjóra.

Formaður lýsti umsókn Ásgeirs G. Gunnlaugssonar og Versl. Oculus um upptöku í félagið. Var hvorttveggja samþykkt.

Fyrir fundinum lá að ræða um útlán og horfur í verslunarmálum, einkum fyrirhugaða skömmtun á vefnaðarvörum. Formaður skýrði frá því að Sig. B. Sigurðsson, varaformaður félagsins, er í sumar var skipaður formaður Viðskiptanefndar, ætti svo annríkt að hann gæti ekki mætt á fundinum og gefið skýrslu. — Um nýjar leyfisveitingar væri víst yfirleitt ekki að ræða fyrst um sinn, nema ef til vill frá Tékklandi. Ekki væri enn þá tekin ákvörðun um þær vörur, er lægju á hafnarbakkanum, og kallaðar eru en á árinu væri nú búið að tollafgreiða vefnaðarvörur fyrir 28 milljónir króna, þar af 15 milljónir skv. framlengdum leyfum frá 1946.—

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Formaður sagði að fjárhagsráð hefði enn ekki svarað bréfi félagsins um kvóta-skiftinguna. Viðskiptanefnd hefði óskað eftir tillögum um fyrirkomulag skömmtunnar á vefnaðarvörunum og las formaður tillögur þær, er stjórn félagsins, ásamt fulltrúum heildsala og iðnaðar, gerðu. (Sjá stjórnarfund 4. ágúst.)

Urðu nú nokkrar umræður um málin.

Sigurður Jónsson spurði, hvert þær vörur mundu hafa farið er tollafgreiddar hefðu verið og þætti 28 millj. nokkuð mikið, en engar leyfisveitingar hefðu farið fram.—

Har. Árnason sagði að Dr. Oddur Guðjónsson hefði ekki getað gefið viðunanlega skýringu á þessu en í þessari upphæð væri bæði segldúkur og hessian. Verslunarráðið hefði beðið um sundurliðun leyfisveitinganna en ekki fengið.—

Um skömmtunina tóku ýmsir til máls. Gunnar Hall taldi mikla hættu á að kaupfélögin gætu auðveldlega sölsað til sín skömmtunarmiðunum, en gegn þeim ættu verslanir síðan að fá vörur sínar hjá innflytjendunum. Frú Guðrún Jónasson tók í sama streng og varaði mjög við þeirri hættu, að kaupmenn á þennan hátt töpuðu verslun yfir til kaupfélaganna.

Formaðurinn sagði þetta mál mikið rætt í Verslunarráðinu og því yrði fylgt vel eftir, að ekki hallaðist á kaupmenn heldur að sanngirni réði.

Gunnar Hall gerði nokkra grein fyrir gangi málsins um útlán og afnám þeirra.

Var samþykkt með öllum gr. atkvæðum svofelld tillaga: „Vegna ástands þess, sem nú ríkir í verðlags- og innflutningsmálunum, sjá meðlimir Félags vefnaðarvörukaupmanna sér ekki fært að halda áfram lánsviðskiptum. Framvegis verða því vörur aðeins seldar gegn staðgreiðslu í sölubúðum vorum." Skal þetta tilkynnt viðskiptavinunum vorum í blöðunum og útvarpi.—

Fundi slitið.

Árni Árnason

Páll Helgason

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mánudaginn 6. október 1947, kl. 15, var haldinn ALMENNUR FUNDUR í V.R.-húsinu í Vonarstræti. Á fundinum mættu 55 félagsmenn.

Árni Árnason formaður setti fundinn og stakk upp á Þorsteini Þorsteinssyni sem fundarstjóra.

Formaður lýsti inntöku tveggja nýrra félagsmanna, Bláu búðarinnar og Verzl. Tízkan, er voru samþykktar.

Á dagskrá voru þessi mál:

1. Skömmtunin og viðhorfið í verzlunarmálunum og
2. Önnur mál.

Formaður tók til máls og lýsti tildrögum að skömmtun vefnaðarvöru en hún hefði verið fyrirhuguð snemma í sumar. Nefnd vefnaðarvörukaupmanna hefði verið beðin um álit varðandi fyrirkomulag skömmtunarinnar og lagði sú nefnd m. a. það til, að tilbúinn fatnaður yrði frjáls til áramóta, ennfremur prjónavörur (meðtalinn heimilisiðnaður) og vörur úr gervisilki frá Ítalíu. — Þótt tillögur þessarar nefndar hefðu ekki allar verið teknar til greina væri einhverra úrbóta að vænta. —

Um nýjar leyfisveitingar sagði formaður að formaður Viðskiptanefndar hefði sagt, að öðru hvoru yrðu veitt leyfi frá Frakklandi, Tékkóslóvakíu og Ítalíu, en ennþá væri alveg óráðið hvaða vörur.

Gunnar Hall spurði, hvað gert yrði til þess að tryggja það, að vörur fengjust eftir áramótin. Taldi hann átökin um verzlunarmálin pólitísk og Framsóknarflokkinn nú beita sér af alefli fyrir því að ná verzluninni til kaupfélaganna, með aðstoð skömmtunarinnar. Þá lýsti Gunnar innflutningi Hvaðfystihúsanna og kom víðar við.

Fleiri tóku til máls, svo sem Ragnar Þórðarson, Guðmann Jónasson, Mekkinó Björnsson, Hjörtur Jónsson, Sigurður Jónsson og svo formaður oft. —

Var mikil óánægja með sum atriði skömmtunarfyrirkomulagsins en viðurkennt var að skömmtun væri þó nauðsynleg. —

Mekkinó Björnsson og Jón B. Helgason báru fram þessa tillögu:

„Fundurinn skorar á stjórn félagsins að hlutast eindregið til um það að innkaupaseðlar verði

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ekki sameiginlegir fyrir vefnaðar-
vörur og búsáhöld." Var tillagan
samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
Ragnar Þórðarson bar fram þessa tillögu:

„Fundur í Félagi vefnaðar-
vörukaupmanna í Rvík lýsir
yfir samþykki sínu við tillögu
stjórnar félagsins til Viðskipta-
nefndar, um að umsetning
vefnaðarvöruverzlana á árunum
1942–1946 verði lögð til grundvallar
um upphæð bráðabirgða – inn-
kaupaleyfa verzlana fyrir vefnaðar-
vörum". Samþykkt með öllum
greiddum atkvæðum. –

Um atkvæðagreiðslu tillögu Hjartar
Jónssonar um að afhenda vörur þær,
sem heildsalar nýlega fengu frá Samb.
vefnaðarvöruinnflytjenda einungis til
þeirra kaupmanna er utan sambands-
ins standa, varð nokkur óvissa og
úrskurðaði fundarstjóri að síðari
atkvæðagreiðsla um tillöguna skyldi
gild. Var tillagan því felld með 10 at-
kvæðum gegn 8. –

Ásta Þorsteinsdóttir o.fl. báru fram
svofellda tillögu:

„Fundur í Félagi vefnaðarvöru-
kaupmanna haldinn í Verzlunar-
mannaheimilinu mánudaginn
6. október 1947, skorar á skömmtunar-
yfirvöldin að breyta skömmtunar-
kerfinu þannig, að íslensk vinna
sé óskömmtuð, þ.e. að aðeins
séu látnir skömmtunarseðlar
fyrir þeim hluta vefnaðarvörunnar,
sem er erlend vara". „Fyrirkomulag
þetta væri þó ekki æskilegt fyrr en 1948
ef hið háttvirta viðskiftanefnd sér
sér kleift að gefa allan ytri fatnað
frjálsan til nýárs." – Samþykkt með
öllum greiddum atkvæðum.

Hjörtur Jónsson óskaði bókað, að hann
harmaði það, að einstökum málskrafs-
mönnum héldist uppi að trufla gang
mála og ættilega, fundarstjórn. –

Ragnar Þórðarson óskaði eftir því
að tillögur þær, er fundurinn samþykkti,
yrðu birtar í blöðunum. –

Fundi slitið.

Þór Helgason

[signature]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þriðjudaginn 11. nóvember 1947, kl. 15, var haldinn AÐALFUNDUR í Tjarnarcafé í Vonarstræti. Á fundinum mættu 33 félagsmenn en 1 fór með atkvæði tveggja: alls 34 atkvæði.

Formaður, Árni Árnason, setti fundinn og stakk upp á Jóni B. Helgasyni sem fundarstjóra, er var samþykkt.

Árni Árnason formaður gaf skýrslu um síðastliðið starfsár. Talaði um kvótaskiftinguna, verðlagsmál, útlán og skömmtunina. Um það mál sagði Árni að ekki væri vonlaust um að fleiri vörur yrðu undanþegnar skömmtun, ef vel yrði á málunum haldið.—

Gjaldkeri, Halldór R. Gunnarsson, las upp reikninga félagsins. Á árinu var tap, kr. 1344.65 en eignir félagsins þó kr. 3.543.67. Reikningarnir voru samþykktir í einu hljóði.

Þá fór fram kjör.

Formaður var endurkjörinn Árni Árnason með 28 atkvæðum

Gunnar Hall fékk 2 –
Jón Helgason – 1 –
auðir seðlar 3

Meðstjórnendur til 2ja ára: Halldór R. Gunnarsson með 21 –
og Gunnar Hall – 16 –

G. Hall og Marta Einarsdóttir fengu 16 atkvæði hvort. Var þá kosið á milli þeirra að nýju og hlaut G. Hall 23 atkvæði en M. E. 8. Hafði fundurinn áður samþykkt að það, sem færri atkvæði hlyti í hinu seinna kjöri skyldi vera meðstjórnandi til eins árs = Marta Einarsdóttir, 16 atkv. – í stað Sig. B. Sigurðssonar, er sama dag hafði sagt af sér vegna anna.–

Haraldur Árnason fékk 10 atkv.
aðrir 1 og 2, hver.–

Í varastjórn: Magnús Þorgeirsson, hlaut 19 atkv.
Haraldur Árnason – 18 –
Ásta Þorst.d. – 7 –
Þorst. Þorst. – 5 –
aðrir 2 og 3 atkv. hver.

Endurskoðendur voru ~~endur~~kjörnir: Ásta Þorsteinsdóttir og Þorsteinn Þorsteinsson m. lófataki.

Í Fulltrúanefnd Verslunarráðsins: Ragnar Þórðarson, 19 atkv.
Arndís Björnsdóttir, 18 –
varamenn í sama: Gunnar Hall 7 –
Jón Helgason 6 –
Guðrún Jónasson fékk 5 –
Ólafur Sigurðsson fékk 4 –
aðrir færri

Í Félagasamband smásöluverzlana: formaður sjálfkjörinn
annar aðalmaður: Ólafur Sigurðsson, 7 atkv.
varamenn í sama Guðrún Jónasson 5 –
Jón Helgason 5 –
aðrir fengu 1-2-3 atkv.

Kvótaskiftingin: Formaður skýrði frá störfum nefndar varðandi þetta mál og lagði til að uppkast að samkomulagi, sem lagt var fram á fundinum fjölritað, yrði samþykkt óbreytt.—

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gunnar Hall gaf frekari skýringar á málinu og lagði að mönnum að samþykkja uppkastið. Svo gerði og Haraldur Árnason en Ragnar Þórðarson fann nokkuð að einstökum atriðum uppkastsins og mælti gegn samþykkt þess óbreyttu. Ólafur Sigurðsson taldi gleðilegt að kaupsýslumenn gerðu með sér samkomulag en formaður hafði lýst því, að illa hefði horft um, það um tíma á fundum félagsstjórnar og heildsala. — Útaf fyrirspurn Ólafs Sigurðssonar um hlutföll kvótaskiftingar smásala innbyrðis (gamli kvótinn — aldur fyrirtækja — umsetn.) lýsti formaður því yfir, að almennur félagsfundur skyldi samankallaður síðar til umræðna um það atriði. —

Þorsteinn Þorsteinsson bar fram svofellda tillögu: „Fundurinn samþykkir að gefa stjórn félagsins umboð til þess að gera og undirrita bindandi samninga um skiftingu vefnaðarvöruinnflutnings milli heildsala og smásala, er byggður sé á framlögðum tillögum um þetta efni."

Tillagan var samþykkt með öllum gr. atkv. gegn 2. —

Stjórnin lagði fram tillögu til breytingar á lögum félagsins:

1. grein hljóði svo:

„Nafn félagsins er „Félag vefnaðarvörukaupmanna" og heimilisfang þess er Reykjavík."

5. grein hljóði svo:

„Aðalfundur ákveður árstillag félagsmanna hverju sinni fyrir næsta starfsár."

Var hver grein um sig samþykkt í einu hljóði.

Þá lagði stjórnin til að árstillag fyrir næsta starfsár yrði kr. 100.00 fyrir hvern félagsmann. — Samþykkt í einu hljóði. —

Ragnar Þórðarson kom með lagabreytinga tillögu. Tók hana samt aftur, er fundurinn samþykkti að fresta aðalfundinum þar til í byrjun desember n.k.

Umsókn „Ragnars Þórðarsonar & Co" um upptöku í félagið var samþykkt. (Til skýringar: R.Þ. hefur fram til þessa verið félagsmaður vegna verzl. Gullfoss eingöngu.)

Þá las formaður upp bréf félagsins til Viðskiptanefndar, dagsett 10. nóv., út af auglýsingu nefndarinnar um vörukaup frá Frakklandi og Ítalíu. —

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Formaður las bréf Félagasambands smásöluverzlana til félagsins, dagsett 4. nóv. ásamt meðfylgjandi samningsuppkasti um einskonar refsiaðgerðir gagnvart þeim kaupmönnum er brjóta samkomulag um niðurfellingu lánsviðskipta.

Gunnar Hall gaf skýringu á máli þessu. Frú Guðrún Jónasson var þessum samningi andvíg, en að lokum var hann samþykktur með samhljóða atkvæðum.

Fundinum var slitið kl. tæpl. 19 og aðalfundinum frestað. –

Jón Helgason

[illegible]

# LÖG

Félags vefnaðarvörukaupmanna í Reykjavík.

(9. jan. 1932 og 20. nóv. 1942).
og 11. nóv. 1947.

1. gr.

Nafn félagsins er "Félag vefnaðarvörukaupmanna" og heimilisfang þess er Reykjavík.

2. gr.

Stefna félagsins er, að efla samvinnu meðal vefnaðarvörukaupmanna og stuðla að því að verslun í landinu sé rekin á heilbrigðum grundvelli.

3. gr.

Starfssvið félagsins verður fyrst um sinn meðal annars að koma á fundarsamþykktum um eftirfarandi atriði: Verðlag, Lokun sölubúða, Auglýsingar, Afslátt, Útsölur, Lánveitingar, og að gæta hagsmuna stéttarinnar yfirleitt. Fundarsamþykktir eru því aðeins lögmætar, að þær fái 3/4 hluta greiddra atkvæða.

4. gr.

Félagar geta allir orðið, sem hafa verzlunarleyfi og opna sölubúð og verzla með vefnaðarvörur.

Til þess að geta orðið félagi, þarf þó 3/4 greiddra atkvæða. Stjórn félagsins getur einnig gert mann að félaga utan fundar ef 4/5 stjórnarinnar eru honum meðmæltir. Ef félagi hættir að verzla með vefnaðarvörur í 1 ár er hann sjálfkrafa úr félaginu.

Félagi getur sagt sig úr félaginu með 3 mánaða uppsagnarfresti fyrir aðalfund. Þó getur félagi sagt sig úr félaginu fyrirvaralaust eftir að hafa talað við stjórnina, ef gerðar hafa verið samþykktir, sem hann ekki sér sér fært að halda. Verði einhver félagsmaður uppvís um að brjóta lög félagsins eða að vinna á móti hagsmunum félagsmanna, er hann réttrækur úr félaginu, þó þarf til þess samþykki 3/4 fundarmanna. Öllum félagsmönnum er skylt að gefa stjórninni þær upplýsingar, sem hún kann að óska um einstaka viðskiftamenn, þegar um verndun sameiginlegra hagsmuna er að ræða.

5. gr.

Aðalfundur ákveður árstillag félagsmanna hverju sinni fyrir næsta starfsár.

6. gr.

Stjórn skipa 5 menn, formaður og fjórir meðstjórnendur. Tveir menn skulu kosnir í varastjórn.

Formaður og varastjórnendur skulu kosnir til eins árs í senn, en meðstjórnendur til tveggja ára, þó þannig, að tveir af þeim víki úr stjórn eftir hlutkesti á næsta aðalfundi. Formaður skal kosinn sérstaklega. Stjórnin getur skipað félagsmenn í nefndir sér til aðstoðar.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7. gr.

Aðalfundur skal haldinn í nóvembermánuði ár hvert. Skal boða til hans í ábyrgðarbréfi með 1 viku fyrirvara. Aðalfundur er lögmætur, ef löglega er til hans boðað. Breytingar á lögum félagsins má því aðeins gera, að þess hafi verið getið í fundarboðinu.

Á aðalfundi skal skýrt frá starfi og hag félagsins, kosin stjórn og 2 endurskoðendur. Lagabreytingar má aðeins gera á aðalfundi og þurfa að öðlast 3/4 hluti greiddra atkvæða viðstaddra félagsmanna.

8. gr.

Ef félagið verður leyst upp skal sjóður þess, ef nokkur er, renna til Styrktar- og sjúkrasjóðs verzlunarmanna. Til þess að leysa félagið upp þarf samþykki aðalfundar og 3/4 atkvæða viðstaddra fundarmanna.

Fimtudaginn 3. des. 1947 kl. 3.15 síðdegis, var almennur fundur settur í Félagi Vefnaðarvörukaupmanna í Reykjavík, að Tjarnarcafé.
Formaður setti fundinn og tilnefndi Þorstein Þorsteinsson sem fundarstjóra, en Ólaf Sigurðsson sem fundarritara í fjarveru ritara.
Áður en gengið var til dagskrár, bar formaður undir samþ. fundarins upptökubeiðnir firmanna Kjólaverzl. Fix og G. Á. Björnsson & Co. er bárar voru samþ. samhljóða.
Dagskrá:
1. Skifting kvótanna milli smásala innbyrðis.
2. Önnur mál.

1. Á fundinum hafði verið útbýtt fjölritaðri tillögu frá stjórn félagsins, varðandi kvótaskiftinguna.
__form. Árni Árnason__ fylgdi tillögunni úr hlaði. Kvað hann nokkra gagnrýni hafa komið fram á hina gömlu kvótaskiftingu, einkum af hendi hinna yngri verzlana. Mál þetta hefði oft verið rætt á fundum félagsins, en stjórnin hefði samt tekið það á dagskrá nú, þar sem hlutverk hennar væri að gæta ávallt réttlætis í málum stéttarinnar. Skýrði síðan einstaka liði tillögunnar.
__Mekkinó Björnsson__, taldi óheppilegt að umsetning yrði notaður sem kvótagrundvöllur, þar sem margar verzlanir hefðu saumastofur eða einkasölur á innl. framleiðslu og gætu

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þannig margfaldað kvóta sinn á erlendu vörunni með vinnulaunum.
Sveinn Þorkelsson, taldi sig mundu verða afskiftan, ef kvótinn yrði miðaður við 5 ár, þar sem hann hefði aðeins verzlað með vefnaðarvörur í eitt ár.
Ólafur Sigurðsson lýsti tildrögum að því, að hann og Björn Ófeigsson voru boðaðir á fund stjórnarinnar, tillögum þeim er þeir hefðu borið upp við stjórnina fyrir hönd margra yngri verzlana. Og lýsti sig að lokum fylgjandi tillögu stjórnarinnar í þeirri von að allir félagsmenn gætu staðið einhuga að þeim.
Mekkinó Björnsson taldi óheppilegt að senda frá okkur sem ekki gætu staðið breytingalausar um nokkur ár.
Haraldur Árnason lýsti yfir að sér væri nákvæmlega sama hvað samþykt yrði á þessum fundinum á þessum stað, því ekkert tillit myndi verða tekið til slíkra samþykta, enda hefði ekkert verið farið eftir eldri reglum.
Gunnar Hall svaraði Haraldi og taldi það okkar eigin sök, að ekki hefði verið farið eftir kvótaskiftingunni. Hann taldi að með framlögðum tillögum væri reynt að byggja upp kvóta eftir föstu kerfi og meiningin væri að fylgja því eftir.
Sigurður Jónsson lagði áherslu á, að fundinum yrði gefinn grundvöllur til að byggja kvótann á, síðan mætti smálaga hann.
Ragnar Þórðarson benti á, að framl. tillögur stjórnarinnar væru ekkert flausturverk, eins og sumir fundarmenn vildu halda.

Unnið hefði verið að því í heilt ár. Rakti hann síðan tillögurnar og lýsti fylgi sínu við þær.
Mekkinó Björnsson lagði fram skriflega breytingatillögu við 1 gr. tillagnanna svohljóðandi:

Fundur haldinn í Félagi vefnaðarvörukaupmanna 3/12 '47, samþykkir að 1. lið kvótatillögunnar verði breytt þannig að miðað verði við innkaup á útlendri vöru, við kvótaútreikning en ekki við umsetningu eins og aðaltillagan gerir ráð fyrir.

Ragnar Þórðarson kvað tillögu Mekkinós margfelda í félaginu.
Mekkinó Björnsson andmælti því, taldi sína tillögu töplega hafa verið athugaða almennilega á þessum fundi hvað þá fyrr.
Breytingartillaga Mekkinós var því næst borin undir atkvæði og var feld með atkvæðum alls þorra fundarmanna gegn 5.
1. gr. tillagnanna var síðan samþykt óbreytt með atkvæðum alls þorra fundarmanna gegn 2.
2 gr. var samþykt samhljóða.
Er bera skyldi upp 3 gr. tillagnanna kvaddi Haraldur Árnason sér hljóðs og mótmælti því, að kvótinn lægi frammi hjá stjórn félagsins, þar sem menn ættu aðgang að upplýsingum um önnur firmu.
Formaður benti á að stjórnin myndi sjá svo um að skrá um kvótaskiftinguna sem hjá henni lægi, myndi ekki misnotaður.
Haraldur Árnason vildi láta listann liggja aðeins hjá Verzlunarráði Íslands –

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gunnar Hall. taldi kvótann ekkert leyndarmál, taldi hinsvegar nauðsynlegt að hafa hann til þess að tryggja rétta framkvæmd hans.
Hjörtur Jónsson taldi nóg að listinn lægi í Verzlunarráðinu
Sigurður Jónsson taldi að kvótinn ætti ekki að vera neitt leyndarmál, þó hinsvegar væri ekki rétt að dreyfa slíku plaggi milli manna.
3 gr. tillagnanna var síðan borin undir atkvæði og samþykkt með atkvæðum alls þorra fundarmanna gegn 1.

2. Önnur mál:
Enginn kvaddi sér hljóðs og var dagskrá því lokið.

Fundi slitið kl. 4.30.

Vara fundarritari. [signature]
fundarritari

Miðvikudaginn 28. janúar 1948, kl. 15, var haldinn FRAMHALDS-AÐALFUNDUR í Tjarnarcafé í Vonarstræti. Á fundinum mætti 31 félagsmaður.—
Formaður stakk upp á Hirti Jónssyni sem fundarstjóra. Það var samþykkt.—
Áður en gengið var til dagskrár las formaður upp inntökubeiðni Jóns Bjarnasonar, kaupfélagsins. Kom fram fyrirspurn, hvort sú verslun gæti talist vefnaðarvöruverzlun og var upplýst að hún verslaði með vefnaðarvörur jafnframt öðrum vörum. En almennt skoðað þótti sumum línurnar á milli sérgreina verslana ef til vill eigi nógu skýrt dregnar. Umsókn kaupfélagsins var samþykkt með 15 atkv. gegn 1.—
Formaður tók til máls og lýsti því, hvers vegna aðalfundinum var frestað hinn 11. nóv. 1947 þar til nú.— Ragnar Þórðarson, formaður laganefndar hefði ætlað að leggja fram víðtækar breytingartillögur á lögum félagsins en fallist á að fresta þeim þar til á aðalfundi 1948. Enda væri Ragnar nú erlendis.—
Fundarstjóri lýsti þá störfum aðalfundar

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

lokið — en formaður gaf skýrslu um viðhorfið í verslunarmálunum. — Stjórn félagsins hefði mætt á fundi hjá formanni Viðskiptanefndar, Sig. B. Sigurðssyni og fengið þær fréttir, að ennþá hefði engin ákvörðun verið tekin um innflutning vefnaðarvöru og vafasamt hvort nokkurra leyfa væri að vænta fyrr en jafnvel í maí. — Tillögur gengju á víxl á milli Viðskiptanefndar og Fjárhagsráðs. Eini vefnaðarvöruinnflutningur, sem veittur hefði verið væri á vinnufataefni frá Tékkóslóvakíu, og sennilega farið allur til Vinnufatagerðar Íslands. — Innflutningur vefnaðarvöru yrði mjög skorinn niður og sennilega miðaður við magn skömmtunarseðla. — Af skömmtunarseðlum hefði líklega verið gefið út um 16 milljónir króna fyrstu þrjá mánuði ársins, er mundi samsvara um 5 milljóna kr. innflutningsverðmæti eða 20 milljónir allt árið með sömu tölum. Formaður sagði að formaður Viðskiptanefndar væri okkur vissulega hliðhollur en jafnvel Fjárhagsráð væri ekki einráð um úthlutun innflutningsverðmætis heldur kæmi pólitík þar mjög við sögu. — Formaður sagði, að

enn væri engin skifting ákveðin á milli kaupmanna og heildsala, iðnfyrirtækja og SÍS en mundi fljótlega verða ákveðin. Á þessu síðasta ári (1947) hefðu verið veitt ný leyfi og framlengd fyrir vefnaðarvöru sem hér segir:

| | |
|---|---|
| kaupmenn, heildsalar og SÍS | 27.5 millj. |
| iðnfyrirtæki | 5.0 — |
| opinberar stofnanir | 0.638 — |
| eða um | 33.2 millj. |

aðallega frá Tékkóslóvakíu og Hollandi.

Gunnar Hall skýrði og frá för stjórnar félagsins á fund formanns Viðskiptanefndar. Þá talaði hann um fund kaupsýslumanna, er Verslunarráðið boðaði til eftir næstu mánaðamót í Sjálfstæðishúsinu. Sagði hann að þar yrðu einkum rædd: 1. Innflutningsmál, 2. Verðlagsmál, 3. Skömmtun og 4. Skattamál og 5. afurðasala. Hvatti hann félagsmenn til þess að mæta þar allir sem einn, — nú væri að duga eða drepast.

Þorsteinn Þorsteinsson þakkaði formanni og G. Hall skýringar á málum og eggjaði menn á að mæta á væntanlegum allsherjarfundi. —

Björn Ófeigsson gerði fyrirspurn um kvóta-skiftinguna en formaður svaraði. Ennfremur gat formaður um slæmt fyrirkomulag á

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skömmtuninni. Hefði stjórn félagsins farið fram á lagfæringar. Fengist sumt tekið til greina og annað ekki.

Haraldur Árnason talaði um væntanlegan allsherjarfund og um verslunarviðhorfið á víð og dreif.

Um kl. 16½ var kaffihlé en síðan hófst fundur að nýju kl. 17.—

Gunnar Hall skýrði frá störfum launakjaranefndar. Nefnd Verslunarmannafélags Reykjavíkur sagði samningum upp í haust en frestað var 2svar eða 3svar að taka málin upp vegna þess að ríkisstjórnin hugðist taka fyrir öll launamál. Nú færi nefnd verslunarmanna fram á hækkað kaup og aukin fríðindi. Sagðist Gunnar nú þurfa lausn frá störfum í þessari nefnd. Hefði setið í henni síðustu 2 ár.— Lagði til að auk aðalmanns yrði einn kjörinn til vara.

Raddir komu fram um það, að kauphækkunarkröfur nú, er algjörlega væri lokið fyrir innflutning og álagning lækkuð að ¼ eða jafnvel ⅓, væru harla ósvífnar.

Í kauplagsnefnd var Hjörtur Jónsson kosinn sem aðalmaður, en Gunnar Hall til vara, með samhljóða atkvæðum.

Þá var samþykkt svofelld tillaga með öllum greiddum atkvæðum:

„Fundur haldinn í Félagi vefnaðarvörukaupmanna miðvikudaginn 28. janúar 1948 samþykkir að fela stjórn félagsins og fulltrúum félagsins í launakjaranefnd að taka upp samninga um launakjör við Verslunarmannafélag Reykjavíkur og ganga frá væntanlegum launasamningum, enda verði ekki samþykktar verulegar breytingar á núgildandi samningum."

Gunnar Hall hóf umræður um verðlagsmál og lýsti gangi þeirra síðastliðið ár.— Er hin mikla lækkun álagningar var framkvæmd vorið 1947 lofaði ríkisstjórnin endurskoðun ákvæðanna til hækkunar innan tíðar en sveik það. Og nú, var enn fyrirskipuð lækkun um síðustu áramót.—

Sigurður Jónsson óskaði þess að stjórn félagsins reyndi að fá nýbyggðaráð til að auka benzínskammt þeirra verslana sem notast við sendiferðabifreiðir til smávöruflutninga, eins og til sumra vefnaðarvöruverslanir eða af eigendur slíkra bifreiða eiga langt á vinnustað, — eins og nýbyggðaráð hefur verið skammtur sendibíla.— Formaður sagði, að skömmtunaryfirvöldum yrði skrifað.—

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundarstörfum var lokið um kl. 17½
og fundi þá slitið.

Páll Helgason

Árni Árnason

№ 54038/24

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur